

2014

# Þjóðarspegillinn

## Ráðstefna í félagsvísindum XV

### Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2014

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-18-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## Efnisyfirlit

(Stjörnumerkum ágrípum fylgir ritstýrð grein í Skemmunni)

### *Málstofan: MARK: Vinnan, fjölskyldan og hamingjan í alþjóðlegum samanburði*

Verkaskipting kynjanna í kreppu og í endurreisn.....	16
Hamingjan og húsverkin .....	17
Kyn, kynhneigð og barnauppeldi - Ísland í alþjóðlegum samanburði .....	18
Samspil fjölskyldu og atvinnulífs – Ísland í alþjóðlegum samanburði .....	19

### *Málstofan: Málstofan: Ofbeldi í samfélaginu*

Að stíga skrefið: Reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi.....	20
Ofbeldi gegn fötluðum konum: Birtingarmyndir og stuðningur við brotaþola	21
„Það er svo óþolandí að maður þurfí að sætta sig við það að maður þurfí í raun að gera ráð fyrir að þetta geti gerst!“* .....	22
Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þar sem gerandinn er kona:	
Aflciðingar á líf og líðan karlkyns þolenda.....	23
Framför eða afturför - lög nr. 37/2013 um breytingu á kynferðisbrotakla almennra hegningarárlaga .....	24

### *Málstofan: Jafnréttismál: Staða kvenna*

Kynbundinn launamunur háskólamenntaðra ári eftir útskrift .....	25
Er leiðtogastíll íslenskra kvenpresta til fyrirmynðar?.....	26
Lögreglukonur og bjargir þeirra .....	27
Einhleypar konur í hópi Vesturfara: Gleymdur hópur með „kapítal“? .....	28
Eðli, hefðir og frjálst val.....	29

***Málstofan: Heimur ungmenna: Jafnrétti, kynjagleraugun og sjálfid***

„Bromance“: Birtingarmyndir vináttu, kærleika og umhyggju hjá ungum íslenskum karlmönum .....	30
Hárleysi og móturn kyngervis* .....	31
„Maður sér bara að þau fá kynjagleraugun og það breytist allt sem þau gera“: Upplifun framhaldsskólakennara af kynjafræðikennslu* .....	32
Er þetta að koma? Um viðhorf unglings til jafnréttis 1992-2014 .....	33
Birtingarmyndir sjálfssins á Facebook .....	34

***Málstofan: Fordómar og fjölmennning***

Að skapa hinsegin rými í íslenskum framhaldsskólum .....	35
What do we believe about them? The dialogue among Icelanders regarding immigrants and multicultural society .....	36
Bótasvik, fermingastelpur á túr, litningagalli og Sambó: Samtvinnuð orðræða..	37
Reynsla fatlaðra feðra – Karlmannska, fötlun og föðurhlutverkið .....	38
Moskumálið 2013: Ótti og andúð gegn byggingu mosku*.....	39

***Málstofan: Sköpun sjálfsvera í gegnum landamæri og stofnanir í málefnum útlendinga***

Mótun landamæra og mæra: Upplifanir og ólík staða innflytjenda* .....	40
Svartur í Sumarhúsum.....	41
Sköpun sjálfsvera í gegnum landamæri og stofnanir .....	42
Afstaða Íslands til apartheid í Suður-Afríku: Heima og að heiman .....	43
„Óupplýst blaður“: Kynþáttahyggja á Íslandi í samtímanum .....	44

***Málstofan: Innflytjendur í íslensku samfélög***

Púsluspíl án mynsturs? Fjölbreytt samspil við aðlögun ungs fólks af erlendum uppruna*	45
‘Strjúktu af þér útlendinginn eins og hrossamóð’ Umfjöllun um útlendinga í hundrað ár.....	46
Social dumping, social rights and segmented labor market – The case of foreign labor migrants in Iceland.....	47
Samskipti og samningsstaða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði .....	48
Representing diverse viewpoints in research findings.....	49

***Málstofan: Margbreytileiki, fötlun og samfélög***

Valdefling heyrnarlausra*	50
Lífsgæði 8 – 17 ára getumikilla barna með einhverfu: Mat barna og foreldra þeirra .....	51
„Hann er ekki nóg lélegur til að fá stuðninginn sem hann þarf“: Viðhorf foreldra til stuðnings og þjónustu innan grunnskólans.....	52
Samanburður á mati barna og foreldra á heilsu, líðan og lífsgæðum barnanna..	53

***Málstofan: Velferð I: Þjónusta í nærumhverfinu***

Að veita félagsþjónustu í kjölfar vár.....	54
Viðhorf eldri borgara á sunnanverðum Vestfjörðum til heimajónustu og félags- og heilbrigðisþjónustu.....	55
Viðhorf félagsráðgjafa og sjúkraþjálfara til gagnreynstra vinnubragða .....	56

***Málstofan: Velferð II: Þjónusta og aðstoð***

Reynsla notenda af þjónustu á geðdeild .....	57
--	----

Býr fólk í næturathvörfum? Gistinætur í Gistiskýlinu og Konukoti. Þjónusta veitt utangarðsfólkí.....	58
„Að sættast við lífið og tilveruna“ .....	59

***Málstofan: Börn og ungmenni: Fötlun og velferð***

Þjónusta við ung fötluð börn á Íslandi frá sjónarhóli foreldra.....	60
Lærum af reynslunni: Mat foreldra fatlaðra barna á þjónustu Fjölskyldudeildar Akureyrarbaðar .....	61
Þátttaka barna og ungmenna í ákvarðanatökuferli innan velferðarkerfisins .....	62
Þolendur og gerendur í eineltismálum .....	63

***Málstofan: Börn og barnavernd***

Fjölskyldan sem stuðningur í barnaverndarmáli .....	64
Fjölskyldulíf, forsýrsvi tingar og fötlun .....	65
Children's rights in poverty and policy .....	66
Úrræði barnaverndarnefnda: Áskoranir í samstarfi fagfólks .....	67

***Málstofan: Börn og foreldrar***

Uppeldisaðferðir foreldra.....	68
Birtingarmynd móðurinnar í tengslamyndunarorðraeðu .....	69
Hvaða feður taka fæðingarorlof? .....	70
Implications of changes in the law on paternal and maternal leave in Iceland during the period 2001-2011 .....	71

***Málstofan: Afbrotastræði***

Afbrot ungmenna á höfuðborgarsvæðinu 2006-2013 .....	72
Siðfár í íslensku samfélagi? Koma e-töflunnar til Íslands* .....	73

Gengur afstaða Íslendinga í berhögg við ríkjandi refsipólítík?*	74
Efnahagsþrengingar og afbrotatþróun: Greining á þolendakönnunum og afbrotatölfræði lögreglu	75

***Málstofan: Blaða- og fréttamennska***

Freedom of the press – two concepts*	76
Siðferðilegur sveigjanleiki íslenskra blaða- og fréttamanna*	77
Brostnir eldveggir - brotið lýðræði?	78

***Málstofan: Söfn og menning***

Fræðsla og hræðsla í safnaheimi: Fagleg óvissa í göfugu starfi	79
Þögn í salnum	80
Ó(?)sýnilegt álfatyppi: Kynjapolítskt sjónarhorn á fjarverandi hluti	81

***Málstofan: Byrjentalæsi: Starfsþróun, ritun og námskrá***

Þáttur skólastjóra í innleiðingu Byrjentalæsis: Samanburður á tilvikum	82
Hlutverk leiðtogans í innleiðingu Byrjentalæsis: Samanburður á tilvikum	83
Lítt farnar leiðir til að bæta læsi barna og ungmenna	84
Fyrstu skrif á ævibraut	85

***Málstofan: Grunnskólaárin***

Eru frímínútur geymsla fyrir nemendur eða mikilvægur þáttur í skólastarfi grunnskóla?	86
Fjölskyldulestur og lestraruppeldi	87
Vörður á leið til læsing – ferilbók	88
Heimavinna – á „sjálfvali“ þrátt fyrir að vera tímans tákn?	89

**Málstofan: Framhaldsskólaárin**

Samband innritunar í framhaldsskóla við félagslegan uppruna nýnema .....	90
Áhrif félagsauðs á brothvarf framhaldsskólanema .....	91
Seigla og sjálfstrú: Námserfiðleikar og velgengni í námi.....	92
Dansa límirnir eftir höfðinu? Samspil stefnumörkunar um upplýsingalæsi í lögum um framhaldsskóla og stefnumótunarritum stjórnvalda og framkvæmd hennar í framhaldsskólum*.....	93
Þetta hefur hjálpað mér að skilja heiminn: Sjálfsmynd háskólanema og móton hennar í námi.....	94

**Málstofan: Menntavísindi: Kennrarar og nemendur**

„PISA undrið“ og móton menntastefnu á sviði náttúruvísinda* .....	95
Lengi býr að fyrstu gerð - Norræn rannsókn á stuðningi við kennara í upphafi starfsferils .....	96
Áhrif vöruvæðingar menntunar á kennarastarfið.....	97

**Málstofan: Menntaumhverfi, samráð og skipulag**

Var þetta sýndarsamráð? - Orðræða tengd sameiningum leikskóla í Reykjavík .	98
Nýtt málumhverfi og hvað svo?.....	99
Í fótspor foreldra .....	100
Samráð að hætti Dana* .....	101

**Málstofan: Hagnýting náms á háskólastigi**

Félagsuppeldisfræði? .....	102
Gildi og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði.....	103
Hvað ræður för við starfsval og þróun þroskaþjálfanáms á Íslandi og í öðrum háskólum Evrópu?*	104

Samanburður á stöðu, áskorunum og framtíðarsýn þroskaþjálfa í fjórum löndum Evrópu.....	105
---	-----

***Málstofan: Börn og ungmenni: Heilsa og líðan***

Sjúkdómsvæðing ADHD .....	106
Tengsl líkamsþyngdarstuðuls unglings og stuðnings foreldra .....	107
Íþróttir ungs fólks: Þróun íþróttáttöku og gildi íþróttastarfs fyrir íslensk ungmenni.....	108
„Petta er bara hefð og menn hafa ekki slasast“. Um hjátrú og vígslur í íþróttum .....	109

***Málstofan: Tónlist***

Samfélagsleg áhrif Bræðslunnar á Borgarfirði eystra.....	110
Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir á söng .....	111

***Málstofan: Þjóðhættir líkamans***

Myndarleg þjóð: Líkaminn í ljósmyndum við upphaf 20. aldar .....	112
Þjóðleg hegðun, líkamleg þjóðareinkenni .....	113
Líkamsstaða karla.....	114
Líkamar í lauginni .....	115

***Málstofan: Menning í sögulegu samhengi***

Gunnar og Göngu-Hrólfur, Brynhildur og Brana: Um sögutengdar figúrur í íslenskum þjóðkvæðum* .....	116
Hún var mjög hláturgjörn: Kven- og karlhetjur í ævintýrinu Hans og Gréta*.117	
Greining á deilum um ættarnöfn á Íslandi á 20. öld .....	118
The Vampire Returns to Britain: Considering the Images of Vampires, Werewolves and Ghosts in BBC's Being Human*.....	119

**Málstofan: Loftlagsbreytingar og sjálfbærni**

Indifference and International Climate Change Negotiations: What really defines coalitions? .....	120
Heimasmíðaðar leiðir fjögurra norrænna samfélaga til að auka aðlögunarhæfni sína og minnka kolefnisútblástur í heimi loftlagsbreytinga.....	121
Umhverfisleg sjálfbærni Íslands: Helstu þættir og aðkoma stjórnvalda.....	122

**Málstofan: Mótunarafl ferðamennsku**

Ferðamennska á nýrri öld - Manntíminn og ferðamál .....	123
Fésbók logar af norðurljósum: Framsetning norðurljósa í markaðsfærslu ferðaþjónustufyrirtækja á Fésbók*.....	124
Gateway to Elsewhere: Aeromobilities and Representations of Iceland in the Postcolonial Arctic .....	125
Ethically managing wildlife tourism in Iceland .....	126

**Málstofan: Uppbygging og skipulag náttúru í ferðaþjónustu**

Glacier tourism in Iceland: What makes a glacier a tourist destination? .....	127
Is Governance-Network a valuable management approach for the Vatnajökull National Park? .....	128
Hestaferðaþjónusta, skilgreiningar og hugtök .....	129
Matur og staður.....	130

**Málstofan: Samspil ferðamanna og áfangastaða**

Þróun og staða ferðaþjónustu á Húsavík: Niðurstöður ferðavenjukönnunar sumarið 2013* .....	131
A closer look at some inbound tourism statistics in Iceland .....	132
Sampling methods in Icelandic tourist destinations .....	133
Polmörk ferðamanna: Eru ferðamenn ónæmir fyrir vaxandi ferðamennsku?*	134

**Málstofan: Landsbyggðin, búferlaflutningar og torfbærinn**

Fyrstu áhrif Héðinsfjarðarganga á samfélög Fjallabyggðar og Mið-Norðurlands .....	135
Sameiningar sveitarfélaga og búferlaflutningar á Íslandi.....	136
Landsbyggðin og móðurlífin: Rýnt í orðræðu um vanda og lausnir á kynjahalla .....	137
Práin eftir torfbænum .....	138

**Málstofan: Fræðigreinar og gagnagrunnar**

Aðgangur að útgefinni íslenskri þekkingu* .....	139
Landfræðileg kortlagning á íslenskum sögnum* .....	140
Hver er höfundurinn (í fræðilegum birtingum) – Venjur, reglur og lög .....	141

**Málstofan: Heilsa, lífsgæði og hagkerfið**

Félagslegur ójöfnuður til heilsu fyrir og eftir kreppu .....	142
A Short-Term Increase in Labor Supply and Coronary Heart Disease .....	143
Hagsveiflur og hjartaheilsa á Íslandi.....	144
Heilsutengd lífsgæði einstaklinga á Norður- og Austurlandi sem glíma við langvinna verki .....	145

**Málstofan: Heilbrigði, síðferði, sársauki**

Sársauki í fæðingu: Ég hlýt að geta þetta eða hvað? .....	146
Hent á bálköstinn: Læknar og „óhefðbundnar lækningar“ .....	147
Taugaefling heilbrigðra einstaklinga: Samtal hagsmunaaðila og almennings* ..	148
Heilsulæsi - Hindranir í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl* .....	149

***Málstofan: Þróun samfélagsgerða: Trúarbrögð, Rómafólk og rökhugsun***

The North Pole Mission in Iceland 1857 – 1858*	150
Frá Vladimir til Pútíns - Kirkjuleg táknafræði í myndmáli rússneska ríkisvaldsins	
.....	151
Roma on the move - Preliminary sketch of a research about Romani transnational and urban movements .....	152
Samfélagsgerð, boðskipti og hnignun rökhugsunar í vestrænum samfélögum	153

***Málstofan: Lög og almenningur***

Afhending gagna og upplýsingar úr stjórnsýlunni umfram skyldu*	154
Aðgangur almennings að gögnum samkeppniðsmáls*	155
Oft er gígur granna á milli – Um 55. gr. laga um fjöleignarhús.....	156
Decision theory in the context of law .....	157

***Málstofan: Mannauðsstjórnun***

Breytt hlutverk starfsmanna- og mannauðsstjóra á Íslandi .....	158
Millistjórnendur og starfsmannamálin*	159
Orkustjórnun: Nýjar áherslur í mannauðsmálum?*	160
Seta í samninganefnd - Hver er þekkingin og reynslan? .....	161

***Málstofan: Þekking á vinnustað og starfslok***

Glatað fé eða fundið? Rannsókn á því hvað hvetur miðaldra og eldra fólk í starfi*	162
Hvað verður um þekkingu starfsmanna sem láta af störfum vegna aldurs við starfslok þeirra?*	163
Að leggja árar í bát - Starfslokaferli sjómanna*	164
Samfélagsmiðlar opinberra stofnana: Varðveisla efni, stefna og reglur*	165

***Málstofan: Starfsumhverfið - Vinnustaðurinn og starfsánægja***

Starfsánægja og hollusta á vinnustað í kjölfar efnahagshrunsins 2008.....	166
Gerir húmor gagn? Tengsl húmors, starfsánægju og tegundar fyrirtækis*.....	167
Net- og skjámenning á vinnustöðum: Persónuleg netmiðlanotkun á vinnutíma .....	168
Averting burnout in academia; parenting as lightning rod*.....	169

***Málstofan: Markaðsfræði***

Organizational Identity and Image Dynamics - The Case of Strategic Brand Management at the Bottom of the Pyramid .....	170
A conceptual discussion of branding in the nonprofit sector .....	171
Sterk, jákvæð og einstök tengsl við vörumerki .....	172
Lykt sem markaðstól: Viðhorf markaðsfólks og stefnumiðuð notkun*.....	173

***Málstofan: Nýsköpun***

Deilihagkerfið: Fjárvæðing örfrumkvöðlanna* .....	174
Pekkingarstjórnun hjá íslenskum hugbúnaðarhúsum* .....	175
Future Studies and the value of Foresight in Product Development*.....	176
Aspiration Levels and R&D Search in Young Technology-Based Firms .....	177

***Málstofan: Reikningsskil***

Munurinn á flæði peninga í bönkum og öðrum fyrirtækjum* .....	178
„Fair value“ og „Value in use“ hugtökin í reikningsskilum .....	179
Íslensk löggjöf um ársreikninga - Þróun, staða og horfur .....	180
Milliverðlagning .....	181

**Málstofan: Fjármál**

Dagatalsáhrif á íslenskum hlutabréfamarkaði .....	182
Selja í maí og hverfa svo?* .....	183
Áhættufærni meðal Íslendinga .....	184

**Málstofan: Stjórnun**

Klasaframtök og vottun klasastarfs* .....	185
Samfélagsábyrgð íslenskra skaðatryggingafélaga .....	186
Umhverfisleg vandmál: Hlutverk vátryggingafélaga við úrlausn þeirra .....	187
Scrum aðferðafræðin* .....	188

**Málstofan: Alþjóðaviðskipti**

Chinese Investment and Icelandic National Security* .....	189
Beinar erlendar fjárfestingar á Íslandi. Samanburður á stöðu áhrifamarkaða innan OECD og Íslands* .....	190
Alþjóðamarkaðssetning íslenskra laxveiðiáa; innsýn í reynsluheim veiðileyfasala .....	191

**Málstofan: Alþjóðastjórnmál**

The Logic of Deterrence of Cyber Warfare: Towards Solving the Attribution Puzzle.....	192
Iceland's External Affairs from the Reformation to the end of the Napoleonic era .....	193
„Stórríki sko, ekki smáríki“: Ímynd, framlag og vægi Íslands í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi .....	194
Eigin herrar eða hverra manna? Orðræðugreining á innsetningarræðum kvenkyns þjóðarleiðtoga í Suður-Ameríku .....	195

**Málstofan: Hagfræði**

Hrunið og hlutdeild launa í þáttatekjunum lands og þjóðar*	196
Stöðu- og flæðistærða samhæft (SFS) þjóðhagslíkan fyrir Ísland	197
Eiga eða leigja*	198
Hvenær fór miðlæg staðsetning að skipta máli í Reykjavík?	199

**Málstofan: Lýðræðisleg ábyrgð og íslenskt samfélag**

Fjölmíðlar og lýðræðisleg ábyrgð: Efnisval dagblaðanna á lýðveldistímanum..	200
Ábyrgð, aðhald og aðferðir í íslensku lýðræði 1995-2012 .....	201
Siðferðileg ábyrgð í kjölfar bankahruns .....	202
Hvernig má greina ábyrgð á efnahagshruninu? .....	203
Icesave og þjóðarábyrgð .....	204

**Málstofan: Í kjölfar efnahagshruns**

Að segja neil.....	205
Hrun háskólanna, hrun hagfræðinnar, hrun kenninganna .....	206
Alistair Darling and the Icelandic Bank Collapse* .....	207

**Málstofan: Sveitarstjórnarkosningarnar 2014**

Hratt minnkandi kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum: Próun bundin við stærri sveitarfélögini og suðvesturhornið? .....	208
Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum: „Eðlileg“ próun eða vantraust á stjórnmálum? .....	209
Pólitisk boðmiðlun í héraði og á landsvísu* .....	210
Sveitarstjórnakosningarnar 2014 .....	211

***Málstofan: Íslensk stjórnmál: Íhaldið og kosningar***

Á íhaldsjaðrinum í íslenskum stjórnmálum.....	212
Income-based Voting and Polarization over Redistribution under Alternative Electoral Systems.....	213

***Málstofan: Lýðræði og virkni***

Forsetinn og íslenska þingræðisskipulagið .....	214
Citizen Assemblies in response to crisis of democratic representation: The Case of Iceland .....	215
Væntingar til lýðræðis: Skýringar og afleiðingar .....	216
Pólitískt traust – hvað þýðir það? .....	217

***Málstofan: Markmið Sameinuðu þjóðanna í Namíbiu og Senegal***

Historical legacies: water in post-apartheid Namibia .....	218
Þúsaldaþmarkmið Sameinuðu þjóðanna eftir árið 2015 í Senegal og á alþjóðavísu .....	219

Höfundalisti.....	220
-------------------	-----

## Verkaskipting kynjanna í kreppu og í endurreisn

Það eru ýmsar ástæður til að ætla að verkaskipting kynjanna verði fyrir áhrifum af efnahagssveiflum og hafa fyrrí rannsóknir sýnt að á íslenskum heimilum varð verkaskiptingin jafnari eftir hrún. Spurningin sem vaknar er hvort þau áhrif hafi verið skammtímaáhrif eða hvort um hafi verið að ræða breytingu til langstíma. Í þessu erindi verður fjallað um verkaskiptingu íslenskra heimila árið 2013 í samanburði við hvernig hún var 2010. Rannsóknin byggir á nýjum gögnum International Social Survey Programme (ISSP) sem árlega kannar viðhorf almennings í 49 ríkjum heims til mismunandi viðfangsefna. Íslenska könnunin frá 2010 er endurtekning á könnun ISSP frá 2002, þar sem einblínt var á kynhlutverk. ISSP lagði aðra könnun byggða á þeirri fyrri árið 2012 og Ísland tók þátt í því verkefni, árið 2013 svo íslensku gögnin eru að fullu sambærileg þeim alþjóðlegu. Erindinu lýkur því með því að íslensku niðurstöðurnar verða settar í alþjóðlegt samhengi.

Þóra Kristín Þórssdóttir

## Hamingjan og húsverkin

Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því mesta sem þekkist í heiminum og Ísland hefur í nokkur ár verið í fyrsta sæti í mati Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) á jafnrétti kynja. Mat ráðsins byggir meðal annars á þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Niðurstöður rannsókna á samanburði á lífs-hamingju vinnandi kvenna og kvenna sem sinna heimilisstörfum í aðalstarfi eru misvísandi. Þær rannsóknir sem sýnt hafa fram á minni hamingju heimavinnandi kvenna skýra þann mun með því að heimilisstörf séu leiðinleg, að litið sé niður á heimavinnandi konur og að þær séu oft félagslega einangraðar. Rannsóknir sem sýna minni lífshamingju vinnandi kvenna skýra það hins vegar með mikilli streitu og andlegri togstreitu sem fylgi því að vera á vinnumarkaði en bera jafnfram hitann og þungann af heimilisstörfum og barnauppeldi. Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður nýrrar könnunar International Social Survey Programme (ISSP) um fjölskyldulíf og breytt hlutverk kynjanna. Skoðað verður hvort samband sé á milli atvinnuþátttöku, hlutverkaskiptingar á heimilum og hamingju og niðurstöður settar í alþjóðlegt samhengi.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

## Kyn, kynhneigð og barnauppeldi - Ísland í alþjóðlegum samanburði

Fjölskyldugerðir í nútímasamfélögum verða sífellt margbreytilegri en samfélagið lítur þær þó afar mismunandi augum (Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson, 2003). Lög um staðfesta samvist frá 1996 voru leyst af hólmi 2010 af nýjum hjúskaparlögum sem fela í sér jafnan rétt allra, óháð kyni og kynhneigð. Á Íslandi fékk samkynhneigt fólk rétt til stjúpættleiðinga árið 1996 og frumættleiðinga árið 2006. Sá réttur er þó meiri í orði en á bordi þar sem mikil fyrirstaða er í reynd gegn ættleiðingum samkynhneigðra. Einhleypar konur hérlendis fengu aðgang að tæknifrjóvgun seinna en samkynhneigðar konur í samböndum sem bendir til að tveir foreldrar – jafnvel af sama kyni - þyki betri en einstætt foreldri (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011). Þá horfa tæknifrjóvganir af augljósum ástæðum mismunandi við samkynhneigðum körlum og konum. Í erindinu verða viðhorf til fjölskyldugerða skoðaðar, þ.e. viðhorf til barnauppeldis, eftir því hvort í hlut á einhleypt fólk eða fólk af sama kyni í sambandi, konur eða karlar. Rannsóknin byggir á nýjum gögnum International Social Survey Programme (ISSP) sem árlega kannar viðhorf almennings í 49 ríkjum heims til mismunandi viðfangsefna. Í erindinu verður sérstöku ljósi varpað á Ísland og viðhorf til barnauppeldis eftir fjölskyldugerðum en helstu niðurstöður um Ísland jafnframt settar í alþjóðlegt samhengi.

Þorgerður Einarsdóttir

## Samspil fjölskyldu og atvinnulífs – Ísland í alþjóðlegum samanburði

Í 24. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 segir: „Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu“. Vinnuhópur Velferðarráðuneytisins minnti nýverið ríki, sveitarfélög og aðra atvinnurekendur á þennan lögbundna rétt starfsfólks (Velferðarráðuneytið, 2013). Það er mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að bædi erlendar og íslenskar rannsóknir sýna að samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs getur, þrátt fyrir margs konar velferðarárræði, verið flókið þegar báðir foreldrar eru í fullu starfi. Í því samhengi hefur komið fram að konur virðast síður en karlar hafa vald yfir eigin tíma, þær upplifa því að jafnaði meiri tímaskort, vinnustreitu og vinnuálag en karlkyns kollegar þeirra. Í erindinu verður stuðst við gögn frá International Social Survey Programme (ISSP), um samspil fjölskyldu og atvinnulífs á Íslandi. Niðurstöðurnar verða greindar með hliðsjón af kyni, menntun, starfsstétt og fjölskyldugerð. Að auki verða gögnin sett í alþjóðlegt samhengi, en þau byggja á viðhorfum almennings í 49 ríkjum heims til mismunandi viðfangsefna. Samanburðurinn er ekki síst áhugaverður í ljósi þess að frá árinu 2009 hefur Ísland skorað hæst þjóða á alþjóðlega kynjabilskvarðanum (The Gender Gap Index). Gögnin eru rétt að berast í hús og því ógreind ennþá. Fyrstu niðurstöður verða kynntar á Þjóðarspegli.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

## **Að stíga skrefið: Reynsla kvenna af því að slíta ofbeldissambandi**

Rannsókn þessi var lokaverkefni Valgerðar S. Kristjánsdóttur til M.A. gráðu í félagsfræði. Hún fjallar um reynslu kvenna af því að slíta ofbeldissambandi við karla. Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð og tekin tíu viðtöl við jafn margar konur. Tilgangur rannsóknarinnar er að gera okkur ferari um að skilja og takast á við þarfir kvenna sem ákveða að slíta ofbeldissambandi sem og þarfir fjölskyldu og aðstandenda þeirra. Upplifun kvenna í ofbeldissamböndum við það að segja skilið við ofbeldismann var skoðuð og notkun þeirra á þeim úrræðum sem í boði eru. Þarfir þessara kvenna voru síðan metnar í samræmi við upplifun þeirra. Niðurstöður benda til þess að það valdi konum mikilli streitu að slíta ofbeldissambandi. Sambandsslitunum getur fylgt hraðsla við karlinn, áhyggjur af fjármálum og húsnæði auk fordóma frá samfélagini. Allar áttu konurnar við heilsufarsleg vandamál að stríða, líkamleg og andleg, bæði á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk. Helmingur kvennanna var ekki á vinnumarkaði sökum veikinda. Auk þessa töldu konurnar að þau úrræði sem komið geta konum í þessari aðstöðu til hjálpar væru ekki nægilega góð og að breytinga væri þar þörf.

Valgerður S. Kristjánsdóttir

Ingólfur V. Gíslason

## Ofbeldi gegn fötluðum konum: Birtingarmyndir og stuðningur við brotaþola

Fatlaðar konur eru mun líklegri til að verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni en aðrar konur. Jafnframt virðist ofbeldið tengjast jaðarsettri stöðu fatlaðra kvenna og aðstæðum sem þeim eru skapaðar. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa varpað ljósi á eðli og ólíkar birtingarmyndir ofbeldis gegn fötluðum konum og sýna jafnframt að fatlaðar konur fá sjaldan stuðning til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. Í erindinu er fjallað um niðurstöður rannsóknar sem ætlað var að afla betri þekkingar á ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningi fyrir brotaþola. Rannsóknin er hluti af stærra Evrópuverkefni og er unnin í samstarfi við rannsóknarhópa í Austurríki, Englandi og Þýskalandi. Rannsóknin byggir á eigindlegum aðferðum. Tekin voru einstaklingsviðtöl við ellefu fatlaðar íslenskar konur auk fjögurra rýnihópaviðtala við fatlaðar konur þar sem umræðuefnin var ofbeldi og aðgengi fatlaðra brotaþola að stuðningi. Niðurstöður benda til þess að hefðbundnar skilgreiningar á ofbeldi endurspeglí ekki reynslu fatlaðra kvenna og algengustu birtingarmyndir ofbeldis í lífi þeirra. Þátttakendur í rannsókninni kölluðu eindregið eftir auknum stuðningi sem er frá grunni byggður upp fyrir fatlaðar konur þar sem þær geta komið saman og rætt um ofbeldi, fordóma og mismunun sem þær mæta í daglegu lífi.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir  
Rannveig Traustadóttir

**„Það er svo óþolandí að maður þurfi að sætta sig við það að maður þurfi í raun að gera ráð fyrir að þetta geti gerst!“\***

Nauðgunarmenning hefur verið skilgreind sem menning sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi gegn konum og samþykkir það ofbeldi og ótta kvenna við ofbeldið sem norm (Buchwald o.fl., 2005). Ótti kvenna við nauðganir er veigamikill þáttur í nauðgunarmenningu. Í erindinu verður fjallað um þennan ótta og hvað konur gera til þess að koma í veg fyrir að þeim verði nauðgað og því lýst hvernig ótti nauðgunarmenningar getur stjórnað lífi þeirra. Erindið byggir á eigindlegrí rannsókn á nauðgunarmenningu. Tekin voru rýnihópaviðtöl við stúdenta úr fjórum háskólum á höfuðborgarsvæðinu og viðtöl við brotaþola nauðgunar og séfræðing sem starfar náið með brotaþolum, en viðmælendur voru alls 23 talsins. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nauðgunarmenning sé rótgróið fyrirbæri í íslensku samfélagi. Konur skynja ótta við nauðganir og að það hefur mikil áhrif á þeirra daglega líf. Ótti kvenna er raunhæfur og um leið hamlandi. Ótti við nauðgun er kynbundið fyrirbæri sem karlar virðast ekki upplifa með sama hætti og konur. Óttinn við að vera nauðgað er einn af þeim þáttum sem viðheldur ójafnrétti kynja og heldur konum undirskipuðum í samfélögnum.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir  
Gyða Margrét Pétursdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þar sem gerandinn er kona: Afleiðingar á líf og líðan karlkyns þolenda

Á Íslandi má áætla út frá fyrri rannsóknum að um 17% barna hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur og að 7% gerenda kynferðisofbeldis gegn börnum á Íslandi séu konur. Vísindalegt gildi þessarar rannsóknar er fyrst og fremst að stuðla að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum og varpa ljósi á afleiðingar kynferðisofbeldis kvenna gagnvart ungum drengjum. Viðtöl voru tekin við fimm karlmenn á aldrinum 30 til 65 ára sem höfðu verið misnotaðir kynferðislega af konum í æsku. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að enginn af viðmælendum sagði frá kynferðisofbeldinu fyrir 18 ára aldur. Flestir þeirra þögðu langt fram á fullorðinsárin með tilheyrandi skömm og sektarkennd. Allir viðmælendurnir greindu frá mikilli vanlíðan á fullorðinsaldri, til að mynda þunglyndi, kvíða, félagsfælni, sjálfskaðandi hegðun, lélegri sjálfsmynd, að þeir attu erfitt með að setja öðrum mörk og attu í erfiðleikum með kynlíf og nái sambönd.

Hilmar Jón Stefánsson  
Freydís Jóna Freysteinsdóttir

## Framför eða afturför - lög nr. 37/2013 um breytingu á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga

Með lögum nr. 37/2013 voru gerðar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í athugasemnum með frumvarpi til laganna kemur fram að breytingunum sé m.a. ætlað að jafna þann mun sem sé á refsihámarki kynferðisbrota gegn börnum eftir því hvort um sé að ræða brot innan eða utan fjölskyldusambands eða annars trúnaðarsambands en í frumvarpinu var gengið út frá því að refsihámark vegna brota gegn börnum í fjölskyldu og trúnaðarsambandi við geranda skv. 200. og 201. gr. alm hgl. væru lægri en vegna brota gegn börnum almennt skv. 202. gr. sömu laga. Í erindinu/greininni verður fjallað um rannsókn höfundar á þessum breytingum og réttmæti þeirra forsendna sem koma fram í athugasemnum með frumvarpinu. Höfundur gerir grein fyrir þróun ákvæða um kynferðisbrot gegn börnum og hvernig réttarvernd barna í fjölskyldusambandi eða trúnaðarsambandi við geranda var háttáð bæði í löggjöf og framkvæmd fyrir og eftir breytinguna. Meginniðurstaða höfundar er að umræddar lagabreytingar byggist á röngum forsendum. Refsihámark vegna brota gegn börnum í fjölskyldusambandi eða öðru trúnaðarsambandi við geranda hafi ekki verið lægra skv. ákvæðum almennra hegningarlaga fyrir lagabreytinguna þar sem um brotasamsteypu var að ræða í slíkum málum. Enn fremur er fjallað um mögulegar ástæður þess að rangar forsendur liggi til grundvallar lagasetningu og hvernig tryggja megi að slíkt gerist ekki.

Brynhildur G. Flóvenz

## Kynbundinn launamunur háskólamenntaðra ári eftir útskrift

Rúmri hálfsí old eftir að Alþingi samþykkti lög um launajöfnuð kvenna og karla, er óleiðréttur kynbundinn launamunur á Íslandi 18,1% samkvæmt tölum Hagstofu Íslands fyrir árið 2012. Rannsóknir á kynbundnum launamun hafa sýnt að kynjaskipting vinnumarkaðarins er ein af helstu skýringum launamunar kynjanna. Hvort sá munur stafi af mismunun eða geti talist málefnalegur er umdeilt og greinir kenningar hagfræði og félagsfræði á um það. Hagfræðikenningar gera jafnan ráð fyrir að kynjaskiptingin ráðist af frjálsu vali einstaklinganna en félagsfræðilegar kenningar gera ráð fyrir að það val geti verið samfélagslega skilyrt og ráðist oft af kynbundnum viðmiðum sem hugsanlega eru afleidng mismununar á fyrri stigum. Í þessari rannsókn er sjónum beint að kynbundnum launamun við upphaf starfsferils. Niðurstöður byggja á svörum frá 670 körlum og 1741 konum sem tóku þátt í gæðakönnun Háskóla Íslands árin 2011-2013, en þau höfðu útskrifast um það bil ári áður en könnunin fór fram. Niðurstöður sýndu að konur í fullu starfi höfðu að jafnaði 16,2% lægri laun en karlar. Leiðréttur launamunur var 8% ( $b = -0,08, p < 0,001$ ) þegar tekið hafði verið tillit til vinnustunda, starfs, prófgráðu og námssviðs. Niðurstöður sýna að frjálst val einstaklinga eitt og sér skýrir ekki launamun kynjanna. Höfundar telja að mismunun nái að skýra stóran hluta þessa 8% óútskýrða launamunar.

Helgi Guðmundsson  
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir  
Andrea G. Dofradóttir

## Er leiðtogaþastíll íslenskra kvenpresta til fyrirmynðar?

Helstu breytingar á prestsstarfinu á undanförnum árum tengist þáttöku kvenpresta. Nú er svo komið að þriðjungur presta á Íslandi eru konur. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á stjórnunarháttum og leiðtogaþinknum kvenpresta. Grein þessi byggir á doktorsrannsókn um leiðtogaþinkni íslenskra presta og grósku í starfi. Markmiðið er að varpa fram mismunandi skilningi kven- og karlpresta til leiðtogaþlutverksins og bera saman við niðurstöður úr spurningalistum um grósku í söfnuðum þeirra. Unnið er samkvæmt eigindlegri rannsóknarhefð og stuðst við aðferðafræði fyrirbærafræðinnar við greiningu viðtala. Alþjóðlega mælitækið NCD um heilbrigði í söfnuðum (Náttúruleg safnaðaruppbýgging) er notað til viðmiðunar um gæðastarf. Erlend langtímarannsókn Edwards C. Lehmans (2002) bendir ekki til afgerandi kynjarnar um leiðtogaþinknum karl- og kvenpresta. Nokkrar vísbendingar eru um mismun á valdastíl, síðareglum og ákvarðanatökum. Að öðru leyti virðist ekki munur á pré dikunarstíl, samskiptastíl eða hvernig tekið er á félagslegum þáttum starfsins. Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar eru ekki samhljóma þessum niðurstöðum. Íslenskir kvenprestar skoruðu marktaekt lægra en karlprestar í leiðtogaþáttum sem tengdust pré dikun og verklags- og skipulagsmálum. Upplifun beggja kynja af þáttöku kvenna í prestsstörfum gefa til kynna jákvætt viðhorf. Þrátt fyrir það birtast vísbendingar um sterka hefð fyrir karlaveldi, sem litar afstöðu til valds og leiðtogaþöguleika íslenskra kvenpresta. Mikilvægt er að nýta þekkingu um mismunandi leiðtogaþinkni kven- og karlpresta til þess að stuðla að enn meiri gæðum innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Ásdís Emilsdóttir Petersen

## Lögreglukonur og bjargir þeirra

Erindið fjallar um rannsóknarverkefni Kristjáns Páls Kolka Leifssonar MA nema, sem framkvæmt var undir leiðbeinslu Ingólfss V. Gíslasonar, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Rannsóknarverkefnið fjallar um íslenskar lögreglukonur og hvernig þeim farnast í starfi sem ekki aðeins er og hefur í gegnum söguna verið í miklum meirihluta sinnt af körlum, heldur einnig starfi sem hefur verið álið að haldi uppi rótgróinni karlmennskumenningu. Rannsóknin fölst í tíu opnum viðtöllum við starfandi sem og fyrrum lögregluþjóna af mismunandi kyni, aldri, starfsaldri og búsetu á landinu, ásamt þátttökuathugun á vettvangi með lögregluþjónum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að vinnustaðamenning löggreglunnar sem áður hafði verið lýst af fræðunum sem „karlmennskudýrkun“, mætti betur greina í þrjá þætt út frá kynjamiðuðu sjónarhorni. Þeir þættir eru almenn lögreglumenning knúin af formgerð hlutverks lögregluþjónsins í samfélagi og starfi, menning sem stjórnast af miklu leyti af eðli starfsins og þeirra huglaðu spjörunaraðferðum sem nauðsynlega fylgir. Því fylgir síðan bæði karla- og kvennamenning þar sem bæði kynin nýta sína líkamlegu burði og kyngervi sitt til þess að takast á við aðstæður á vettvangi í samfélagi þar sem kynjaðar staðalímyndir eru enn rótgrónar.

Kristján Páll Kolka Leifsson  
Ingólfur V. Gíslason

## Einhleypar konur í hópi Vesturfara: Gleymdur hópur með „kapítal“?

Konur voru fjölmennar í hópi íslenskra Vesturfara. Þær hafa þó lítið verið rannsakaðar, og saga íslenskra Vesturfara hefur takmarkað verið skoðuð út frá kvenna- og kynjasögulegu sjónarhorni. Í þessum fyrirlestri verður sett fram sú tilgáta að ákveðinn hópur kvenna hafi „gleymst“, bæði í sögu Vesturferða og íslenskri kvenna- og kynjasögu. Þetta eru einhleypar konur sem fluttust til Vesturheims, tilheyra ekki íslenskri embættismannastétt og eru ekki heldur vinnukonur eða af „lágstétt“ eða verkalýðsstétt - eru fremur þar á milli. Því verður haldið fram að þessar konur hafi haft ákveðið „kapítal“ (Bourdieu 1979/1984; Skeggs 1997); þær hafi átt eitthvað undir sér, svo sem menntun, starfsframa eða ætt. Mikilvægi ættartengslanna birtist í því að þær eru kenndar við ákveðna staði eða bæi, í orðræðu um ættir þeirra eða í sambandi þeirra við sterkar karlpersónur. Í norrænum rannsóknum hefur gjarnan verið byggt á heimildum eins og sendibréfum, æviminningum og mannfjöldaheimildum (Ohlander 1986; Olsson 2001; Lintelman 2005, 2009). Sú rannsókn á þessum konum sem hér er kynnt byggir á heimildaflokki sem segja má að hafi verið vannýttur í kvenna- og kynjasögu fram til þessa, þ.e.a.s minningargreinar, sagnaþættir og „alþýðlegur fróðleikur“ af ýmsum toga. Í fyrirlestrinum verður þetta rætt með hliðsjón af dæmum af nokkrum konum.

Sigríður Matthíasdóttir

Þorgerður Einarsdóttir

## Eðli, hefðir og frjálst val

Kynjaímyndir eru túlkun á ríkjandi hugmyndum um félagsleg hlutverk kvenna og karla. Þær spretta ekki sjálfkrafa upp úr hlutlausum jarðvegi samfélaga heldur eru þær mótaðar, rökstuddar og haldið á lofti af samfélagsþegnum. Kynjaímyndir eru mótaðar í menningunni, í takt við efnahagslegar, trúarlegar og pólitískar forsendur samfélaga og hafa þannig áhrif á möguleika mannesku til athafna, áhrifa og valda innan þess samfélags sem hún er hluti af. Þær eru því breytilegar frá einu samfélagi til annars og frá einu tímabili til annars. Þó eru þrálát þrástef sem fylgt hafa kynjaímyndum í gegnum menningarsöguna, óháð stað og tíma. Prástefin hafa lotið nokkrum megin lögmálum; þau fela í sér skírskotun í líffræðilegan mun kynjanna, eru rökstudd með eðlishyggunni og hafa ósjaldan verið spryt við hefðina. Á síðari tímum hafa kynjaímyndir verið mótaðar og útskýrðar með hugmyndum markaðssamfélagsins um frjálst val. En í hverju felst valið? Er það óháð eðlinu og hefur það hrist af sér hefðina? Hvaða öfl liggja til grundvallar frjálsu vali og hvar liggr svigrúm til breytinga? Í erindinu er hugtakið sett í menningarsögulegt samhengi sem lýkur í Íslenskum samtíma.

Guðný Gústafsdóttir

## „Bromance“: Birtingarmyndir vináttu, kærleika og umhyggju hjá ungum íslenskum karlmönnum

Hugtakið „bromance“ eða braðraþel hefur stundum verið notað erlendis til að lýsa nánu vinfengi karlmanna. Rætur hugtaksins má rekja aftur til 10. áratugs 20. aldar en þá notaði Dave Carnie, ritstjóri hjólabrettatímartsins *Big Brother* þetta hugtak til að lýsa nánu sambandi hjólabrettastráka sem eyddu miklum tíma saman. Í erindi okkur munum við því ræða hvort merkja megi „bromance“, eða braðraþel meðal ungra íslenskra karlmanna, og hver afstaða þeirra er til kærleika, vináttu og umhyggju. Við byggjum erindi okkar á aðskildum rannsóknum sem við höfum verið að vinna að undanfarin ár. Annars vegar er um að ræða rannsókn á hinsegin karlmennsku meðal ungra sam- og tvíkynhneigðra pilta, og hins vegar á birtingarmyndum karlmennsku hjá ungum karlmönnum. Rannsóknargögn samanstanda af viðtölum við átta unga karlmenn, sem skilgreindu sig ýmist sem samkynhneigdir, tvíkynhneigdir eða gagnkynhneigdir. Gögnin voru greind út frá þemagreiningu og stuðst var við kennningar og nálgun hinsegin- og kynjafraða. Niðurstöður okkar benda til þess að birtingarmyndir karlmennsku hjá ungum karlmönnum, óháð kynhneigð, hafi tekið talsverðum breytingum og má segja að þeir séu í auknum mæli að tileinka sér það sem kalla má „umhyggjumiðuð“ karlmennska (*inclusive masculinity*).

Jón Ingvar Kjaran

Ásta Jóhannsdóttir

## Hárleysi og mótn kyngervis\*

Í byrjun 20. aldar fóru konur að fjarlægja hár undir höndum og á fótum og að undanförnu hefur það færst í vöxt að konur kjósi einnig að fjarlægja öll hár af kynfæravæðinu. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar um líkamsháráarakstur kvenna, sem gefur vísbendingu um hversu rótgróin og viðtekin sú hugmynd er að kvenleiki og líkamshár fari ekki saman. Í þessari grein er kynfærarakstur kvenna skoðaður þar sem sérstök áhersla er lögð á að varpa ljósi á hvers vegna konur kjósa í síauknum mæli að fjarlægja öll skapahárin. Greiningin byggir á eigindlegri rannsókn þar sem tekin voru átta opin viðtöl við konur á aldrinum 20-36 ára, sem allar höfðu reynslu af því að fjarlægja öll skapahár sín. Niðurstöðurnar renna stoðum undir þær fullyrðingar að nauðrakstur á skapahárum sé orðið hið hefðbundna viðmið þegar kemur að skapahárasnyrtingu ungra kvenna en helstu ástæður sem nefndar voru fyrir rakstrinum sneru að hreinlæti og aukinni ánægju í kynlífi. Allir viðmælendur tóku skýrt fram að ákvörðun þeirra um að fjarlægja öll skapahárin hefði alfarið verið tekin á þeirra eigin forsendum. Þó mátti í frásögnum þeirra allra greina vísbendingar um að utanaðkomandi þrýstingur og samfélagsleg viðmið hefðu haft áhrif á ákvarðanatöku þeirra.

Hildur Friðriksdóttir

Andrea Hjálmsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

**„Maður sér bara að þau fá kynjagleraugun og það  
breytist allt sem þau gera“: Upplifun  
framhaldsskólakennara af kynjafræðikennslu\***

Kynjafræði er tiltölulega ung fræðigrein. Á undanförnum árum hefur kynjafræði sem viðfangsefni í framhaldsskólum landsins farið ört vaxandi og er hún nú kennd við um helming allra almennra framhaldsskóla á Íslandi. Í erindinu verður farið yfir helstu áhrif sem kennslan hefur í för með sér en niðurstöðurnar byggjast á eigindlegri rannsókn á upplifun framhaldsskólakennara af kynjafræðikennslu. Rannsóknin var framkvæmd í lok ársins 2013 þar sem gagna var aflað með 11 hálfstöðluðum einstaklingsviðtöllum við starfandi framhaldsskólakennara víðsvegar að af landinu sem kenna eða hafa kennt kynjafræði. Við úrvinnslu rannsóknargagnanna var notast við grundaða kenningu. Niðurstöðurnar benda til þess að áhrif kennslunnar eru mikil og margþætt og hafa áhrif bæði á kennara og nemendur og ná jafnvel langt út fyrir skólastofuna. Mör gum kennurum reynist erfitt að sinna kennslunni og virðist hún reyna meira á kennarann en aðrar greinar. Kynjafræðikennslan hefur þó skapað nýjan vettvang innan skólastarfsins sem gefur nemendum kost á að ræða ýmis málefni sem þau hafa annars ekki tækifæri til sem tengjast jafnrétti og samfélagslegri gagnrýni. Í kjölfarið breytast viðhorf nemenda til kynjajafnréttismála sem hafa jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir skólastarfið og samfélagið í heild.

Maríanna Guðbergsdóttir  
Gyða Margrét Pétursdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Er þetta að koma? Um viðhorf unglings til jafnréttis 1992-2014

Á undanförnum misserum hefur jafnrétti kynjanna á Íslandi verið talið með því besta sem gerist í heiminum og hefur Ísland síðastliðin fimm ár setið í toppsæti lista Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) þar sem lagt er mat á jafnrétti kynjanna í löndum heimsins. Þrátt fyrir þessa sterku stöðu íslenskra kvenna í alþjóðlegu samhengi má greina merki um stöðnun eða jafnvel bakslag í jafnréttismálum í íslensku þjóðfélagi, og þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna syðna rannsóknir fram á tiltölulega stöðugan launamun kynjanna, konum í óhag, og lágt hlutfall kvenna í valdastöðum í samfélaginu. Þá hafa nýlegar rannsóknir leitt í ljós að viðhorf íslenskra unglings til jafnréttismála eru íhaldsamari en eldri kynslóða, auk þess sem unglingar aðhyllast íhaldsamari viðhorf til verkaskiptingar á heimlum en áður. Þessi munur kom í ljós þegar borin voru saman viðhorf 10. bekkinga annars vegar frá árinu 1992 og hins vegar frá árinu 2006 og gefur hann til kynna að samfélagið þurfi að taka hlutverk sitt í jafnréttisupplendi mun fastari tökum en verið hefur og að vegurinn til raunverulegs jafnréttis sé grýttari en orðræða samfélagsins gerir gjarnan ráð fyrir. Hér verða kynntar niðurstöður spurningakannana sem lagðar voru fyrir alla nemendur í 10. bekkjum landsins á 22 ára tímabili. Greint verður frá niðurstöðum samanburðar á viðhorfum unglings til jafnréttis og verkaskiptingar á þessum tímabili.

Andrea Hjálmsdóttir

## Birtingarmyndir sjálfssins á Facebook

Tæpum tú árum eftir að því var komið á laggirnar er Facebook orðin vinsælasta samskiptasíða heims og lifir nú nánast sjálfstæðu lífi þar sem nýjar samskiptavenjur hafa myndast og mótað. Nýlegar erlendar rannsóknir sýna t.a.m. að meðlimir Facebook-samfélagsins nota síðuna ekki eingöngu til beinna samskipta, hvort heldur er í gegnum einkaskilaboð eða stöðuuppfærslur og eftirfylgjandi athugasemdir, heldur ekki síður til að skapa sér sjálfsmýnd sem birtist umheiminum á grunnsíðu hvers og eins og í gegnum ýmsar stillingar og upplýsingareiti sem í boði eru. Þetta á ekki síst við um unglings og í erindinu verða kynntar fyrstu niðurstöður yfirstandandi rannsóknar á Facebook-notkun meðal akureyrskra unglings og hvernig þeir búa sér til og birta ákvæðna sjálfsmýnd í bæði máli og myndum. Einkum er stuðst við rýni á þeim upplýsingum sem unglingsarnir miðla á grunnsíðu sinni og með stöðuuppfærslum, sem og greiningu á þeirri orðræðu sem fram fer í samskiptum þeirra. Einnig voru tekin rýnihópaviðtöl þar sem unglingsarnir voru spurðir nánar út í hvaða hvatir lágu að baki Facebook-notkuninni og hver tilgangur hennar er.

Finnur Friðriksson

## Að skapa hinsegir rými í íslenskum framhaldsskólum

Rannsóknir, bæði erlendar og innlendar, hafa sýnt fram á að orðræðan innan framhaldsskólans geti verið nokkuð gagnkynhneigðarmiðuð og viðmið (norm) innan hans hverfast í kringum gagnkynhneigð. Hinsegir nemendur upplifa sig oft á jaðrinum og sýnileiki þeirra er ekki mikill. Ltið er fjallað um málefni hinsegir fólks í námsefni og veruleiki þeirra er oft á tíðum sveipaður hulu þöggunar. Ein af afleiðingunum er sú að fáir nemendur koma út úr „skápnum“ í framhaldsskóla þó svo að þetta hafi breyst mikið til batnaðar á undanförnum árum. Ein leið til að trufla hina gagnkynhneigðu orðræðu er að skapa hinsegir rými. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á því hvernig kennsla hinsegir sögu rauf orðræðu normsins og bjó til hinsegir rými í íslenskum framhaldsskóla. Markmið rannsóknarinnar var að greina og fá fram viðhorf þeirra nemenda sem tóku þátt í áfanganum, jafnt hinsegir sem og gagnkynhneigða nemendur, og þá hvort fræðslan hafi breytt viðhorfum þeirra. Tekin voru viðtöl við sam- og tvíkynhneigða pilta sem sátu áfangann. Þar að auki var lögð viðhorfskönnun fyrir 150 nemendur áfangans. Fyrstu niðurstöður benda til þess að nemendum hafi þótt námsefnið áhugavert og að sýn inn í hinsegir veruleika og sögu hafi opnað augu þeirra fyrir margbreytileikanum. Hinsegir nemendur upplifdu aftur á móti kennsluna og námsefnið sem ákveðna frelsun.

Guðjón Ragnar Jónasson  
Jón Ingvar Kjaran

## **What do we believe about them? The dialogue among Icelanders regarding immigrants and multicultural society**

How Icelanders experience, engage and reflect on the changes to their culture with the increased participation of individuals of other ethnic origins is important in framing the discourse around immigrant social and educational policy. This presentation uses critical discourse to explore socio-cultural norms, which can lead to defensive responses without in-depth critical reflection. Often fear of bias or institutionalized racism within societies hamper effective examination of integration and acculturation. Talking openly about social and cultural biases which are seen as normative is difficult, but without critical reflection the immigrants who seek to find new homes in Iceland could remain indefinitely on the social and educational periphery. By exploring current media and social dialogue around immigrants and immigrant life in Iceland the author looks at how such reflections are formed through media, ideas of the „other,“ politics and the resultant policies developed around immigrants. Iceland's size and the relative newness of immigrant populations presents a unique opportunity to change the dialogue and create a multicultural society, thus encouraging and supporting the current aims of the Icelandic educational curriculum and other policy innovations.

Brynja Halldórsdóttir

## Bótasvik, fermingastelpur á túr, litningagalli og Sambó: Samtvinnuð orðræða

Í erindinu verður fjallað um opinbera orðræðu og birtingarmyndir stéttar, kyngervis, fötlunar og kynþátta út frá femínískum kenningum um samtvinnun. Greind var umfjöllun netmiðla fyrstu fimm mánuði ársins 2014. Í erindinu verður eftirfarandi spurningum varpað fram: Á hvern hátt getur umfjöllun um bótasvik haft áhrif á viðhorf til þeirra er búa við knöpp fjárhagsleg kjör? Getur það flokkast sem kynjamisréti þegar karlar kalla hvorn annan fermingastelpur á túr í þeim tilgangi að niðurlægia? Af hverju er það hæfishroki að gera grín að litningagöllum? Og hvernig birtist staðalímyndin um svarta Sambó og kynþáttafordóma í opinberri orðræðu? Með samtvinnun er hægt að greina valdamismun samfélagsins og skoða hvernig félagslegar hugsmíðar sem verða til í orðræðunni og stofnunum samfélagsins, eins og til dæmis kyngervi, kynþátt, stétt og (ó)fötlun, tengjast og samverkandi skapa og viðhalda mismunun og forréttindum í samféluginu. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að auðveldlega megi greina fordóma í opinberri orðræðu sem eiga rætur að rekja til samfélagslegrar mismununar eins og til dæmis stéttar- og hæfishroka, kynjamisréttis og kynþáttafordóma. Orðræða á sinn þátt í að viðhalda þessari mismunun og viðhalda forréttindum ráðandi hópa.

Kristín Björnsdóttir

## Reynsla fatlaðra feðra – Karlmannska, fötlun og föðurhlutverkið

Þessi rannsókn fjallar um upplifun og reynslu fatlaðra feðra á föðurhlutverkinu. Sérstök áhersla er lögð á sjálfskilning þeirra, upplifun af meðgöngu og fæðingu, sem og þátttöku þeirra í uppeldi barna sinna. Rannsóknin er unnin út frá þremur hugtökum sem tengjast öll sjálfskilningi; karlmannska, fötlun og föðurhlutverkið og hvernig feðurnir staðsetja sig innan þessara hugtaka. Um er að ræða eiginlega viðtsrannsókn sem unnin var frá haustmánuðum 2010 til vorsins 2011. Þáttakendurnir eru sjö hreyfihamlaðir eða sjónskertir feður frá þritígu og fram yfir fimmtugt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að sjálfskilningur feðranna breyttist á milli aldurskeiða og að hann hafi í fyrsta skiptið tengst fötlun þegar þeir leiddu hugann að fjölskyldumyndun og barneignum. Virkni þeirra og þátttaka á meðgöngu, í fæðingu og uppeldi barnanna var mikil. Feðurnir eiga það allir sameiginlegt að þeir leggja mikla áherslu á að skerðing þeirra hafi eins lítil áhrif á líf barnanna og mögulegt er. Þeir rækta faðir/barn sambandið vel og eru nánir börnum sínum. Þeir leggja sig fram við að vera góðir feður og að finna ávallt leiðir til þess að mæta þörfum barna sinna á sem farsælasta hátt.

Hlín Jóhannesdóttir  
Hanna Björg Sigurjónsdóttir

## Moskumálið 2013: Ótti og andúð gegn byggingu mosku\*

Efni erindis og greinar minnar er orðræðan sem átti sér stað í fjöldum, bæði hefðbundnum og félagsmiðlum, um áætlaða moskubyggingu í Reykjavík á vegum Félags múslíma á Íslandi, en þetta mál braust fram á haustdögum 2013. Samfélag múslíma á Íslandi er fámennt og hefur að mestu verið lítið áberandi í opinberri umræðu þar til haustið 2013. Þá má segja að einskonar *siðran skelfing* (*moral panic*) hafi gripið um sig og fór í gang heit umræða, með og á móti moskubyggingunni. Stofnaðar voru tvær *facebook* síður þar sem mjög lífleg orðaskipti áttu sér stað, auk töluverðs fjölda aðsendra blaðagreina. Allir virtust hafa miklar skoðanir á málinu og voru skoðanaskipti oft skörp og stundum á mörkum hatur sorðræðu. Útlendingahatur, íslamófóbía og annað í þeim dýr gaus upp og átakalínur um hverjir væru velkomnir og hverjir ekki á Íslandi skýrðust. Fjölmenningsarsinnar og þjóðernissinnar tókust á opinberlega. Það hafði verið moska í Reykjavík í mörg ár en þegar fréttin um að Borgin hefði útvegað lóð til moskubyggingar, varð „fjandinn laus“, ef svo má að orði komast. Ég mun gera grein fyrir orðræðunni sem fór í gang við þessar fréttir og bera saman við hliðstæður annars staðar á Vesturlöndum og ræða hugtakið *siðran skelfing*.

Kristján Þór Sigurðsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Mótun landamæra og mæra: Upplifanir og ólík staða innflytjenda\*

Samhliða því að landamaðri Íslands opnuðust gagnvart fólk frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins inn á sameiginlegan vinnumarkað Evrópska Efnahagssvæðisins í maí 2006, lokaðust hliðin gagnvart þeim sem komu annars staðar frá. Síðan hefur fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins einungis getað komið til landsins á grundvelli fjölskyldusameiningar, sem sérfræðingar og sem flóttamenn. Þetta hefur haft í för með sér að mismunandi hópar innflytjenda í landinu hafa ólíka stöðu og ólíkan aðgang að landinu. Í fyrrlestri okkar fjöllum við annars vegar um áhrif þessara breytinga á ólíka hópa á Íslandi og hins vegar leggjum við sérstaka áherslu á reynslu Nepala og Filippseyinga sem hafa flust til Íslands á síðustu tveim áratugum af þessum breytingum. Reynsla þessara hópa er ólík á margan hátt, en er svipuð með tilliti til stöðu á vinnumarkaði, fjölskyldusameiningar og fordóma sem þau verða fyrir sem fólk frá Asíu. Fólk frá Asíu hefur fengið stöðu „nýbúa“ í meira mæli en fólk frá Evrópu. Í fyrrlestrinum verður sjónum einnig beint að ólíkri reynslu kvenna og karla, en rannsóknir hafa sýnt að kyn hefur mikil áhrif á upplifanir fólks þegar það flyst á milli landa.

Unnar Dís Skaptadóttir  
Ása Guðný Ásgeirs dóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Svartur í Sumarhúsum

Í erindinu er fjallað um viðhorf Íslendinga til hörundslitar síðustu tvær aldir eða svo. Athyglinni er beint að „múlattanum“ Hans Jónatan sem settist að á Djúpavogi árið 1805, sögu hans og afdrifum afkomenda hans. Hans Jónatan var þræll sem ólst upp á plantekru á Jómfrúreyjum í Karíbahafi og í Danmörku og strauk til Íslands í kjölfar málafafla sem snerust um kynþáttahyggju og eignarhald á fólki (sjá bók höfundar *Hans Jónatan, maðurinn sem stal sjálfum sér* (Forlagið, 2014)). Sagan af karabískra þrælnum sem gerðist íslenskur bóndi er saga tveggja tíma en ekki síður gerólikra menningarheima: Vestur-Afríku, Jómfrúreyja, Danmerkur og Íslands. Í erindinu er varpað ljósi á ævi Hans Jónatans og þær spurningar sem Íslandsdvöl hans vekur. Sögðu menn að hann hefði bara „tekið lit“ á sólríku sumri? Helgast framandleiki fyrst og fremst af útliti fólks? Skynja börn blæbrigði í hörundslit áður en þau eru mótuð af umhverfi sínu? Leidd eru rök að því að landsmenn hafi varla tekið eftir hörundslit Hans Jónatans en hins vegar hafi afkomendur hans fundið fyrir kynþáttahyggju, í kjölfar sjálfstæðisbaráttu og vaxandi þjóðernishyggju sem lagði áherslu á „hreinleika“ landsmanna og „norraenan“ uppruna. Byggð er á mannfraðilegum hugmyndum um hörundslit, mannjafnað og kynþáttahyggju, viðtölum og sögulegum heimildum.

Gísli Pálsson

## Sköpun sjálfsvera í gegnum landamæri og stofnanir

Mannfræðingar hafa í auknum mæli beint sjónum að því hvernig hnattvæðing felur í sér ójafnt ferli þar sem hreyfanleiki hefur skapað ný landamæri og afmarkanir. Á meðan fjármagn flyst tiltölulega auðveldlega milli þjóðríkja á hreyfanleiki fólks sér stað undir mjög ójöfnum forsendum. Fræðimenn hafa skoðað hlutverki stofnanna og lagaumhverfis í því tilliti og hvernig ákveðnar sjálfsverustöður einstaklinga verða til í tengslum við hreyfanleika. Tengsl Íslands við umheiminn hafa breyst verulega síðustu tvo áratugi og þá ekki síst hvað varðar fólksflutninga til landsins. Aukinn fjöldi innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks hefur skapað nýjar áskoranir fyrir íslenska stjórnsýslu og stofnanir sem framfylgja stefnumörkun í málefnum fólks af erlendum uppruna. Í fyrirlestrinum, sem byggir á viðtöllum við einstaklinga í stjórnsýslu, er þetta nýja landslag hreyfanleika á Íslandi sett í kennningarlegt samhengi. Sérstaklega verður gert grein fyrir viðhorfum einstaklinga sem framfylgja stefnumótun í málefnum útlendinga og hvernig þeir upplifa sína stöðu. Bent verður á mótsagnakennd áhrif landamæra og hvernig þau flokka fólk á ákveðin hátt sem byggir á eldri og nýrri afmörkunum ójafnaðar.

Anna María Karlsdóttir

Kristín Loftsdóttir

## Afstaða Íslands til apartheid í Suður-Afríku: Heima og að heiman

Pekkt er að stjórnvöld ríkja greiði atkvæði með alþjóðlegum samþykktum en framkvæmd þeirra heima fyrir er þó oft ekki í samræmi við þá afstöðu. Erindið fjallar um hvernig aðkoma íslenskra stjónvalda að baráttunni gegn aðskilnaðarstefnu Suður Afríku, apartheid, var breytileg eftir því hvort hún var háð innan landamæra eða utan. Gerð verður grein fyrir afstöðu Íslands til ályktana gegn apartheid á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (SP) og aðgerðum heima fyrir. Þá verður skoðuð umfjöllun um málid í íslenskum dagblöðum og tímaritum. Aðskilnaðarstefna Suður-Afríku var umfjöllunarefnin íslenskra dagblaða og tímarita allt frá árinu 1946 en þá tóku íslenskir fulltrúar í fyrra sinn þátt í þingi SP. Uppúr 1970, en þó aðallega eftir 1980, hófst barátta einstaklinga og félagasamtaka gegn apartheid en þau fóru í tilfallandi samstarf um einstaka atburði. Á vettvangi SP greiddi Ísland stundum atkvæði með harðorðaðri yfirlýsingum gegn apartheid en hin Norðurlöndin og önnur lönd Evrópu voru tilbúin að samþykka. Ísland var þó seint til að samþykkja viðskiptabann gegn Suður-Afríku, eða í maí 1988. Suður-Afríkusamtökum gegn apartheid (SAGA) voru stofnuð seinna í sama mánuði. Sagt verður frá starfi samtakanna og ræddar verða hugsanlegar ástæður misrämis í aðgerðum íslenskra stjórnvalda.

Jónína Einarsdóttir

## „Óupplýst blaður“: Kynþáttahyggja á Íslandi í samtímanum

Þegar bókin Negrastrákarnir með myndskreytingum Muggs var endurútgefin árið 2007 voru miklar umræður í íslensku samfélagi um hvort bókin fæli í sér kynþáttafordóma eða ekki og hvað væru kynþáttafordómar í íslensku samhengi. Þetta tilvik er þó ekki einsdæmi heldur hafa reglulega komið fram ákveðnir viðburðir sem hafa vakið upp umræður í íslensku samfélagi um eðli og birtningamyndir kynþáttafordóma. Í fyrirlestrinum er fjallað um kynþáttafordóma í tengslum við flokkanir fólks í aðgreinda kynþætti sem eiga sér uppruna í útþenslu Evrópubúa fyrr á oldum, en um langa hríð hafa fræðimenn bent á að slíkar afmarkanir hafa ekkert fræðilegt gildi sem flokkanir á líffræðilegum fjölbreytileika þrátt fyrir að vera mikilvægar félagslegar afmarkanir. Gert er grein fyrir hvaða viðhorf endurspeglast í umræðum um kynþáttafordóma og kynþætti og bent er á að oft má sjá afneitun á því að kynþáttafordómar hafa sögulega átt sér stað á Íslandi, sem og áherslu á náttúrulega skiptingu einstaklinga í kynþætti. Í viðtölum sem tekin voru í tengslum við endurútgáfuna tala viðmælendur meira um kynþáttafordóma í garð annarra hópa, svo sem Pólverja. Þetta endurspeglar áhyggjur almennings af því sem fræðimenn hafa kallað „nýja“ kynþáttafordóma sem beina sjónum að menningu frekar en litarhætti. Umræðan byggir á viðtölum við fólk af afrískum uppruna og fólk án innflytjendauppruna, en einnig orðræðugreiningum á fjölmöldlaumræðu um nokkur umdeild mál sem komið hafa upp á Íslandi.

Kristín Loftsdóttir

## Púsluspil án mynsturs? Fjölbreytt samspil við aðlögun ungs fólks af erlendum uppruna\*

Innan þvermenningarlegrar sálarfræði (*cross-cultural psychology*) er meðal annars rýnt í líf innflytjenda með lykilhugtökin aðlögun (*adaptation*) og samsömun við ríkjandi menningu (*acculturation*) að leiðarljósi. Í rannsóknum á líðan, högum og gengi ungmannna af erlendum uppruna (einkum 2. kynslóð innflytjenda) kemur í ljós að enga einfalda mynd er haegt að draga upp um hópinn, heldur skapa fjölmög púsl ólkra þátta í lífi hvers og eins heildstæða mynd. Frædimenn leitast samt sem áður við að draga fram helstu mynstur og verður í erindinu varpað ljósi á niðurstöður þeirrar leitar. Lýst verður helstu kenningu sem tekist er á um og um þýðingu þeirra í ólíkum samfélögum. Í þeim beinist athygli meðal annars að samspli þátta í nærlendingar- og fjærumhverfi ungs fólks af erlendum uppruna, þar sem koma við sögu fjólskyldur, foreldrar og félagar, tungumál, skólaganga, stétt, gildi, hefðir og venjur uppruna- og móttökusamfélags svo fátt eitt sé nefnt. Staldrað verður við í hinu unga íslenska fjölmenningsarsamfélagi og fjallað um niðurstöður hérlendra rannsókna í ljósi kennningarlegrar umræðu. Þeirri spurningu verður í lokin velt upp hvort í rannsóknum sé nægilega hugað að ungu fólk af erlendum uppruna og tækifærum þeirra í íslensku samfélagi.

Eyrún María Rúnarsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## ‘Strjúktu af þér útlendinginn eins og hrossamóð’ Umfjöllun um útlendinga í hundrað ár

Hugmyndir um hinn hreina hvíta kynstofn og varðveislu menningar og tungu hafa verið áberandi í orðræðu um útlendinga undanfarna áratugi. Landfræðileg lega og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga hafa sett mark sitt á sjálfsmyndina og viðhorf gagnvart fólkiaf erlendum uppruna sem gjarnan hefur litast af óta við að spilla annars einslitu og friðsömu samfélagi. Alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér aukinn fjölda innflytjenda og í kjölfarið verður spurningin um hver tilheyrir íslensku samfélagi ágengari og áleitnari. Hugmyndin um frumburðarrétt veldur því að til verður samfélag sem einkennist af því að sjá ógn í öllu óþekktu, sem hefur í för með sér auknar áhyggjur og minni samkennd. Fræðimaðurinn Ghassan Hage telur að ofsóknarþjóðerniskennd (*Paranoid Nationalism*) sé afsprengi aukinnar alþjóðavæðingar og ný-frjálshyggu; minnkandi hlutverk hins opinbera dragi úr vonum okkar um betri lífsgæði og auki áhyggjur og kvíða í samféluginu. Hlutverk samfélagsins að skapa umgjörð fyrir vonir okkar hefur farið minnkandi og er sú þróun nátengd hnignun þjóðríkisins. Í þessu erindi er gerð grein fyrir hvernig orðræða um útlendinga í dagblöðum hefur þróast á 20. öldinni út frá slagorðinu ‘Ísland fyrir Íslendinga’.

Helga Ólafs  
Þorbjörn Broddason

## **Social dumping, social rights and segmented labor market – The case of foreign labor migrants in Iceland**

Through the lenses of dual labor market theory and the concepts of segmentation and segregation, the paper focuses on changes occurring in the Icelandic labor market in wake of the EU extension 2004 when thousands of foreign labor migrants arrived in Iceland. Within five years their share quadrupled reaching 10% of the entire workforce, when it peaked. In the economic expansion and Klondike like atmosphere that reigned in the period, especially in sectors where foreign labor migrants were numerous, they became subjects of both blatant and hidden social dumping. Causing intense conflicts amongst the social partners the trade unions launched a campaign against any form of social dumping. Analyzing the conflict the paper seeks to answer the following question: Did the campaign render a balance between social dumping and protection of social rights amongst the migrant workers in Iceland? If so how is that manifested? In what way does labor segmentation and ethnic segregation figure into the equation? Finally, the presentation will highlight in what way the presence of foreign migrant workers has altered the Icelandic labor market. The presentation is based upon data from *Polonia Reykjavík 2010*, a survey amongst Polish migrant laborers in Reykjavík and *Labour migrants from Central and Eastern Europe in the Nordic countries- Patterns of migration, working conditions and recruitment practices*, a Nordic comparative research between Reykjavík, Oslo and Copenhagen.

Hallfríður Þórarinsdóttir

## Samskipti og samningsstaða innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði

Innflytjendum fjölgar hraðar á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum en hins vegar er reynsla Íslendinga af fjölmennigarlegu samfélagi mun styttri. Að sama skápi eru tækifærin mörg til þess að nýta þá styrkleika sem aukin fjölbreytni hefur í för með sér. Til þess að innflytjendur geti lagt sitt að fullu af mörkum til samfélagsins þarf samfélagið að meta þeirra þekkingu og styrkleika að verðleikum og skapa þarf aðstæður til þáttöku þar sem framlag þeirra nýtist sem best. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar og Fjölmennaþingseturs frá 2009 kemur fram að um helmingur innflytjenda telur að menntun sín nýtist ekki að fullu í starfi hér á landi og einungis um helmingur þeirra sem eru sérfraðimenntaðir eru í sérfraðistörfum hér á landi. Til að hámarka þáttöku innflytjenda í samféluginu og á vinnumarkaði þurfa einnig einstaklingarnir sjálfrir að sækjast eftir störfum við hæfi og vinnuveitendur að gefa þeim tækifæri. Hlutverk einstaklingsins, eða starfsmannsins, er að sækjast eftir starfi og stöðu við hæfi og semja við sinn vinnuveitanda eða yfirmann um starfskjör. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að félagsleg staða starfsmanns hefur mikil áhrif á samskipti hans við vinnuveitanda, hvort hann yfir höfuð reynir að semja um betri kjör, hvaða viðmið hann notar ef hann reynir að semja, hversu formleg eða óformleg samskiptin eru og svo hver viðbrögð vinnuveitandans eru við samningaumleitnum starfsmanns. Rannsóknin miðar að því að kanna hvernig innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði upplifa samskiptin og samningsstöðu sína gagnvart sínum yfirmanni og vinnuveitanda. Tekin eru viðtöl við 8 – 10 innflytjendur sem starfa á Íslandi og viðtölin greind með aðferðum fyrirbærafræðinnar. Niðurstöðurnar munu nýtast til að auka innsýn í stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði og möguleika á samþættingu hagsmuna.

Erla S. Kristjánsdóttir

Póra H. Christiansen

## **Representing diverse viewpoints in research findings**

How can diverse, fragmented viewpoints be presented in research findings? This presentation explores the challenges arising from conducting research with multiple stakeholders across three Nordic countries. The study focused on the implementation of the United Nations Convention on the Rights of Persons with Disabilities in Iceland, Sweden and Norway. Participants comprised leaders in the disability movement, policy makers and administrators responsible for implementation of rights at municipal and national level. Perhaps unsurprisingly, findings between stakeholders are fraught with tensions and conflicts regarding implementation of human rights. However, in addition to this, several diverse viewpoints and ideological conflicts emerged within stakeholder groups. The presentation considers the challenge of representing complex viewpoints and warns of the danger of viewing stakeholders as homogeneous groups with common interests. Preliminary research findings suggest there is no universal way of understanding some key concepts underpinning human rights law.

Ciara Brennan  
Rannveig Traustadóttir

## **Valdefling heyrnarlausra\***

Hugtakið valdefling hefur orðið áberandi innan þróunarfræðinnar síðastliðin ár þar sem áhersla er á þáttöku heimamanna í þróunarverkefnum. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna áhrif valdeflingar fyrir heyrnarlausra einstaklinga sem byggir á vettvangsrannsókn í Namibíu sem fór fram í september til október árið 2012 í gegnum Samskiptamiðstöð heyrnarlausra (CCDs) í Windhoek. Áherslan var að hluta til á þróunarverkefni Þróunarsamvinnustofnununnar Íslands (PSSI), frá árunum 2006-2010 í Namibíu. Rannsóknin fór fram með þáttökuathugun og eigindlegri aðferð sem byggði á viðtolum, samtolum og samskiptum við hóp þátttakenda. Niðurstöðurnar benda til að þrátt fyrir miklar framfarir á sviði heyrnarlausra í Namibíu eru heyrnarlausir enn útilokaðir frá menntun að miklu leyti. Menntakerfið er ekki í stakk búið til að koma til móts við þarfir heyrnarlausra og skortur á túlkapjónustu er enn mikil hindrun. Niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir að einstaklingar innan sviðs er varða heyrnarlausra leggi sitt af mörkum er enn skortur á skilningi og vilja innan stjórnkerfisins til að veita undanþágur innan menntakerfisins og leggja til kostnað í túlkapjónustu. En niðurstöður gefa einnig til kynna að valdefling sé mikilvægt hugtak fyrir þróunarverkefni er varða heyrnarlaust fólk í þróunarlöndunum og geti leitt til valdeflingar heyrnarlausra einstaklinga til langs tíma.

Iðunn Ása Óladóttir

Davíð Bjarnason

Jónína Einarsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Lífsgæði 8 – 17 ára getumikilla barna með einhverfu: Mat barna og foreldra þeirra

Markmið rannsóknarinnar er að kanna upplifun getumikilla barna með einhverfu á lífsgæðum sínum samanborið við jafnaldra í samanburðarhópi, ásamt því að skoða hvernig foreldrar barnanna meta lífsgæði þeirra. Rannsóknin byggir á lýsandi samanburðarþversniði og var gögnum safnað með lífsgæðamatslistanum KIDSCREEN-27. Alls svoruðu 109 börn og 130 foreldrar í rannsóknarhópi og 251 barn og 286 foreldrar í samanburðarhópi. Börn með einhverfu mátu lífsgæði sín innan hálfss staðalfráviks frá meðaltali normalkúrfunnar á öllum fimm lífsgæðavíddum. Lægstu skorin voru innan víddanna *Hreyfiðhafnir og heilsa* og *Vinatengsl* þar sem lífsgæðin voru á mörkum þess að vera minni en almennt gerist. Foreldar í rannsóknarhópi mátu lífsgæði barnanna undir hálfu staðalfráviki í fjórum af fimm víddum; *Hreyfiðhafnir og heilsa*, *Líðan og sjálfsmynd*, *Vinatengsl* og *Skóli og nám*. Toldu þeir því atriði innan víddanna draga úr lífsgæðum barna sinna. Í víddunum fjórum var marktækur munur á mati barna og foreldra. Jafnframt voru lífsgæði barna með einhverfu marktækt minni en meðal jafnaldra í samanburðarhópi á öllum víddum, bæði að mati barnanna sjálfra og foreldra þeirra. Niðurstöðurnar gefa því tilefni til að huga beri sérstaklega að lífsgæðum barna með einhverfu.

Linda Björk Ólafsdóttir  
Snæfríður Þóra Egilson  
Kjartan Ólafsson

## „Hann er ekki nógur lélegur til að fá stuðninginn sem hann þarf“: Viðhorf foreldra til stuðnings og þjónustu innan grunnskólans

Skólasamfélagið samanstendur af fjölbreyttum einstaklingum með mismunandi þarfir og styrkleika. Skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna landsins. Samkvæmt henni og fjölmögum ákvæðum laga og reglugerða er varða grunnskóla á hver nemandi rétt á einstaklingsmiðuðum stuðningi og þjónustu sem stuðlar að alhliða þroska hans. Rannsóknin var eigindleg viðtalsrannsókn. Tekin voru viðtöl við áttu foreldra barna á aldrinum 10-12 ára sem glíma við vanda í skóla. Fjórir viðmælendur áttu börn í skóla á höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun og reynslu foreldra barna sem þurfa stuðning í skóla en eru ekki með formlegar greiningar á því hvort ákvæðum laga og reglugerða um stuðning og þjónustu innan grunnskólans sé framfylgt. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vandi þessara barna sé fjölbreyttur og þarfir barnanna misjafnar. Jafnframt benda niðurstöður til þess að börnin séu að mati foreldranna, allajafna ekki að fá stuðning við hæfi og að lítið beri á einstaklingsmiðaðri nálgun innan grunnskólans. Ólík viðhorf voru til þess stuðnings sem foreldrarnir vildu sjá innan skólans en öll voru þau sammála um að þörf væri á breytingum innan skólatorfisins. Má þar nefna breyttar kennsluaðferðir, einstaklingsmiðaðri nálgun og aukin samvinna við foreldra. Skortur á fjárveitingu til skólanna var foreldrunum ofarlega í huga sem og afdrif barna þeirra í framtíðinni. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er fyrst og fremst fólgjð í þeim ávinningi að greina betur þarfir barna sem eiga í vanda án greiningar. Þessi hópur hefur lítið verið rannsakaður hérleidis og varpa niðurstöður rannsóknarinnar ljósi á reynslu og mat foreldra á stöðu þeirra innan grunnskólans.

Erla Dögg Kristjánsdóttir  
Hervör Alma Árnadóttir

## Samanburður á mati barna og foreldra á heilsu, líðan og lífsgæðum barnanna

Sífellt meiri áhersla er nú lögð á að kanna upplifun og reynslu barna af heilsu sinni, líðan og lífsgæðum. Stundum getur þó verið nauðsynlegt að afla slíkra upplýsinga frá foreldrum eða forráðamönnum, til dæmis ef barn glímir við alvarlega skerðingu eða sjúkdóm. Einnig kann mat foreldra að skipta miklu þegar ætla má að barn hafi ekki fulla innsýn í eigin líðan og aðstæður, eða á erfitt með að tjá sig um þær. Rannsóknir sýna hins vegar að foreldrar upplifa heilsu, líðan og lífsgæði barna sinna oft á annan hátt en börnin sjálf, sérstaklega þegar kemur að sálfélagslegum þáttum. Til dæmis virðast foreldrar hafa minni innsýn í félagsleg tengsl og tilfinningar barna sinna heldur en í hlutlægari þætti, eins og líkamlega virkni. Þá bendir ýmislegt til þess foreldrar fatlaðra og langveikra barna vanmeti lífsgæði barna sinna. Í fyrilestrinum verður greint frá niðurstöðum yfirlitsrannsóknar þar sem svör barna og foreldra þeirra í samanburðarrannsóknum síðustu ára eru borin saman á kerfisbundinn hátt. Fjallað verður um það hvernig börn annars vegar og foreldrar þeirra hins vegar meta heilsu, líðan og lífsgæði barnanna og í hverju munurinn felst.

Snæfríður Þóra Egilson

## Að veita félagsþjónustu í kjölfar vár

Markmið rannsóknarinnar er að kanna stöðu þekkingar á hlutverki félagsþjónustu á sviði hamfararannsókna. Félagsráðgjöf hefur í auknum mæli lagt áherslu á sérhæfingu og rannsóknir á sviði hamfarafélagsráðgjafar (*disaster social work*) þar sem félagsþjónusta er talin leika lykilhlutverk í vinnu með hópum sem standa höllum fæti í því skyni að draga úr tjónnæmi (vulnerability) þeirra og efla viðnámsþrótt (resilience). Lögð verður sérstök áhersla á að greina stöðu þekkingar í löndum sem verða reglulega fyrir náttúruhamförum og áhersla lögð á hlutverk hamfarafélagsráðgjafar á Norðurlöndum, framlag hennar til rannsókna á fyrrnefndu sviði og á starfsaðferðir þeirra og hlutverk á vettvangi áfalla. Rannsóknir benda á að svo virðist sem tíðni náttúruhamfara og annarra samfélagslegra áfalla fari vaxandi og því eykst áherslan á frekari rannsóknir og aukna kennslu í langtíma viðbrögðum vegna áfalla. Þörfin er því brýn á rannsóknum um hlutverk félagsþjónustunnar vegna náttúruhamfara og áfalla af öðru tagi.

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir

Guðný Björk Eydal

## **Viðhorf eldri borgara á sunnanverðum Vestfjörðum til heimaþjónustu og félags- og heilbrigðisþjónustu**

Upplýsingum um þjónustu við aldraða og viðhorf þeirra til þjónustu er ábótavant á Íslandi, einkum á landsbyggðinni. Ef öldrunarþjónusta á að mæta þörfum þessa aldurshóps er nauðsynlegt að hún byggi á vitneskju um hvernig aldraðir hafa það heima hjá sér og hvers konar þjónustu þeir vilja. Tilgangur verkefnisins var að rannsaka viðhorf eldri borgara á sunnanverðum Vestfjörðum til heimaþjónustu og félagsstarfs, en verkefnið er hluti af meistararannsókn á líkamlegu ástandi, þátttöku, umhverfi og þjónustu við eldri borgara á svæðinu. Öllum íbúum svæðisins, 65 ára og eldri, sem bjuggu heima á árinu 2013 (alls 161) var boðið að taka þátt og 129 þáðu boðið. Allir þátttakendur voru heimsóttir og gagna var aflað með viðtali og stöðluðum spurningalistum. Auk svara við spurningum um notkun og viðhorf til heimaþjónustu og félagsstarfs var aflað margvíslegra upplýsinga um heilsu, færni og viðhorf þátttakenda til samgangna og búsetu á rannsóknarsvæðinu. Tæpur fjórðungur þátttakenda fékk heimaþjónustu, en nokkuð fleiri töldu sig þurfa á henni að halda og um helmingur þátttakenda fékk aðstoð frá ættingjum eða vinum. Heimaþjónustan var metin sem miðlungsgóð og meirihluti þátttakenda hafði jákvæð viðhorf til félagsstarfsins. Niðurstöðurnar hafa hagnýtt gildi fyrir uppbyggingu öldrunarþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum og á landinu öllu.

Margrét Brynjólfssdóttir

Guðrún Pálmadóttir

Sólveig Ása Árnadóttir

## Viðhorf félagsráðgjafa og sjúkraþjálfara til gagnreyndra vinnubragða

Þrátt fyrir mikinn vöxt í rannsóknum á sviði heilbrigðis- og félagsvíinda bendir margt til þess að niðurstöður rannsóknanna skili sér ekki sem skyldi í gagnreyndum vinnubrögðum (*evidence-based practice*). Úr þessu þarf að bæta, en til að innleiða gagnreynd vinnubrögð á farselan máta er nauðsynlegt að þekkja og vinna með viðhorf fagfólks til þeirra. Markmið þessarar rannsóknar er að greina og bera saman viðhorf félagsráðgjafa og sjúkraþjálfara til gagnreyndra vinnubragða (aðferða). Rafrænar kannanir voru sendar til allra í Félagsráðgjafafélagi Íslands og Félagi sjúkraþjálfara. Þátttökuhlutfall var 40%. Þátttakendur voru 377, þar af 163 félagsráðgjafar (92,2% konur) og 214 sjúkraþjálfarar (76,3% konur). Viðhorf til gagnreyndra vinnubragða voru metin með staðlaða spurningalistanum *Evidence-based practice attitude scale* (EBPAS). Listinn inniheldur 15 spurningar sem flokka má í fjórar mælivíddir; (1) höfðar aðferð til fagmanns (*appeal*), (2) viðbrögð við kröfum um að ákveðinni aðferð sé beitt (*reaction*), (3) hve opinn er fagmaður fyrir nýjungum (*openness*), og (4) andstaða við áður óþekktar aðferðir og þær sem spretta úr ranni rannsakenda (*divergence*). Þátttakendur svöruðu einnig spurningum um aldur, starfsaldur, menntun, starfssvið og stærð vinnustaðar. Í erindinu verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og rætt verður um notagildi þeirra við að innleiða gagnreynd vinnubrögð og bæta þjónustu á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Sólveig Ása Árnadóttir  
Halldór S. Guðmundsson  
Hervör Alma Árnadóttir  
Sigrún Júlíusdóttir  
Þjóðbjörg Guðjónsdóttir

## Reynsla notenda af þjónustu á geðdeild

Í nútímalegri velferðarþjónustu er talið mikilvægt að leggja áherslu á sjálfraði og valdeflingu notenda. Umræðan snertir ekki síst notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, en vísbendingar eru um að þátttaka þeirra í eigin meðferð hafi almennt jákvæð og heilsueflandi áhrif. Ekki er nægjanlegt að notendurnir sé reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum heldur þarf fagfólk og stjórnendur stofnana að skapa aðstæður sem stuðla að þátttöku þeirra. Hugtakið skjólstæðingsmiðuð þjónusta hefur verið notað til að lýsa virkri þátttöku notenda í þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna reynslu notenda af þjónustu geðdeilda á sjúkrahúsi og skoða að hve miklu leyti hún samræmdist grundvallarþáttum skjólstæðingsmiðaðrar þjónustu. Notað var blandað rannsóknarsnið þar sem matstækið „Spurningalisti um skjólstæðingsmiðaða þjónustu“ var lagt fyrir 30 fyrrum skjólstæðinga deildarinnar og síðan tekin viðtöl við níu manns sem þar höfðu þegið þjónustu. Við úrvinnslu gagnanna var notuð lýsandi tölfraði og þemagreining. Niðurstöður benda til að viðkomandi geðdeild búi yfir ýmsum styrkleikum og að þjónustan endurspegli að töluverðu leyti grundvallarþætti skjólstæðingsmiðaðs starfs. Engu að síður þarf að huga betur að ákveðnum atriðum, svo sem upplýsingagjöf, aðkomu aðstandenda og ólíkum þörfum fólks á mismunandi lífsskeiðum.

Sólrún Óladóttir  
Guðrún Pálmadóttir

## Býr fólk í næturathvörfum? Gistinætur í Gistiskýlinu og Konukoti. Þjónusta veitt utangarðsfólki.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort að húsnæðislausir hafi búið í næturathvörfunum Gistiskýlinu og Kounkoti en samkvæmt lögum er óheimilt að búa í slíkum athvörfum. Rannsóknin er MA-verkefni til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Notaðar voru bæði megindegar og eigindegar rannsóknaraðferðir. Megindleg gögn voru fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar um fjölda gesta í athvörfunum sem og hve lengi hver gestur nýtti athvarfið. Gögnin fyrir Gistiskýlið náðu frá janúar 2008 til og með ágúst 2013. Gögnin fyrir Konukot náðu frá janúar 2010 til og með ágúst 2013. Gögnin voru ópersónurekjjanleg. Tekin voru sex eigindeleg viðtöl við félagsráðgjafa sem starfa hjá Reykjavíkurborg og hafa með málefni utangarðsfólks að gera. Verkefnastjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hafði samband við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvanna og bað þá að tilnefna viðmælendur, einn frá hverri miðstöð. Helstu niðurstöður voru að flestir gestir næturathvarfanna dvelja þar skemur en tíu nætur árlega. Þó hafa nokkrir einstaklingar búið í athvörfunum undanfarin ár. Gestir Konukots gista færri nætur árlega en gestir Gistiskýlisins. Félagsráðgjafar gera sér grein fyrir stöðu þeirra sem nýta sér næturathvörfin en kváðust ekki hafa aðstöðu til þess að ná til utangarðsfólks á þann hátt sem þyfti. Tilgreindu þeir meðal annars tímaskort og að stöðugildi hafi ekki aukist samhlíða auknu vinnuálagi.

Selma Björk Hauksdóttir  
Sigurveig H. Sigurðardóttir

## „Að sættast við lífið og tilveruna“

Í erindi þessu hyggst ég fylla um Al-Anon fjölskyldudeildirnar og hvernig sjálfsmýnd þáttakenda breytist við langtíma þáttöku. Al-Anon fjölskyldudeildirnar, oftast nefndar Al-Anon, eru fyrsta afsprengi Alcoholics Anonymous (AA) samtakanna og starfa samkvæmt hugmyndafræði þeirra. Samtökin hafa aðeins einn tilgang og hann er: að liðsinna þeim sem telja sig hafa orðið fyrir áhrifum af vímuefnaneyslu annarra. Þáttakendur koma úr öllum áttum og öllum stigum samfélagsins. Áhugi minn á þessu fyrirbæri tengist doktorsritgerð minni. Hún byggist á feminiskri rannsókn sem ég gerði og er eiginleg. Niðurstöður mínar eru þær að langtímaþáttaka í Al-Anon virðist hafa þau áhrif að þáttakendur læra að takast á við lífið á breyttan hátt, jafnvel þótt ytri aðstæður breytist ekki. Hugsanagangur virðist breytast bæði með tilliti til eigin sjálfss og viðhorfs til lífsins. Telja þáttakendur það stafa af upplifun þeirra á samheldni og trausti sem ríkir innan samtaka Al-Anon. Í erindinu mun ég velta fyrir mér hvernig samheldnin, traustið og trú á æðri mátt hefur áhrif á sjálfsmýnd þáttakenda til breytrar sjálfsmýndar.

Björk Guðjónsdóttir

## **Þjónusta við ung fötluð börn á Íslandi frá sjónarhóli foreldra**

Undanfarna áratugi hefur fjölskyldumiðuð nálgun í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra átt vaxandi fylgi að fagna viða um heim og á það einnig við hér á landi. Fjölskyldumiðuð nálgun byggir á kenningum um heildræna sýn á barnið, fjölskyldu þess og daglegan veruleika. Jafnframt hafa fræðilegar hugmyndir um fötlun þróast frá því að beinast eingöngu að einstaklingnum til þess að horfa samtímis á þátt umhverfisins í fötluninni. Rannsóknin sem kynnt er í erindinu lýtur að velferðarþjónustunni eins og hún birtist fjölskyldum fatlaðra barna. Um er að ræða eiginlega fjöltílvíkarannsókn sem gerð var á þremur stöðum á landinu. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er ungum fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra á Íslandi. Einkum var leitað eftir sýn foreldra á viðfangsefnið og hvað þeim þætti betur mega fara. Leitast var við að greina hvort misrämis gæti milli markmiða velferðarkerfisins, þjónustunnar sem veitt er og þarfa notendanna, og voru kenningar um fjölskyldumiðaða þjónustu og tengslasýnin á fötlun notuð við greiningu gagnanna. Niðurstöðurnar gefa til kynna að margt sé vel gert innan þjónustukerkfisins en að það sé sundurlaust og þarfnið innbyrðis samræmingar og samhæfingar og eru þær niðurstöður ræddar í ljósi hinnar menningarsögulegu starfsemiskenningar (CHAT).

Jóna G. Ingólfssdóttir  
Rannveig Traustadóttir

## **Lærum af reynslunni: Mat foreldra fatlaðra barna á þjónustu Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar**

Árið 2011 færðist þjónusta við fjölskyldur fatlaðra barna frá ríki til sveitarfélaga. Þá þegar bjó félagsþjónusta Akureyrar að 13 ára reynslu af málaflokknum. Tilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að kanna reynslu fjölskyldna fatlaðra barna af þjónustu Fjölskyldudeilda Akureyrarbæjar og samskiptum þeirra við fagfólk. Einnig að kanna styrk- og veikleika þjónustunnar, sem og hvort hún endurspegli viðurkenndar áherslur um gæði og fjölskyldumiðaða nálgun. Notuð var blönduð rannsóknaraðferð. Í megindelegum hluta rannsóknar tóku 57 foreldrar þátt í spurningalistakönnun sem gerð var með matstækinu *Mat foreldra á þjónustu*. Í eigindelegum hluta fóru fram tvær rýnihópaumræður þar sem 14 foreldrar tóku þátt. Þótt samhljómur hafi verið í niðurstöðum spurningalistakönnunar og rýnihópaumræðna varðandi ákveðin málefni gætir nokkurs misrämis varðandi önnur. Fram kom að þjónusta Fjölskyldudeilda endurspeglar fjölskyldumiðaða nálgun að ýmsu leyti. Einnig að þátttaka foreldra í ákvarðanatöku hefur talsvert forspárgildi um ánægu þeirra með þjónustuna, en þættir eins og færni barns og aldur virðist einnig hafa áhrif á upplifun foreldra. Niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að stuðla að aukinni þátttöku foreldra í öllu þjónustuferlinu og munu þær vonandi nýtast við frekari þróun stuðnings og úrræða fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Sara Stefánsdóttir  
Snæfríður Þóra Egilson

## Þátttaka barna og ungmenna í ákvarðanatökufferli innan velferðarkerfisins

Á Íslandi jafnt sem í öðrum velferðarríkjum gengur erfiðlega að auka virkan þátt barna og ungmenna í ákvarðanatöku. Á síðustu áratugum hafa nýjar nálganir í vinnu með börnum verið þróadar. Þær aðferðir byggja á þeirri sýn að börn hafi sjálfsteðan rétt sem einstaklingar og hafi rétt til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Samhliða þessu hafa hugmyndir þróast um það hvernig börn á virkan hátt skapa sína eigin veröld. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989) þykir hafa haft merkjanleg áhrif á lagasetningar er varðar þátttöku barna. Má sjá í lögum síðustu ára er varða velferð barna verulega aukningu á réttiindum þeirra í ákvarðanatökum sem snerta þeirra líf. Markmið þessa erindis er að kynna niðurstöður nýlegra rannsókna á stöðu barna innan velferðargeirans. Fjallað verður um jákvæða og neikvæða reynslu barna af þátttöku og viðhorf fagfólks til virkrar þátttöku barna. Niðurstöður rannsókna hafa rennt stoðum undir jákvæð áhrif aukinnar þátttöku barna í ákvarðanatökum. Prátt fyrir þessa vitneskju og áherslur í lögum á samráð og þátttöku, virðast börn ekki upplifa sig sem virk í ákvarðanatökufferli innan velferðarkerfisins. Ástæður þess virðast leynast í viðhorfi fagmanna, uppbyggingu og skipulagningu stofanna. Þörf er á frekari rannsóknum sem lúta að innleiðingu og þróun starfsaðferða varðandi beina þátttöku barna á Íslandi.

Hervör Alma Árnadóttir

## **Þolendur og gerendur í eineltismálum**

Einelti er algengt vandamál í grunnskólum á Íslandi og í raun koma flest ef ekki öll börn að eineltismálum með einum eða öðrum hætti, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Fjölmargar rannsóknir sýna fram á neikvæðar og alvarlegar afleiðingar eineltis á börn, hvaða hlutverki sem þau gegna. Þá hefur einelti einnig neikvæð áhrif á bekkjaranda, skólabrag og menningu. Þar með má segja að einelti snertir alla þá sem að grunnskólastarfi koma; starfsfólk, foreldra og börn. Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC) er alþjóðleg rannsókn sem framkvæmd er á fjögurra ára fresti, fyrst 2006, þá 2010 og nú 2014. Þátttakendur í rannsókninni eru börn í 6., 8., og 10. bekk grunnskóla í rúmlega 40 löndum, þar á meðal á Íslandi. HBSC rannsóknin hér á landi fer þannig fram að öll börn í þessum árgöngum svara spurningalistu um þætti er snúa að þeirra daglega lífi, eins og námi, tómstundum, samskiptum við foreldra, líðan, heilsu, áhættuhegðun og einelti. Í erindinu veður greint frá niðurstöðum úr rannsókninni 2014 út frá gerendum og þolendum í eineltismálum. Áhersla verður á þau skaðandi áhrif sem einelti hefur á þessa einstaklinga. Úrvinnsla gagna stendur yfir og því er ekki hægt að greina frá niðurstöðum í ágripi en það verður gert í erindinu sjálfu.

Vanda Sigurgeirs Þóroddur Bjarnason

Ársæll Arnarson

## Fjölskyldan sem stuðningur í barnaverndarmáli

Barnaverndarnefndir hafa árlega afskipti af fjölmögum börnum sem öll eru hluti af fjölskyldu. Takmarkaðar upplýsingar eru þó til um hverjir eru taldir tilheyra fjölskyldunni eða hvernig hún er virkjuð sem stuðningur fyrir barn í barnaverndarmáli bæði hér á landi og í öðrum löndum. Í alþjóðlegri samanburðarrannsókn, *Social Work with Families: Social Workers' constructions of family in professional practice*, er leitast við að öðlast þekkingu á þessum þáttum. Markmið íslenska hluta rannsóknarinnar var að kanna aðkomu fjölskyldna að barnaverndarmálum á Íslandi, varpa ljósi á viðhorf barnaverndarstarfsmanna til að leita eftir stuðningi fyrir barn innan fjölskyldu þess og hvaða fjölskyldumeðlimir komi helst að slíkum málum. Þá var kannað hvernig barnaverndarstarfsmenn skilgreina hugtakið fjölskylda. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt við vinnslu rannsóknarinnar. Tekin voru þrjú rýnihópaviðtöl og eitt hópviðtal. Helstu niðurstöður sýna að áhersla er lögð á að leita eftir stuðningi fyrir barn hjá fjölskyldu þess, en hún er skilgreind sem þeir aðilar sem standa barni næst, tengjast því tilfinningaböndum og veita því stuðning þegar þörf er á. Þegar þess er kostur er fyrst leitað eftir stuðningi fyrir börn í nærumhverfi þeirra, svo sem foreldra en síðan til ömmu og afa. Þá kom fram að að feður eiga síður aðkomu að barnaverndarmálum en maður.

Sigrún Yrja Klörudóttir

Anni G. Haugen

## **Fjölskyldulíf, forsjársviptingar og fötlun**

Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á stöðu fatlaðra foreldra í gegnum framkvæmd og ferli barnaverndarmála; dómsúrskurði í forsjársviptingarmálum; mat á foreldra- og forsjárhæfni, og viðtöl við foreldra og fagfólk. Sérstök áhersla er á að skilja samspil fötlunar og þess hvernig ákvarðanir eru teknar í forsjársviptingarmálum út frá sjónarhorni gagnrýnnna félagsvínsinda og með aðferð grundaðrar kenningar. Í erindinu verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum þess hluta rannsóknarinnar sem varðar greiningu dómsúrskurða á tímabilinu 2002-2014 og takmörkunum þess að nota slík gögn.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir  
James Rice  
Alma Ýr Ingólfssdóttir

## Children's rights in poverty and policy

This presentation discusses an analysis of children's rights in three areas of child policy assumed by scholars and recent research to relieve child poverty; child benefits, child support and early childhood education and care. A comparative policy analysis of Iceland, Norway and the UK, 1991-2011 was conducted that sought to answer *when, if and how do children's rights emerge in these policies*. Scholars such as Therborn (1993) have looked at how children's rights have historically emerged in family policy, but this is the first time that a comparative policy analysis of poverty specific policies has been conducted from a children's rights perspective. Therefore, a framework was created specifically for this study. The results indicate that when and in what form children's rights emerged not only suggests a classification of the three states it also opened up an understanding of the three policy areas studied. In other words, that the triangular relationship between the state, parent and child is very important and policy specific. These results can help guide policymakers in their search for evidence-based policies, as well as offering activists, researchers and social workers a simple, sophisticated tool to gauge children's rights in policies.

Cynthia Lisa Jeans

## Úrræði barnaverndarnefnda: Áskoranir í samstarfi fagfólks

Úrræði sveitarfélaga í barnaverndarmálum miða fyrst og fremst að því að bæta aðstæður og líðan barns á eigin heimili. Þrátt fyrir það að þessum úrræðum er beitt í um 80% barnaverndarmála hafa þau lítið verið rannsökuð, takmörkuð þekking er til um það hver þau eru, eðli þeirra og árangur. Markmið rannsóknarinnar er að fá yfirlit yfir þessi úrræði og gera þau sýnilegri þannig að hægt verði að skoða nánar á hvern hátt þau nýtast sem stuðningur í barnaverndarmálum. Gagna var aflað með því að senda barnaverndarstarfsmönnum spurningarlista. Niðurstöður sýna m.a. að úrræðin eru fjölbreyttar en fram kemur í opinberum gögnum. Þau bjóðast börnum og foreldrum þeirra og fjölskyldumeðlimir fá oft mörg úrræði samtímis. Nokkur munur er aúrræðum sem í boði eru eftir landssvæðum og ræðst það m.a. af aðgangi að fagfólk. Úrræðin eru ýmist á hendi barnaverndarnefndar eða annars fagfólks innan félags-, heilbrigðis- eða menntakerfisins. Niðurstöðurnar undirstrika hve fjölbættur vandi þessara fjölskyldna er og varpa ljósi á það hversu umfangsmikið samstarf barnaverndarstarfsmanna við annað fagfólk þarf að vera. Þær vekja upp spurningar um hversu markviss notkun úrræðanna er og kalla á frekari rannsóknir um eðli þeirra og inntak og hvert mat barna og foreldra er árangri þeirra.

Anni G. Haugen

## Uppeldisaðferðir foreldra

Markmiðið með rannsókn þessari var að kanna uppeldisaðferðir foreldra og þá sérstaklega þær aðferðir sem lúta að ögun barna. Spurningalisti var sendur til foreldra 6-17 ára barna. Spurningalistinn sem notaður var í rannsókninni heitir á frummálinu: Conflict tactic scales parent child version (CTSPC) og hefur þessi spurningalisti verið notaður í áratugi en sí útgáfa sem var notuð var þróuð af Straus o.fl. (2009) en var þýddur og staðfærður hér á landi fyrir notkun. Auk þess var listinn forþrófaður. Spurningalistinn inniheldur 22 atriði þar sem fram koma fullyrðingar sem fela í sér tiltekna aðferð sem foreldrar beita þegar þarf að fá börn til að hlýða. Aðferðirnar endurspeglar a) uppyggilegar uppeldisaðferðir, b) sálræna árás og c) þrjú alvarleikastig líkamlegra árása; vægar, alvarlegar og mjög alvarlegar. Þar sem verið var að spryja út í afar viðkvæmt efni, var gert ráð fyrir því að svarhlutfall yrði lágt og vegna þess var úrtakið haft tvöfalt stærra en venja er. Svör bárust frá 617 foreldrum sem voru á aldrinum 26-76 ára. Niðurstöður sýndu að flestir íslenskir foreldrar beita lýðræðislegum uppeldisaðferðum. Þó hafði nokkur hluti foreldra, eða tæplega 20%, beitt sálrænni árás sem uppeldisaðferð undanfarið ár. Jafnframt hafði nokkur hluti foreldra, eða 17,6%, beitt líkamlegri árás sem uppeldisaðferð síðastliðið ár. Ekki voru marktæk tengsl milli kyns og menntunar annars vegar og hversu líklegt var að foreldrar beittu tilteknum ögunaraðferðum hins vegar. Hins vegar komu fram marktæk tengsl milli aldurs foreldra og tíðni sálrænnar árásargirni. Sálrænni árásargirni var marktækt oftar beitt af yngri foreldrum heldur en af eldri foreldrum.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

## Birtingarmynd móðurinnar í tengslamyndunarorðræðu

Sálfraðikenningar um tengslamyndun ungbarna einblína mjög á hina náttúrulegu móður þar sem hegðun og tilfinningar móður skipta öllu máli fyrir tengslamyndun smábarnsins og feðrum er markvisst haldið í hlutverki aðstoðarmanns. Móðurinni eru eignaðir ákveðnir eiginleikar eins og næmi, umhyggjusemi og innsæi sem styðja við þá hugmynd að hún sé hæfust til þess að annast ungabarnið. Vísindaleg orðræða einkennir umfjöllun um tengslamyndun þar sem kenningar eru settar fram sem sannleikur en erfitt getur reynst fyrir almenning að meta gæði rannsókna sem liggja til grundvallar ákveðnum fullyrðingum og því stendur hin vísindalega orðræða eftir óhögguð og óvífengd. Í þessum hluta doktorsrannsóknar minnar skoðaði ég hugmyndir um tengslamyndun og þá sérstaklega hvernig móðirin birtist í tengslamyndunarorðræðu. Efni á vefsíðu Heilsugæslunnar og vefsíðunum ljósmóðir.is og brjóstagjöf.is var orðræðugreint en ákveðið var að skoða þessar tilteknu síður vegna þess að þær hafa á sér trúverðugleika- og gæðastimpil heilbrigðiskerfisins. Orðræðugreining á upplýsinga- og fræðsluefni leiddi í ljós að ákveðin þrástef eru ráðandi og fyrirferðamikil innan orðræðunnar um tengslamyndun, eng það eru þrástef um hið náttúrulega móðurhlutverk, vísindaleg rök fyrir mikilvægi tengslamyndunar, áhersla á þátt móður í tengslamyndun og brjóstagjöf sem frumforsendu tengslamyndunar. Þessi þrástef mynda nokkurs konar burðarbita í tengslamyndunarorðræðu og án þeirra væri hún óþekkjanleg.

Sunna K. Símonardóttir

## Hvaða feður taka fæðingarorlof?

Árið 2000 voru lög um fæðingar og foreldraorlof (nr. 95/2000) samþykkt á Alþingi. Um var að ræða róttæka löggjöf þar sem Ísland var fyrst landa til að tryggja báðum foreldrum jafnan rétt til fæðingarorlofs. Þegar lögin voru sett var ekkert land sem veitti feðrum jafn margar vikur í fæðingarorlofi með sambærilegum greiðslum. Í ljósi efnahagskreppunnar og skerðinga á greiðslum í fæðingarorlofi er mikilvægt að skoða hvaða breytingar hafa átt séð stað á töku fæðingarorlofs frá því lögin tóku gildi. Hér verður sjónum beint að fæðingarorlofstöku feðra og leitað svara við því hvaða félags- og efnahagslegu þættir hafa áhrif á hvernig feður hér á landi nýta rétt sinn til fæðingarorlofs og hvaða breytingar hafa orðið þar á frá árinu 2003. Bornar verða saman niðurstöður úr tveimur könnunum meðal foreldra ungra barna. Fyrri könnunin var framkvæmd árið 2007 og náiði hún til foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2003. Í könnuninni var spurt hvernig foreldrar höfdu hagað atvinnuþátttöku og umönnun barnsins fyrstu þrjú æviárin. Sambærileg könnun var framkvæmd árið 2013 meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2009. Með greiningu á gögnunum fást svör við því að hvaða marki hefur tekist að ná fram markmiðum laganna um að gera báðum foreldrum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf og tryggja barni umönnun beggja foreldra.

Ásdís Arnalds

Guðný Björk Eydal

## **Implications of changes in the law on paternal and maternal leave in Iceland during the period 2001-2011**

This paper examines the effects of the passing of a law on the joint entitlement of mothers and fathers to parental leave in Iceland. The parents share the rights to nine full months of parental leave; three months are reserved for each parent and the remaining three months can be divided between them in the way of their choosing. Initially the maximum payment during leave was high. With the economic recession, starting in 2008, the ceiling was lowered to a sum below the mean wages in Iceland. The present analysis looks at the effects of parental leave policy changes in Iceland during the period 2001-2011. With the full implementation of the parental leave act of 2000, a majority of fathers took three month of leave whereas the joint entitlement was almost exclusively taken by the mothers. Length of fathers' leave declined after the lowering of the maximum payment. Here we analyze to what extent parents' income, gender, and educational status affect the likelihood of making full use of their entitlement to parental leave.

Ólöf Garðarsdóttir  
Heiða María Sigurðardóttir

## Afþrot ungmenna á höfuðborgarsvæðinu 2006-2013

Íslenskt þjóðfélag hefur á síðustu árum verið að ná sér eftir alvarlegan efnahagssamdrátt í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Í mörg ár hefur verið skorið niður í opinberri þjónustu, þar á meðal í fjárfamlögum til löggreglu. Því var áhugi fyrir að kanna hvort tíðni afþrota meðal ungmenna (á aldrinum 11-17) hefði breyst á tímabilinu og hvort tíðni afskipta lögreglunnar af unglungum hefði breyst í kjölfar þessara skyndilegu þjóðfélagsbreytinga. Skoðuð eru gögn úr gagnasafni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LÖKE) á tímabilinu 2006-2013. Samkvæmt gögnum hefur afskiptum LRH af ungmennum farið fækkandi frá 2007, árið 2013 er fjöldi þeirra rúmlega helmingur af fjöldanum árið 2007. Svipaða þróun má sjá í fjölda unglings sem kærð eru vegna afþrota. Þróunin endurspeglast jafnframt í breytingum á eðli tilkynninga til barnaverndarnefnda, þar sem tilkynningum vegna áhættuhegðunar ungmenna hefur hlutfallslega fækkað. Ennfremur benda ungmannakannanir til minnkandi neyslu áfengis og vímuefna meðal unglings, sérstaklega meðal 8.-10. bekkinga en einnig á fyrstu árum í framhaldsskólum. Þessi þróun var hafin fyrir kreppu en heldur áfram, jafnvæl eftir efnahagshrunið. Það er óhætt að segja, að þrátt fyrir alla erfiðleikana í kjölfar efnahagssamdráttarins, hafa afleiðingarnar enn sem komið er ekki leitt til fjölgunar afþrota ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti virðist þróunin vera frekar jákvæð.

Marta Kristín Hreiðarsdóttir

## Siðfár í íslensku samfélagi? Koma e-töflunnar til Íslands\*

Rannsóknir hafa sýnt að fjöldiðlar geta haft mikil áhrif á viðhorf almennings til afbrota. Ýmsar kenningar hafa komið fram um þessi áhrif, ein þeirra er hugmyndin um siðfár (*moral panic*). Tiltekin frávikshegðun fær skyndilega mikla umfjöllun í fjöldum, veldur óta meðal almennings og valdastofnana og virðist þarfnaast sértækra aðgerða. Spjótunum er beint að tilteknum hópi einstaklinga sem sagðir eru ábyrgir fyrir ógninni og þeim kennt um að ógna ríkjandi menningu, lifnaðaráttum og gildum. Neysla vímuefna er vel til þess fallin til að skapa óta og óöryggi í samfélagini. Þegar nýrra efna verður vart eykst umfjöllun fjöldla jafnan um notkun efnisins og þá hættu sem neyslunni fylgir. Það vímuefni sem hefur skapað hvað mestar áhyggjur og óta í íslensku samfélagi er án efa e-taflan. Skömmu eftir að hún hafði náð að festa rætur í íslensku samfélagi fór neyslan að valda miklum usla og óöryggi hér á landi. Hér verður greint frá komu e-töflunnar til landsins um 1990 og viðbrögðum almennings, fjöldla og stjórnvalda við komu efnisins. Íslensk viðhorfakönnun frá þessum tíma leiddi það í ljós að um helmingur Íslendinga töldu fíkniefnaneyslu vera mesta vandamál afbrota hér á landi. Var það í fyrsta sinn sem eins afdráttarlaust viðhorf kom fram í könnun sem þessari og er því áhugavert að athuga hvernig umfjöllun fjöldla var á þessum tíma. Notast verður við orðræðugreiningu á fréttum frá á tímabilinu 1990-1997 til að meta hvort siðfár hafi skapast í íslensku samfélagi.

Jónas Orri Jónasson

Helgi Gunnlaugsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Gengur afstaða Íslendinga í berhögg við ríkjandi refsipólítík?\*

Áhyggjur af afbrotum og hvernig bregðast skal við vandanum eru áberandi í samfélagini. Í lýðraðissamfélagi er mikilvægt að víðtæk sátt ríki um réttarkerfið og löggjöfina. Mælingar á viðhorfum borgaranna eru því áhugaverðar fyrir margra hluta sakir. Mælingar á afstöðu Íslendinga til ýmissa áltæfna er tengjast afbrotum hafa reglulega verið framkvæmdar í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands á síðustu árum. Í erindinu verður greint frá niðurstöðum nýjustu mælingarinnar sem framkvæmd var á vordögum 2014. Einkum verður lögð áhersla á að skoða afstöðu Íslendinga til nokkurra hitamála í íslensku samfélagi á síðustu misserum. Á að heimila löggreglu að bera skotvopn við skyldustörf sín? Á að rýmka heimildir löggreglu til að rannsaka alvarleg sakamál og er notkun tálbeita réttlætanleg? Eiga vændiskaup að vera refsiverð? Vilja Íslendingar lögleiða kannabis eða er stuðningur við að varsla á fíkniefnum til eikanota verði gerð refsilaus?

Helgi Gunnlaugsson  
Jónas Orri Jónasson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Efnahagsþreningar og afbrotaþróun: Greining á þolendakönnunum og afbrotatölfræði löggreglu

Íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum skeið umrót í kjölfar bankahruns árið 2008. Heimili og fyrirtæki hafa þurft að taka á sig auknar byrðar og opinbera kerfið hefur þurft að mæta miklum niðurskurði. Samkvæmt kenningum afbrotafræðinnar má gera ráð fyrir því að við örar þjóðfélagsbreytingar skapist siðrofsástand og afbrotum fjölgji. Versnandi fjárhagsleg og félagsleg staða auki tilhneigingu til afbrotu. Í árlegum könnunum frá árinu 2007 hefur löggreglan spurt almenning út í viðhorf til löggreglu, ótta við afbrot og reynslu af afbrotum. Niðurstöður þessara kannana gefa vísbindingar um það hvaða afbrot valda mestum ótta í samféluginu hverju sinni og hvaða afbrot eru talin mesta vandamálið. Einnig gefa niðurstöður upplýsingar um tíðni brota og hversu hátt hlutfall brota er tilkynnt til löggreglu. Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir því hver þróunin er í svörum þolenda afbrotu, samhlíða því að skoða þróunina í afbrotatölfræði löggreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Haft verður til hliðsjónar hvernig þróunin mældist fyrir og eftir hrún. Metið er hvort þróunin í löggreglugögnunum annars vegar og spurningakönnunum hins vegar fylgist að og hvort hægt sé að mæla raunverulega tíðni afbrotu í samféluginu. Fjallað verður um helstu kosti og galla þessara gagna og nauðsynlega fyrirvara á því að styðjast við þau til að mæla raunveruleikann.

Snorri Örn Árnason

## **Freedom of the press – two concepts\***

Within Western democracies there seemed to be no accord on where the limits of freedom of the press should be. The history of freedom of the press is a history of the debates on the limits and borders of a free press. There is no “original meaning of freedom of the press,” a formula which is often used in order to give weight to an argument. Our modern understanding of freedom of the press is the result of different social developments in the nineteenth century, which explain the different limits for a free press. Personal rights and/or state interests seem to have different levels of importance in legal systems and perceptions in Germany and the English-speaking world. There is a stronger emphasis in the Anglo-American world upon limiting the free press for reasons of state security than in the Federal Republic of Germany, and vice versa where personal rights are involved. These differences are explained by the fact that in the English speaking world John Stuart Mill’s argument for freedom dominated the debate while his justification based on Utilitarianism never prevailed in Germany. This paper will explain the different development.

Markus Meckl

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Siðferðilegur sveigjanleiki íslenskra blaða- og fréttamanna\*

Í grein þessari eru svör íslenskra blaða- og fréttamanna um ýmis siðferðileg álitamál greind í ljósi rannsókna Worlds of Journalism (WOJ, samstarfsverkefni fræðimanna í yfir 80 ríkjum) og kenninga Plaisance, Skewes og Hanitzsch (2012) um skiptingu blaða- og fréttamanna í “Idealista” og “Relatífista” í siðferðismálum – þar sem afstaða þeirra er í grófum dráttum annað hvort að virða beri siðferðilegar grundvallarreglugr í hvívetna eða að kringumstæður geti réttlætt frávik frá viðkomandi grundvallarreglum. Alþjóðlegar rannsóknir WOJ benda til þess að samfélagsaðstæður og þá einkum staða tjáningarfrelsisisins í hverju ríki hafi áhrif á afstöðu blaða- og fréttamanna til siðferðilegra álitamála, svo sem til beitingar á “óhefðbundnum aðferðum” til upplýsingaöflunar. Einnig eru í þessu ljósi stefnumótun Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands og viðurkenningar Verðlaunaneftnar Blaðamannafélags Íslands skoðuð og er niðurstaðan sú að íslenskir blaða- og fréttamenn séu í grunninn “fundamentalistar”, en að undir sértækum kringumstæðum víkji ströngustu siðferðisviðmiðanir fyrir upplýsingarárétti almennings – að þegar hefðbundnar leiðir til upplýsingaöflunar duga ekki til geti verið réttlætanlegt að grípa til óhefðbundinna aðferða, sem undir öðrum kringumstæðum þættu ekki siðferðislega tækar. Þetta er í samræmi við þá sveigjanlegu afstöðu Siðanefndar að hafa siðaregluákvæði almenn og fá, samanborið við ítarlegar siðareglur í mörgum ríkjum, og um leið opin fyrir túlkun og breyttum tíðaranda.

Friðrik Þór Guðmundsson

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Brostnir eldveggir - brotið lýðræði?

Eitt meginhlutverk fjölmíðla er að veita valdi aðhald og spryja gagnrýnninna spurninga. Oft er þetta aðhaldshlutverk kallað varðhundshlutverkið. Fjölmíðlar þykja mikilvægur öryggisventill í lýðræðissamfélögum og hefur verið vísað til fjölmíðla sem fjórða valdsins. Aukin krafa um sjálfstæði og aðhald fjölmíðla kom fram á Íslandi í Rannsóknarskýrslu Alpingis á sama tíma og ytri skilyrði til fjölmíðlarekstrar versnuðu eftir efnahagskreppuna árið 2008. Fækkað hefur í stétt blaðamanna og ekki síst í dreifðari byggðum. Tekjuöflun fréttamiðla veltur að mestu á auglýsingum. Áskrifendum hefðbundinna fjölmíðla fækkar, blaðamennska færst í ríkari mæli yfir í netheima þar sem áhersla á að fréttir selji vel hefur farið vaxandi. Í rannsókn sem gerð var 2013-2014 var skoðað með viðtölum við ritstjóra staðarmiðla hvernig héraðsfréttablöð á Íslandi hafi brugðist við opinberu ákalli um mikilvægi sjálfstæðrar og gagnrýnninnar fréttamennsku. Niðurstaðan styður við fyrri rannsóknir, að vegna nálægðarvanda og efnahagsskilyrða kjósi blaðamenn í dreifðri byggð enn að leggja mesta áherslu á að binda eigið nærsamfélag saman, það sem kallað er samfélagssmiðshlutverk í erindinu. Lítil áhersla sé á aðhald gegn valdhöfum. Ritstjórar héraðsfréttablaða beiti sjálfssritskoðun. Rof hafi orðið á eldveggjum milli ritstjórnar og auglýsingadeilda. Lögð sé áhersla á milda fréttastefnu, sem forvirka aðgerð gegn aðkasti sem vekur spurningu um burði héraðsfjölmíðla til að sinna lýðræðislegum skyldum.

Björn Þorláksson

## Fræðsla og hræðsla í safnaheimi: Fagleg óvissa í göfugu starfi

Viðfangsefni erindisins felst í að kynna hluta rannsóknar á safnfræðslu (*museum learning*) er snýr að mótn fræðslustarf Á einu safni í samhengi við fræðin. Á sama tíma og menntunarhlutverk safna og rannsóknir á því sýna fram á mikilvægi fræðslustarfsemi innan safna, ríkir fagleg óvissa í göfugu starfi. Þegar aðstæður eru greindar, staða og stefna skoðuð á tuttugu ára tímabili birtast ákveðnir þróskuldar í framþróun starfsins. Safnfræðslu virðist haldið niðri innan safnanna sjálfra. Ógnir á bord við stefnuleysi, virðingarleysi og tilgangsleysi eru skoðaðar. Rannsóknaraðferðin er eigindleg viðtalsrannsókn unnin með samþættum aðferðum grundaðrar kenningar, hugsmíðahyggju og tilviksrannsókn (*constructivist grounded theory & case study approach*). Greind voru sex viðtöl við þrjá starfsmenn (tvö viðtöl við hvern viðmælanda) sem tengjast fræðslustarfí safns á tímabilinu 1991–2014. Gögnin sýna hvernig fræðslunni er háttáð, hvaða hugmyndafræði stýrir starfinu og kennslufræðileg nálgun. Orðræðugreining á opinberum gögnum átti sér einnig stað og þá helst á ársskýrslum fræðsludeildar, stefnumótun og verkefnum, bréfum og útgáfum fræðsluefnis, blaðagreinum, fundargerðum og fyrillestrum. Erindið er hluti af doktorsrannsókn sem ber heitið *Fagleg nálgun í fræðslumálum safna: hindranir og möguleikar*. Helsti lærðómur af þessu erindi liggar í greiningu á ákveðinni hræðslu gagnvart fræðslumálum safna sem leiðir mögulega af sér faglega óvissu í annars göfugu starfi.

AlmaDís Kristinsdóttir

## Þögn í salnum

Þögn hefur marvíslega merkingu og notagildi, allt eftir samhengi og áhrifum. Í fræðum tengdum skipulagsheildum er þögn þó almennt skilgreind sem vandamál, lamandi ástand sem kemur í veg fyrir að nauðsynlegum upplýsingum er miðlað eða að horfst sé í augu við aðsteðjandi ógnir. Í listastofnunum, svo sem eins og listasöfnum, leikhúsum og tónleikasölum, er þögnin hins vegar hin mótasagnakennda forsenda miðlunar og túlkunar. Hún skapar rými fyrir hlustun og umhugsun og tengist kjarna starfseminnar sem er að skapa umgjörð fyrir verkið eða gripinn sem er miðlægur í öllu starfi. Í rannsókninni er gerð grein fyrir hlutverki þagnar í starfsemi þriggja listastofnanna. Stuðst er við vettvangsheimsóknir, viðtöl og hlutagreiningu, en aðferðafræði stofnanalegrar merkingarfræði eða fagurfræði skipulagsheilda er lögð til grundvallar. Í samræmi við þá hefð er markmið rannsóknarinnar að niðurstöður séu ekki eingöngu greinandi á hinn lokaða veruleika skipulagsheildar heldur hafi víðari skírskotun og veki spurningar um ógagnrýna framleiðslu stjórnunarþekkingar, ætlaða altækt stjórnunartækni og hvernig stjórnunarkenningar eru boðaðar. Hugtakið sjálft, þögnin, afstaða hennar og sjónarhorn, er þannig leið til þess að vekja spurningar um hið gefna.

Njörður Sigurjónsson

## Ó(?)sýnilegt álfatyppi: Kynjapólitískt sjónarhorn á fjarverandi hluti

Breyttar áherslur á mannleg og ómannleg fyrirbæri hafa m.a. leitt til annars konar sjónarhorna á efnislega hluti sem byggja á jafnræði þar sem merkingarsköpun hins efnislega verður til í samskiptum hins mannlega og ómannlega fyrir atbeina beggja. Áherslur þessa sjónarhorns hafa helst beinst að sýnilegum og snertanlegum hlutum sem eru til staðar en undanskilið það sem er fjarverandi. Það vekur m.a. spurningar um undirskipun kvenna í efnismenningu safna þar sem efnislegar heimildir um konur eru að mörgu leyi fjarverandi. Það á við um stóran hluta af þeirri vinnu sem konur hafa innt af hendi en bent hefur verið á að það sem þær hafi gert hafi annað hvort verið nýtt eða étið upp til agna. Í þessum fyrirlestri er varpað ljósi á atbeina fjarveru í merkingarsköpun safna og hún skoðuð sem sérstakur þáttur í efnismenningu á sýningum þeirra. Byggt er á fyrri hluta rannsóknar á ó(?)sýnilegu álfatyppi á sýningu Hins Íslenzka Reðasafns þar sem yfirborðslestri (*surface reading*) og eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt til að skoða ósýnileika og fjarveru á söfnum og hvernig hún felur í sér annars konar leiðir til þekkingarsköpunar. Ennfremur hvernig megi virkja fjarveru sem hluta þeirrar efnismenningar sem sett er fram á sýningum.

Arndís Bergsdóttir  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson

## **Þáttur skólastjóra í innleiðingu Byrjendalæsis: Samanburður á tilvikum**

Byrjendalæsi er samvirk lestarkennsluaðferð sem þróuð hefur verið við Miðstöð skólaþróunar við Háskólan á Akureyri (MSHA). Aðferðin hefur á undanförnum árum verið innleidd í fjölda grunnskóla á Íslandi. Samhliða þróun hennar var sett saman tveggja ára starfsþróunarlíkan til að styðja skóla við innleiðinguna og í því er gert ráð fyrir að skólastjórar hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Í þessu erindi er þáttur skólastjóra í tveimur Byrjendalæsiskólum skoðaður þar sem aðkoma skólastjórnanna var ólík og leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hver var þáttur skólastjórnanna í innleiðingu Byrjendalæsis og hvaða þýðingu hafði aðkoma þeirra fyrir innleiðingu aðferðarinnar? Unnið var með gögn úr tveimur Byrjendalæsiskólum sem aflað var með viðtölum og vettvangsathugunum á árunum 2012–2014. Niðurstöður sýna meðal annars að aðkoma skólastjóra að innleiðingu Byrjendalæsis skiptir máli fyrir framgang aðferðarinnar og hefur áhrif á hvernig leiðtogar og kennarar vinna eftir henni. Niðurstöðurnar eru gagnlegar fyrir skólastjóra og þá sem standa að innleiðingu Byrjendalæsis en einnig aðra sem hyggjast innleiða breytingar.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir  
Eygló Björnsdóttir  
María Steingrímsdóttir

## **Hlutverk leiðtogans í innleiðingu Byrjendalæsis: Samanburður á tilvikum**

Byrjendalæsi er samvirk lestarkennsluaðferð sem þróuð hefur verið við Miðstöð skólaþróunar við Háskólanum á Akureyri (MSHA). Aðferðin hefur á undanförnum árum verið innleidd í fjölda grunnskóla á Íslandi. Samhliða þróun hennar var sett saman tveggja ára starfsþróunarlíkan með það fyrir augum að styðja við innleiðingu aðferðarinnar í skólum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skipaður sé leiðtogi í hverjum skóla sem gegnir lykilhlutverki við innleiðinguna og starfsþróun kennara. Í þessu erindi er greint frá athugun á hlutverki leiðtogans í Byrjendalæsisskólum þar sem þróun á starfi leiðtogans hefur verið með ólíkum hætti og leitast við að skýra ástæður þess og þýðingu fyrir innleiðingu Byrjendalæsis í skónum. Unnið var með gögn úr tveimur Byrjendalæsiskólum sem aflað var með viðtölum og vettvangsathugunum á árunum 2012–2014. Niðurstöður benda til þess að þættir eins og reynsla, þekking og áhugi leiðtogans á læsiskennslu og aðferðum Byrjendalæsis, ytra stuðningsnet skólangs og hvernig staðið var að ákvörðun um að taka upp aðferðina hafi áhrif á hvernig leiðtoga gengur að vinna að framþróun aðferðarinnar. Niðurstöður eru gagnlegar þeim sem standa að innleiðingu aðferðarinnar og þeim sem leiða þróunarverkefni í skólum.

Eygló Björnsdóttir

María Steingrímsdóttir

Sigríður Margrét Sigurðardóttir

## **Lítt farnar leiðir til að bæta læsi barna og ungmenna**

Flestar þjóðir Evrópu gefa út námskrár fyrir grunnskóla. Þar birta stjórnvöld stefnu sína í menntamálum, meðal annars læsi. Í hvert sinn sem fram koma niðurstöður rannsókna á læsi verða umræður um árangur eða skort á árangri. Skólar eru hvattir til að efla kennslu sem bætir læsi og markmið eru sett um að bæta árangur sem mældur er með innlendum og erlendum prófum. Algengt er að blása til átaks í einstöku skólum eða sveitarfélögum sem atlað er að bæta læsi. Oft næst góður árangur með þessu móti að minnsta kosti til skamms tíma. En spurning er hvort hér sé nóg að gert. Stundum virðist gjá skapast á milli þess sem námskrá kveður á um og skólanámskrár og viðfangsefna í kennslu. Vera kann að meginhugtök séu ekki nægilega skilgreind og þau komi illa að notum í námi nemenda. Þá virðast foreldrar oft í vafa um sinn hlut og skilning á námi og kennslu, svo sem fram kemur í rannsókn sem nú er unnið að. Þá gera nemendur sér óljósa grein fyrir gildi læsis. Í fyrirlestrinum verður þetta gaumgæft ásamt breyttri afstöðu til læsis, gildi þess fyrir samfélag og einskaklinga og hugað að leiðum til úrbóta sem ekki hafa verið áberandi í umræðu um læsi hér á landi.

Guðmundur B. Kristmundsson

## Fyrstu skrif á ævibraut

Lestur og ritun er eitt hið mikilvægasta sem skólinn leggur nemendum til út í lífið en jafnframt eitt af því sem margir eiga erfitt með og veldur því að þeir gefast upp og hætta í skóla við fyrsta tækifæri. Erfiðleikar í lestri og ritun hafa verið raktir til upphafsára skólagöngu og sýnt hefur verið fram á að sá sem ekki nær tökum á lestri um leið og hinir sé líklegri til að dragast aftur úr í námi og gefast upp. Færst hefur í vöxt að fullorðnir snúi aftur í skóla til að bæta við menntun sína eða afla sér annarrar menntunar og þá skiptir máli hvert veganestið er úr skyldunáminu. Kennsluaðferðin Byrjendalæsi hefur rutt sér til rúms hér á landi í fyrstu árgögum grunnskólans. Þessi aðferð felur í sér kerfisbundna beitingu ólíkra aðferða sem eiga að byggja upp áhuga og færni í ritmáli á fjölpáttum forsendum. Einn meginþáttur Byrjendalæsis er að láta börnini skrifa alveg frá upphafi lestrarnámsins, fyrst um einföld viðfangsefni en smám saman er glímt við stærri og flóknari verkefni. Tekið er mið af kennslustefnu sem kölluð er *ritun til náms* (*Writing to learn*). Í erindinu verður fjallað um hvernig ritunarkennsla er framkvæmd í nokkrum skólum sem styðjast við Byrjendalæsi og hvernig sú kennsla kemur heim og saman við hugmyndafræði um ritun til náms og hugmyndir um ævilangt nám (*life long learning*).

Baldur Sigurðsson

## Eru frímínútur geymsla fyrir nemendur eða mikilvægur þáttur í skólastarfi grunnskóla?

Hlutverk og gildi frímínútna fyrir skólastarf er ekki öllum ljóst og sýnist sitt hverjum. Í þessu erindi verður greint frá rannsókn þar sem markmiðið var að öðlast skilning á því hvernig frímínútur geta eftt skólastarf og stutt skóla við að uppfylla kröfur nýrrar aðalnámskrár. Rannsóknin fór fram í tveimur grunnskólum á Íslandi vorið 2014. Kannað var hvernig frímínútum skólanna er háttáð, hvaða áhrif frímínútur hafa á skólabraginn og hversu mikilvægar agastefnur skólanna eru fyrir starfsfólk skóla í starfi. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til þess að rannsaka viðhorf starfsfólks skólanna í gegnum viðtöl. Vettvangsathuganir voru auk þess gerðar í frímínútum og ýmis gögn um skólana greind. Þátttakendurnir voru fjórir, tveir starfsmenn í hvorum skóla. Markviss agastefna virðist nýtast starfsfólk vel í starfi og nálgun skólastjórnenda í aga- og starfsmannamálum virðist hafa áhrif á viðhorf starfsfólksins. Allt bendir til þess að flestum nemendum líði vel í frímínútum en með ýmsum úrbótum mætti koma í veg fyrir aðgerðarleysi, agavandamál og einelti. Öryggi og vellíðan nemenda í frímínútum hefur áhrif á líðan þeirra almennt og jákvæð áhrif á skólabrag. Þannig geta frímínútur eftt skólastarf og hjálpað skólum að uppfylla kröfur aðalnámskrár um öruggt umhverfi, vellíðan og velferð nemenda og stuðla að jákvæðum skólabrag.

Kristín Þóra Möller  
Hermína Gunnþórsdóttir

## Fjölskyldulestur og lestraruppeldi

Lestrarvenjur íslenskra barna hafa breyst mikið á fáeinum áratugum. Áhugi barna á bóklestri hefur dvínað með þeim afleiðingum að lesskilningi hefur hrakað. Bókleysi og slakur lesskilningur er ekki aðeins vandamál fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga heldur allt samfélagið. Flestir eru sammála um að þessari þróun þurfi að snúa við. Til þess að það megi gerast er nauðsynlegt að fára sjónarhornið frá bóklausu börnunum, út fyrir skólana og inn á heimilin. Foreldrar gegna lykilhlutverki í mótuun lestrarvenja barna sinna en ungrir lestrarhestar eiga það sameiginlegt að hafa fengið virkt lestraruppeldi frá því þeir voru smábörn. Rannsóknin Fjölskyldulestur og lestraruppeldi er unnin á vegum Barnabókaseturs Íslands og kallast á við fyrri rannsókn setursins á lestrarvenjum ungra bókaorma. Um spurningakönnun er að ræða sem byggir á úrtaki foreldra skólabarna á Akureyri. Markmiðið er að komast að því hvort foreldrar sinni lestraruppeldi barna sinna, hvort bæði feður og mæður sinni þessu verkefni; hvað valdi því að foreldrar sinna ekki lestraruppeldi og hvernig hægt væri að virkja þá sem ekki gera það. Í þessu erindi verður litið á fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar og dregin upp mynd af lestrarmenningu akureyrskra fjölskyldna.

Brynhildur Þórarinsdóttir

## Vörður á leið til læsis – ferilbók

Erindið byggir á meistaraprófsverkefni sem unnið var við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins var að þróa ferilbók sem heldur utan um þróun málss og læsis eins til tíu ára gamalla barna. Ferilbókin veitir yfirsýn yfir þróun læsis og skapar um leið samfellu í skráningu á þróun læsis á milli skólastiga. Þess er vænst að ferilbókin fylli upp í ákveðið tómarúm á þessu sviði. Verkefnið byggir á fræðilegri greiningu og er sjónum beint að bernskulæsi, málþroska, lestri og ritun, leshömlun og tvítyngi. Kennrarar í leik- og grunnskóla geta notað ferilbókina sem verkfæri til skráningar þegar einstaka vörðum á leið til læsis er náð. Bókinni er jafnframt ætlað að halda utan um niðurstöður skimana og prófa sem notuð eru í leik- og grunnskólum. Ætlast er til að skráning í ferilbókina hefjist þegar börn byrja í leikskóla, við eins árs aldur og er bókinni ætlað að fylgja barninu til loka yngsta stigs grunnskólans. Ferilbókinni fylgir handbók sem geymir tillögur að leiðum til íhlutunar ásamt ábendingum um náms- og kennsluefni sem hægt er að nota í kennslu og sem stuðning við læsinsnám barna. Í erindinu verður stuttlega greint frá megin rannsóknunum til grundvallar verkinu en aðal áhersla lögð á kynningu ferilbókarinnar ásamt handbók.

Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir  
Halldóra Haraldsdóttir

## Heimavinna – á „sjálfvali“ þrátt fyrir að vera tímans tákn?

Síðastliðin ár hefur umræða um heimavinnu í grunnskóla oft borið á góma, m.a. efasemdir um að hún stuðli að tilsettum árangri í námi og að hún samrýmist illa þörfum og lífsháttum barna og fjölskyldna í nútímanum. Rannsóknir hafa leitt í ljós misvisandi niðurstöður um gildi heimavinnu og því erfitt að alhæfa út frá þeim en þær umfangsmestu gefa þó til kynna að heimavinna geti stuðlað að auknum námsárangri án þess þó að tryggja það. Áhrifin eru m.a. háð aldri nemenda og sjálfstæði í námi – heimavinna virðist helst í þágu náms á unglungastigi en getur haft þveröfug áhrif á nám á yngsta stigi. Í erindinu verður vikið að *stöðu heimavinnu* með hefð, lög, reglur, námskrár, menntastefnu, rannsóknir og togstreitu í umræðu um heimavinnu í huga. Í þeirri umfjöllun verður m.a. vikið að nýjum íslenskum rannsóknum á viðhorfum foreldra og kennara til heimanáms. Þær benda til þess að tiltrú á heimanámi sé töluvert rík þótt hún fari dvíndi. Niðurstöður benda til þess að einstaklingsmiðað nám endurspeglist með ýmsum hætti í skólastarfi en það eigi síst við í tengslum við heimavinnu en einstaklingsmiðun virðist geta verið lykill að farsælu heimanámi.

Guðmundur Engilbertsson

## Samband innritunar í framhaldsskóla við félagslegan uppruna nýnema

Erindið er hluti af doktorsverkefni höfundar sem kannar námsgengi í framhaldsskólum eftir félagslegum uppruna og skólum. Samkvæmt greiningu Námsmatsstofnunar á niðurstöðum könnunarprófa PISA ríkir „gífurlegur jöfnuður“ í íslenskum grunnskólum. Því er athyglisvert að innritunarferli framhaldsskóla getur af sér einsleitari skóla varðandi félagslegan uppruna nemenda og miklu munar á meðaleinkunnum nýnemahópa framhaldsskólanna. Hvert er samband innritunar í mismunandi framhaldsskóla við félagslegan uppruna nýnema? Skýra einkunnir á samræmdum prófum innritunina? Teft er saman hugmyndum Bourdieu (1977) um hlut skólakerfisins í endurgerð félagslegrar aðgreiningar út frá ólíkum menningarauði nemenda og Boudon (1974) um yfirvegað val mismunandi þjóðfélagshópa á ólíkum menntakostum. Lýst verður félagslegri samsetningu 11 framhaldsskóla í Reykjavík haustið 2006 og fyrri námsárangri nýnemahópa skólanna. Greind verða gögn um einkunnir á samræmdum prófum grunnskólans, PISA-upplýsingar um félagslegan bakgrunn nemenda og úr nemendaskrá Hagstofunnar. Einkunnir nemenda í lok grunnskóla skýra í hvaða framhaldsskóla þeir eru innritaðir. Engu að síður endurgerir innritunin félagslega aðgreiningu þjóðfélagshópa og vinnur ekki gegn henni heldur getur af sér skóla sérvallinna nemenda. Raða verður hvort framhaldsskólakerfið skerpír á félagslegri aðgreiningu í þjóðfélaginu umfram það sem einkunnir á samræmdum prófum grunnskólans gefa tilefni til.

Þorlákur Axel Jónsson

## Áhrif félagsauðs á brotthvarf framhaldsskólanema

Yfir 90% nemenda hefja nám í íslenska framhaldsskólakerfinu strax að loknum grunnskóla en aðeins um 45% þeirra ljúka námi á tilskildum námstíma. Í ljósi þessa var rýnt í tölfraðigögn um námsframvindu nemenda sem fæddir eru árin '89, '91 og '93 og hófu nám í tilteknum fjölbautarskóla á landsbyggðinni strax að loknum 10. bekk. Rýnt var í fyrirliggjandi gögn úr gagnagrunni skólans um námsferil, einkunnir og námslok og niðurstöður greiningarinnar kynntar skólameistara og áfangastjóra. Í kjölfarið voru tekin tvö eigindleg viðtöl við stjórnendur skólans þar sem þeim gafst færi á að túlka niðurstöðurnar. Niðurstöður úr tölfraðiprófunum sýndu marktækan mun á útskriftarhlutfalli þeirra sem komu einir úr sínum grunnskóla miðað við hópinn í heild. Niðurstöðurnar voru speglaðar í kenningum um félagsauð og rýnt í kennslufræðilegar og stjórnunarlegar hugmyndir um hvernig megi efla hann í skólastarfi. Í viðtölum við stjórnendur kom fram að ekki hafði sérstaklega verið hugað að markvissri uppbyggingu félagsauðs í skólasamfélaginu né sjónum sérstaklega beint að þessum nemendum. Hagnýtt gildi rannsóknar fólst í að varpa ljósi á námsframvindu til að nýta í frekari stefnumótun og leggja fram tillögur að úrbótum byggðum á kenningum og rannsóknum um félagsauð og staðbundnum upplýsingum um skólasamfélagið.

Kristjana Sigríður Skúladóttir  
Berglind Rós Magnúsdóttir

## Seigla og sjálfstrú: Námserfiðleikar og velgengni í námi

Í erindi mínu mun ég gera grein fyrir niðurstöðum viðtalsrannsóknar sem var hluti af doktorsrannsókn sem unnin var í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin heitir *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifapatti og ábyrgð samfélags*. Þáttakendur viðtalsrannsóknarinnar voru 10 ungmennt með námserfiðleika sem náðu að ljúka framhaldsskóla. Í viðtölunum var áhersla lögð á að fá fram heildarmynd af reynslu þeirra af skólakerfinu frá upphafi náms. Niðurstöður byggjast á frásögnum ungmannanna sjálfra og draga fram upplifun þeirra af námserfiðleikum og reynslu af fyrstu skólaárunum og þeim stuðningi sem þau fengu frá foreldrum og skóla. Niðurstöður eru settar fram út frá reynslu þeirra af því að hefja nám í grunnskóla, fyrstu upplifun af námserfiðleikum og áhrifum þeirra á nám og líðan ásamt viðbrögðum innan fjölskyldu og skóla. Þá var áhersla lögð á að fá fram reynslu þeirra af því að hefja nám í framhaldsskóla og hvernig seigla þeirra og sjálfstrú varð til. Leitast var við að fá fram hvað það var sem studdi þau í námi og hvað hindraði. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að reynsla ungmannanna hefur verið flókin og margþætt í gegnum alla skólagönguna. Þá sýna niðurstöður að stuðningur getur skipt sköpum um líðan og sjálfsmýnd ungenna sem glíma við námserfiðleika.

Sigrún Harðardóttir

## Dansa limirnir eftir höfðinu? Samspil stefnumörkunar um upplýsingalæsi í lögum um framhaldsskóla og stefnumótunarritum stjórvalda og framkvæmd hennar í framhaldsskólum\*

Upplýsingalæsi er almennt talin mikilvæg færni fyrir einstaklinginn í upplýsingasamfélaginu, hvort sem er í námi, starfi eða tómstundum. Hugtakið var fyrst sett fram í Bandaríkjunum árið 1974 en hefur þróast áfram og merking þess víkkað þannig að hjá UNESCO og IFLA er hugtakið nú kynnt og komið á famfæri sem upplýsinga- og miðlalæsi (*media and information literacy*) og mikil áhersla er lögð á mikilvægi þess. Markmið með greininni er að skoða umfjöllun um upplýsingalæsi í lögum um framhaldsskóla og stefnumótunarritum stjórvalda annars vegar og hins vegar hvernig stefnumörkunin er framkvæmd í einstökum framhaldsskólum, til dæmis hvort upplýsingalæsi sé eitt af námsmarkmiðum skólanna. Þess er freistað að svara spurningunni hvort samhljómur sé á milli umfjöllunar um upplýsingalæsi í stefnumörkunarritunum og birtningarmynd þess og framkvæmd í einstökum skólum. Við greiningu á stefnumótunarritunum verður beitt texta- og orðræðugreiningu. Ennfremur er spurningakönnun send til skólanna þar sem meðal annars er leitað svara við fyrirkomulagi kennslu í upplýsingalæsi, hvaða námskrá er stuðst við, hvort upplýsingalesi sé eitt af námsmarkmiðum skólanna og hvort talið sé að næg áhersla sé lögð á upplýsingalæsi í framhaldsskólum. Niðurstöður úr orðræðu- og textagreiningunni eru síðan bornar saman við niðurstöður úr spurningakönnuninni og skoðað hvort merkjanleg tengsl komi fram á milli þessara þátta.

Þórdís T. Þórarinsdóttir  
Ágústa Pálsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Þetta hefur hjálpað mér að skilja heiminn: Sjálfsmynd háskólanema og mótun hennar í námi

Hvað felst í því að vera góður nemandi í ákveðinni háskólagrein og hverjar eru greinabundnar ímyndir slíksra nemenda? Hér verður greint frá niðurstöðum langtímarannsóknar á viðhorfum og reynslu háskólanema innan þriggja námsgreina við Háskóla Íslands. Tólf nemendur sem hófu nám við HÍ 2009 samþykktu að taka þátt í langtímarannsókn þar sem hálfopin viðtöl voru tekin við þá í gegnum þriggja ára námsferil þeirra. Hér verður sjónum beint að reynslu þeirra af fyrsta ári í háskóla og tilraunum þeirra til að átta sig á þeim kröfum sem gerðar eru til nemenda innan ólíksra háskólagreina. Í erindinu verður nemendaímyndum greinanna þriggja lýst og gerð grein fyrir tilraunum nemenda á fyrsta ári til að glíma við og tileinka sér þær ímyndir. Niðurstöður benda til þess að leið nemenda í gegnum námið sé bæði lituð af viðhorfum þeirra til greinarinnar, reynslu þeirra af því að nema greinina en að hún sé einnig vörðuð ýmis konar persónulegum, félagslegum og stofnanalegum þáttum sem hafa áhrif á upplifun nemenda. Rannsóknaniðurstöður draga jafnframt fram fjölbreytileika nemendahópsins og vísa á leiðir sem taka mið af þörfum nemenda og auka þar með gæði námsreynslu þeirra.

Guðrún Geirdóttir

## „PISA undrið“ og mótun menntastefnu á sviði náttúruvísinda\*

Á ráðstefnu *Nordiskt Forskarymposium om Undervisning i Naturvetenskap* (NFSUN) 4. til 6. júní 2014 flutti Svein Sjøberg, prófessor við Osloarháskóla, fyrirlestur þar sem hann leiddi að því rökum, að vaxandi hnattræn áhrif svonefndrar PISA-rannsóknar OECD, *Programme for International Student Assessment*, gætu talist varhugaverð. Við svipaðan tón kvað í bréfi sem hópur sérfræðinga í menntavísindum sendi Andreas Schleicher, yfirmanni menntamála hjá OECD, skömmu áður. Höfundur þessa erindis sat NFSUN ráðstefnuna og tók meðal annars þátt í pallborðsumræðum um áhrif PISA á skólastefnu á Norðurlöndum. Árið 2012 töku 65 þjóðir þátt í rannsókninni og höfðu niðurstöður PISA víðtæk áhrif á umræðu um stöðu menntunar í þátttokulöndunum. Í desember 2013 og framan af ári 2014 var umræðan hér lendis lífleg, jafnt í fjölmöldum, samfélagsmiðlum, meðal skólamanna og síðast en ekki síst meðal stjórnmálamanna og þeirra sem móta menntastefnu. PISA rannsóknin beimist að þremur meginþáttum náms, almennu læsi, stærðfræðilæsi og vísindalæsi. Í doktorsrannsókn sinni fyllaði höfundur þessa erindis um námskrárþróun í náttúruvísindum. Þar kom hugtakið vísindalæsi nokkuð við sögu í því ljósi sem OECD hefur skilgreint það. Í þessu erindi er velt upp spurningum um meint æskileg og meint óæskileg áhrif PISA á mótun menntastefnu hér lendis og erlendis.

Meyvant Þórólfsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Lengi býr að fyrstu gerð - Norræn rannsókn á stuðningi við kennara í upphafi starfsferils

Í erindinu verður fjallað um niðurstöður úr NORDMENT – rannsókn á stuðningi við nýja kennara á Norðurlöndum. Samstarfsaðilar um rannsóknina eru Háskólinn í Árósum Danmörku, Háskólinn í Turku Finnlandi, Óslóarháskóli Noregi, Háskólinn í Gautaborg Svíþjóð og Háskólinn á Akureyri. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvaða stuðningur kennurum á Norðurlöndum býðst á fyrstu árum sínum í kennslu og hvaða áhrif hann hefur á upplifun þeirra á starfi sínu. Í rannsókninni er leitað eftir þáttum sem styrkja nýja kennara í starfi og geta komið í veg fyrir uppgjöf. Sjónum er einkum bent að því hvað gert er vel í þeim efnum og hvað má betur gera innan skólanna til að styðja við kennarana, til dæmis með markvissri leiðsögn, endurgjöf og starfsþróun. Jafnframt er skoðað hvaða ytri þættir, til að mynda sí- og endurmenntun, geta veitt kennurum stuðning. Í erindinu munu málstofuflytjendur gera grein fyrir völdum þáttum úr niðurstöðum íslensku rannsóknarinnar, m.a. þar sem fram kemur að endurgjöf frá stjórnendum skiptir miklu máli hvað varðar skýrleika starfs, samstarf kennara, óformlega leiðsögn og skuldbindingu nýliða við kennarastarfíð.

María Steingrímsdóttir  
Guðmundur Engilsbertsson

## Áhrif vöruvæðingar menntunar á kennarastarfíð

Ríkjandi menntastefnur eiga það sameiginlegt að áhersla er lögð á skiptigildi menntunar (*exchange value*) þar sem gæði eru stöðluð og vöruvædd svo hægt sé að keppa um þau á markaði. Skólar eru því rétt eins og fyrirtæki gerðir ábyrgir fyrir árangri og skilgreindum gæðum skólastarfs og þar af leiðandi það fagfólk sem þar vinnur. Ólíkt menningar- og félagslegt samhengi milli skóla er ekki talið skipta máli í þessu samkeppnisumhverfi. Reifaðar verða niðurstöður úr tilviksrannsókn sem byggir m.a. á viðtolum við 11 kennara sem starfa við bandarískan skóla sem er undir ströngu ytra eftirliti vegna skorts á „gæðum“ að mati yfirvalda, mælt út frá árangri í læsi og stærðfræði. Viðtölin voru orðræðugreind, m.a. með hliðsjón af hugtökunum innri ögun og sviðsetning. Í erindinu er sjónum sérstaklega beint að því hvernig reyndir kennarar sem höfðu farsælan kennsluferil og sterka faglega sýn upplifðu erfðoleika við að halda í faglegt sjálfstæði sitt og starfsánægju undir þessum kringumstæðum. Jafnframt eru tekin dæmi úr íslensku samhengi frá kennurum, í brennimerktum skóla sem taldist „verstur“ grunnskóla í Reykjavík út frá viðmiðum um læsi, til að varpa ljósi á vöruvæðingu menntunar hér á landi og áhrifum hennar á kennarastarfíð.

Berglind Rós Magnúsdóttir

## Var þetta sýndarsamráð? - Orðræða tengd sameiningum leikskóla í Reykjavík

Eftir hrun stóðu mörg sveitarfélög frammi fyrir miklum rekstrarerfiðleikum og tilkynntu að þau yrðu að draga saman seglin. Voríð 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga könnun á meðal sveitarfélaga og þar kemur fram að algengustu hagræðingaraðgerðir sveitarfélaganna tengdust fræðslumálum, þar með talið; sameiningar, að dregið var úr yfirvinnu og afleysingum. Reykjavíkurborg er eitt þeirra sveitarfélaga þar sem allar framangreindar leiðir hafa verið farnar. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkurborgar kynntu fljóttlega eftir kosningar 2010 að til stæði að draga úr fjármunum til reksturs skólakerfisins. Meðal þess sem borgin boðaði voru stærri stjórnunareiningar í skólum, sameiningar leikskóla, sameiningar leikskóla við grunnskóla. Rýnt er í skýrslur og skrif um sameiningar leikskóla í Reykjavík og þær orðræðugreindar með aðferð sem Ingólfur Ásgeir Jóhannesson hefur þróað. Jafnframt er leitast við að spegla vinnubrögð Reykjavíkurborgar við leiðbeiningar sem Fjármálaráðuneytið hefur gefið út um sameiningu opinberra stofnana og Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiningar og samrekstur skóla. Fyrstu niðurstöður benda til að hugmyndir tengdar rekstri og þjónustu hafi verið undirliggjandi en minna horft til menntunarfræðilegra þáttta. Ennfremur er ljóst að samráð virðist hafi verið meira í orði en á borði.

Kristín Dýrfjörð

## Nýtt málumhverfi og hvað svo?

Á undanförnum árum hefur aukist mjög þrýstingur á háskóla í Norður-Evrópu að taka upp ensku í vísindum, háskólanámi/kennslu og í viðskiptum. Ísland er þar engin undantekning. Enn er meirihluti námskeiða við Háskóla Íslands kenndur á íslensku en námskeiðum á ensku fer fjölgandi. Mikill meirihluti námsefnis er á ensku í flestum deildum og jafnvel alfarið. Aukin áhersla er á að akademískir starfmenn birti rannsóknir sínar á ensku. Nágrannalöndin eru í síauknum mæli að gera sér ljóst að bæði nemendur og kennarar þurfa aukinn stuðning við enskunotkun og hafa brugðist við því með ýmsu móti. Í þessu erindi verður rætt um stöðuna við Háskóla Íslands sem byggir á langtíma rannsóknarverkefni á stöðu ensku á Íslandi. Niðurstöður renna stoðum undir þá kenningu okkar að nýtt málumhverfi sé að þróast á Íslandi þar sem enska er notuð jöfnum höndum við íslensku í háskóla og á mörgum svíðum atvinnulífsins. Við Háskóla Íslands ríkir skýr mismunur milli ríkjandi hugmyndafræði skólans, málstefnu og málnotkunar í raun. Lítill stuðningur við enskunotkun er í boði fyrir nemendur og kennara ólíkt hinum Norðurlöndunum. Einnig benda niðurstöður til að huga þurfi betur að inntaki í menntun enskukennara og breyta áherslum í enskukenndu í framhaldsskólam.

Hafdís Ingvarsdóttir  
Birna Arnbjörnsdóttir

## Í fótspor foreldra

Í erindinu er fjallað um stöðu ungmenna á leið þeirra frá skóla til vinnu í tengslum við menntun foreldra og að hvaða marki menntunarstaða foreldra geti hugsanlega haft áhrif á stöðu ungmenna á vinnumarkaði. Niðurstöður byggja á vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands á öðrum ársfjórðungi 2009 en þá var viðhengi bætt við hefðbundna könnun um fyrsta starfið að loknu námi meðal fólks á aldrinum 16 til 34 ára (svarendur voru 1169). Niðurstöður sýna að um 45% fólks á aldrinum 25-34 ára hefur lokið sama menntunarstigi og foreldrar þeirra, um 26% hefur lokið hærra menntunarstigi og um 29% lægra menntunarstigi. Þeir sem ljúka háskólanámi eru líklegrir en aðrir til að fá hærra sett störf hvort sem foreldrar hafa litla eða mikla menntun. Þeir sem eiga foreldri sem hafa lokið háskólanámi eru líklegrir en aðrir til að ljúka háskólanámi. Hins vegar skiptir máli hvort menntunarstig foreldra er hærra, það sama eða lægra en afkvæma þeirra. Þau ungmenni sem hafa lokið hærra menntunarstigi en foreldrar þeirra gengur hvað best á vinnumarkaði en þeir sem hafa lokið lægra menntunarstigi hvað verst. Niðurstöður benda því til að flókið samband geti verið milli menntunar foreldra og menntunar barna.

Jóhanna Rósa Arnardóttir

## Samráð að hætti Dana\*

Sem dæmi um pólitíska ákvarðanatöku í ólíkum stjórnmálakerfum verður borin saman nýskipan grunnskólakennaramenntunar á Íslandi 2008 og í Danmörku 2007/2013. Á Íslandi var róttæk breyting, m.a. lenging kennaranáms um tvö ár, gerð í einu skrefi. Í Danmörku var smærri breyting gerð í tvennu lagi, fyrst til reynslu. Á Íslandi var breytingin undirbúin að frumkvædi Kennaraháskólans. Í Danmörku vekur athygli aðkoma matsstofnunarinnar *Danmarks evalueringssinstitut*. Einkum verður borin saman aðkoma stjórnvalda og stjórnmálaflokkja. Á Íslandi veitti fagráðherra málina brautargengi með tilstyrk ríkisstjórnar, stjórnarþingflokkja og stjórnarmeirihlutans í þingnefnd. Í Danmörku hafa sex stjórnmálaflokkar pólitíska forstu í málinu, þeirra á meðal núverandi og fyrrverandi stjórnarflokkar. Þeir höfðu myndað varanlegan samráðshóp (d. *forligsgruppe*) um kennaramenntun sem stýrði undirbúningi breytinganna, ákvað inntak þeirra með formlegu samkomulagi (d. *forlig*) 2006 og aftur 2012 og heldur áfram að líta eftir framkvæmdinni. Þingkosningar og stjórnarskipti 2011 breyttu litlu um völd og ábyrgð þar eð hver flokkur telst hafa neitunarvald í samráðshópnum. Danska samráðskerfið færir stjórnmálaflokkum óskorað vald líkt og íslenska meirihlutakerfið. Hlutverk þingsins verður síst meira þar sem samráðsflokkar tryggja málum framgang líkt og stjórnarflokkar hér. Danska kerfið gerir stefnubreytingar seinlegri og fyrirsjáanlegri en það íslenska og áhrif stjórnmálaflokkja síður háð stjórnaraðild.

Helgi Skúli Kjartansson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Félagsuppeldisfræði?

Tómstunda- og félagsmálafræði er ný og ört vaxandi fræðigrein hérlandis. Námsbraut í Tómstunda- og félagsmálafræðum (NTF) hóf starfsemi um aldamótin síðustu þæði við KHÍ og HÍ og síðar Menntavísindasvið Háskóla sem sjálfstæð braut. Höfundur, sem jafnframt er aðjúnt við NTF, veltir fyrir sér í þessu erindi hver sé hinn fræðilegi grunnur tómstunda- og félagsmálafræðinnar, og ekki síst hvort fræðasviðið beri nafn með rentu, nafn sem skyri hinn fag- og fræðilegan bakgrunn þess og sé nægilega lýsandi fyrir fræðasviðið í heild? Erlend heiti eins og *Leisure Studies* (e.), *Fritidsretenskap* (s.), *Sozialpädagogik* (þ.) eru mun meira lýsandi. Er tímabært að nefna tómstunda- og félagsmálfraðina öðru nafni, t.d. félagsuppeldisfræði, og ef svo er, hver er hinn fræðilegi bakgrunnur félagsuppeldisfræðinnar og í hverju felst fagið? Ef litíð er til helstu kenninga á þessu fræðasviði þá er það mat höfundar að tómstunda- og félagsmálafræði sé ekki nægilega lýsandi hugtak, heiti námsins gefi villandi mynd og hafi ekki tilvísun í raunverulegt innhald þess. Það er mat og niðurstaða höfundar að hugtakið félagsuppeldisfræði sé mun heppilegra, það sé lýsandi bæði hvað varðar fag- og fræðilegan grunn tómstunda- og félagsmálafræðinnar.

Árni Guðmundsson

## Gildi og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði

Í erindinu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr rannsókn sem fram fór 2012 og 2014 meðal brautskráðra nemenda í grunnnámi í tómstunda- og félagsmálafræði frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands á árunum 2005–2012. Leitast er við að draga upp heildstæða mynd af viðhorfi nemenda til námsins og þeirrar gagnsemi sem þeir telja sig hafa haft af námi sínu á árunum 2001–2012. Þá er einnig fjallað um aðdraganda og þróun námsins. Rannsóknin byggir á spurningakönnun sem lögð var fyrir 2012 og rýnihópaviðtali sem tekið var 2014. Þáttakendur voru nemendur sem allir höfðu lokið grunnnámi í tómstunda- og félagsmálafræði, samtals 96 einstaklingar, en af þeim svöruðu 72 spurningakönnuninni og 6 töku þátt í rýnihópaviðtali. Helstu niðurstöður eru að almennt eru fyrrverandi nemendur ánægðir með námið í tómstunda- og félagsmálafræði. Námið hefur nýst þeim vel í starfi og/eða áframhaldandi námi; hefur eftt þá persónulega og fræðilega, ásamt því að hafa verið fjölbreytt og skemmtilegt. Einnig kom fram ýmislegt sem betur mátti fara og er hægt að nota niðurstöðurnar til að þróa námið og efla tengsl við fagvettvang í mótu.

Jakob Frímann Þorsteinsson  
Vanda Sigurgeirs dóttir

## Hvað ræður för við starfsval og þróun þroskaþjálfanáms á Íslandi og í öðrum háskólum Evrópu?\*

Þroskaþjálfar ganga ýmist undir heitinu *social educators* eða *social pedagogues* í löndum Evrópu. Hugtakið *social education* er það heiti sem alþjóðasamtök þroskaþjálfa AIEJI nota yfir faggreinina þroskaþjálfafræði líkt og lönd Suður-Evrópu gera. Í flestum löndum er þroskaþjálfafræði nú kennd til BA-gráðu og í mörgum tilfellum jafnframt til meistara- og doktorsgráðu. Í skrifum fræðimanna sem hafa rannsakað þetta fræðasvið kemur fram að flutningur menntunar þroskaþjálfa á háskólastig, ákvæði Bolognaferlisins og alþjóðlegir mannréttindasáttmálar hafa verið mikilvægir breytingakraftar á alþjóðavísu í þeirri þróun að skapa fræðigreininni traustari sess. Rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af langtímarannsókn sem hófst árið 2013 og beinir sjónum að þýðingu alþjóðlegs samstarfs fyrir framþróun þroskaþjálfafræða hérlendis. Hér eru borin saman kjarni sérfræðipekkingar þroskaþjálfanáms nokkurra háskóla í Evrópu, þar á meðal Íslandi með áherslu á helstu áhrifavalda. Rannsóknarsprungin sem lögð er til grundvallar er eftirfarandi: Undir hvers konar störf er verið að búa nemendur í þessum háskólum og á hvaða fræðilegum stoðum byggir sérfræðipekkingin sem lögð er til grundvallar starfsréttindum þeirra? Sérstök áhersla er lögð á að skoða hvernig skírskotað er til uppruna, starfshlutverks, starfsvettvangs, notendahóps og fræðilegra stoða. Rannsóknin er unnin samkvæmt eiginlegrí rannsóknarhefð og rannsóknaraðferð innihaldsgreiningar á viðtölum, fræðilegum skrifum og kennsluskráum.

Vilborg Jóhannsdóttir

Kristín Lilliendahl

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í *Skemmunni* ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Samanburður á stöðu, áskorunum og framtíðarsýn þroskaþjálfa í fjórum löndum Evrópu

Í erindinu eru kynntar niðurstöður rannsóknar sem byggir á skrifum og viðtölum við aðila sem veita fagstétt þroskaþjálfa forstu í fjórum löndum, þ.e. á Spáni, í Noregi, Danmörku og á Íslandi. Rannsóknin er eiginleg og við gagnaöflun er leitast við að svara þemur lykilspurningum sem varða stöðu fagstéttarinnar á vinnumarkaði nú, helstu áskorunum sem hún mærir í starfi og framtíðarsýn. Niðurstöður varpa ljósi á þá umræðu sem efst er á baugi meðal þeirra aðila sem sitja í stjórn fagfélaga þroskaþjálfa og þá sýn sem þar birtist á samfélagslegt hlutverk stéttarinnar, starfsímynd hennar og hugmyndafræðilegan grundvöll starfsins. Jafnframt birta þær þau viðfangsefni og markmið sem forystaðilar vinna að fyrir hönd stéttarinnar í hverju landi. Rannsóknarspurningin sem gengið er út frá er: „Hvernig horfa þroskaþjálfar á Íslandi á stöðu sína og störf nú og til framtíðar og hvernig speglar sú sýn alþjóðlega umræðu fræðimanna og fagstéttarinnar um aukið samræmi fagsins milli landa og þeirra fræða sem faginu tilheyra“. Niðurstöður benda til þess að faglegar áherslur íslenskra þroskaþjálfa séu almennt í samræmi við áherslur þroskaþjálfa í þeim löndum sem höfð voru til samanburðar en að starfsvettvangur þeirra sé mun afmarkaðri. Í erindinu eru niðurstöður skoðaðar í ljósi markmiða aljóðasamtaka þroskaþjálfa og áætlunar Bolognaferlisins um samræmd starfsskilyrði og sameiginlegt fræðasamfélag Evrópu á öllum fagsviðum. Rannsóknin er hluti langtímarannsóknar á stöðu og þróun fagstéttarinnar hérlendis sem erlendis og áhrifum þeirrar þróunar á þróun inntaks og gæða í námi þroskaþjálfa við Háskóla Íslands.

Kristín Lilliendahl  
Vilborg Jóhannsdóttir

## Sjúkdómsvæðing ADHD

Sjúkdómsvæðing lýsir ferlinu þegar mannleg vandamál sem hafa verið utan læknisfræðinna verða skilgreind og meðhöndluð sem læknisfræðileg vandamál. Hegðunarfandamál barna hafa í æ ríkari mæli verið skilgreind með augum læknisfræðinna og er umtalsvert hlutfall barna greint með ADHD með tilheyrandi lyfjanotkun. Ísland er með meiri rítalín notkun en flestar aðrar Evrópuþjóðir og því er mikilvægt að skoða þessa þróun nánar hérlendis. Í þessu erindi verður fjallað um hlutverk skólans er farið hafa í greiningaferli barna með hegðunarfanda. Erlendar rannsóknir benda til þess að skólaumhverfið sé oft á tiðum að setja mikla pressu á foreldra að setja barn sitt í greiningu. Því hefur verið velt upp hvort að hlutverk kennara í sjúkdómvæðingunni sé að mörgu leyti óskýrt, þ.e. hversu langt þeir eiga að ganga eða geta gengið í sjúkdómsvæðingu barna. Fyrirhuguð rannsókn okkar mun skoða þessa þróun á Íslandi með eiginlegrum rannsóknaraðferð. Viðtöl verða tekin til þess að fá sjónarhorn foreldra sem neitað hafa greiningu sem skólaumhverfið hefur lagt til. Einnig verður rætt við sérfræðinga, bæði kennara og einstaklinga sem koma að því að greina börn með ADHD.

Jón Gunnar Bernburg  
Anna Soffía Víkingsdóttir

## Tengsl líkamsþyngdarstuðuls unglings og stuðnings foreldra

Markmið: Að skoða hvort það séu tengsl milli líkamsþyngdarstuðuls (BMI) og þeim stuðningi sem börn og unglings upplifa að þau fái frá foreldrum sínum.

Aðferð: Við notuðum gögn frá HBSC rannsókninni (*Health Behaviour in School-aged Children*) sem lögð var fyrir skólaárið 2009/2010. Í úrtakinu voru 3.813 íslenskir unglingsar í 10. bekk; 1.876 stúlkur og 1.937 drengir. BMI var reiknaður út frá spurningum um þyngd og hæð og flokkaður í samræmi við alþjóðleg viðmið. Þátttakendur voru einnig beðnir um að meta hversu auðvelt þeim væri að fá tilfinningalegan stuðning og hjálp frá foreldrum sínum.

Niðurstöður: Meðal stúlkna kom fram neikvæð fylgni milli aukins BMI og upplifun á tilfinningalegum stuðningi og hjálp frá foreldrum. Meðal drengja voru það þeir sem flokkuðust annað hvort í undirþyngd eða sem of feitir sem upplifðu lakasta stuðninginn.

Lárdómur: Líkamsþyngdarstuðull unglings hefur fylgni við þann tilfinningalega stuðning sem þeir upplifa sig fá frá foreldrum. Þessi niðurstaða vekur upp enn frekari spurningar um þá erfiðleika sem of þungir unglingsar og börn virðast þurfa að glíma við.

J. Snæfríður Einarsdóttir

Ársæll Arnarsson

## Íþróttir ungs fólks: Þróun íþróttáþáttöku og gildi íþróttastarfs fyrir íslensk ungmenni

Frá og með seinni hluta tuttugustu aldarinnar hefur íþróttáþáttaka vaxið það ört að fræðimenn hafa talað um „íþróttavæðingu samfélagsins”. Þessi aukna þáttaka á ekki síst við í þróttum barna og ungmenna, sem eru í dag stærstur hluti þáttakenda í skipulögðu íþróttastarfi. Ásteður almennrar þáttöku ungs fólks í skipulögðu íþróttastarfi má að einhverju leyti rekja til jákvæðra hugmynda almennings um slíkt starf þar sem litíð er á íþróttir sem hluta af uppeldisstofnunum samfélagsins – og því heppilegan vettvang fyrir aðlögun barna og ungmenna að viðteknum gildum samfélagsins. Greinin byggir á viðamiklum gögnum Rannsóknar & greiningar á ungu fólk og skoðar þróun íþróttaiðkunar íslenskra ungmenna með tilliti til uppeldislegra gilda íþróttastarfins. Sérstaklega verður litíð til mismunandi umgjörðar íþróttastarfs sem og þess hvort skipulagt íþróttastarf nái til þeirra ungmenna sem eru í hvað mestri þörf fyrir skipulagt félagsstarf til að aðlagast ríkjandi gildum samfélagsins, til að mynda þeirra sem almennt eru skilgreind í áhættuhópi með að nota vímuefn.

Viðar Halldórsson

## „Þetta er bara hefð og menn hafa ekki slasast“. Um hjátrú og vígslur í íþróttum

Í eigindelegri rannsókn árið 2013 var fjallað um hjátrú og manndómsvígsur innan íþróttar á Íslandi. Rætt var við 16 einstaklinga sem tengdir eru íþróttum og íþróttastarfi á einn eða annan hátt. Lögð var áhersla á upplifun þátttakenda af hjátrú og busunum og kannad með hvaða hætti þær lita menningu íþróttar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að íþróttamennirnir telja þessi fyrirbæri vera mjög algeng í íþróttameinum og vera mikilvæg einkenni hans. Flestir íþróttamenn hafi einhvær tíma á íþróttaverli sínum kynnst hjátrú. Busanir og manndómsvígsur eigi sér stað í flestum íþróttagreinum. Oftast sé aðeins um saklausa skemmtiathöfn að ræða en í stöku tilfellum grófari athafnir, jafnvel mjög grófar. Busanir virðast samt sem áður vera viðurkenndar innan hópsins og hefðirnar tengdar þessum athöfnum virðast halda sér frá ári til árs og milli kynslóða. Erindi þetta byggir á meistararannsókn Sæunnar Sæmundsdóttur árið 2013 í tómstunda- og félagsmálafræði í Íþrótt-, tómstunda og þroskaþjálfadeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Aðalhöfundur erindis var leiðbeinandi hennar.

Guðmundur Sæmundsson  
Sæunn Sæmundsdóttir

## Samfélagsleg áhrif Bræðslunnar á Borgarfirði eystra

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna þau áhrif sem tónlistarhátiðin Bræðslan hefur haft á samfélagið Á Borgarfjörð eystra þar sem hún hefur verið haldin árlega frá árinu 2005 og nýta niðurstöðurnar til að búa til betri viðburð. Beitt var aðferðum þátttökurannsókna auk þess sem framkvæmdar voru spurningakannanir meðal heimafólks á Borgarfirði og gesta hátíðarinna. Auk þessa er í ritgerð þessari fjallað um samfélagsleg áhrif viðburða, um tónlistarhátiðir, hérlandis og erlendis og um jaðarbyggðir. Dregin er upp mynd af bakgrunni Bræðslunnar á Borgarfirði og stöðu samfélagsins þar. Helstu niðurstöður eru þær að Bræðslan nýtur mikils velvilja bæði hjá gestum hennar og meðal heimafólks. Hátiðin hefur haft margvísleg jákvæð áhrif á samfélagið á Borgarfirði, styrkt sjálfsmýnd íbúa og styrkt efnahagslega innviði. Þá hefur hún aukið verulega sýnileika staðarins í fjölmölum og á samfélagsmiðlum. Þrátt fyrir að hátiðin hafi aukið bjartsýni meðal heimamanna og blásið þeim jákvæðan anda í brjósti er a.m.k. ennþá ekki hægt að fullyrða neitt um að hún muni beinlínis snúa við neikvæðri íbúaþróun á staðnum. Í rannsókninni komu fram atriði sem gestir og heimafólk sögðu betur mega fara varðandi framkvæmd hátíðarinna. Brugðist hefur verið við flestum þessara atriða og áfram verður unnið að því að nýta niðurstöður hennar til að skapa betri viðburð.

Áskell Heiðar Ásgeirsson

Guðrún Helgadóttir

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

## Þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir á söng

Söngur er fyrirbrigði sem lengi hefur fylgt manninum. Sumir telja að söngur hafi þróast með manninum á undan tungumálinu og sé elsta listform menningarinnar. Þrátt fyrir að söngur virðist vera ríkur hluti af uppvexti og þroska hverrar manneskjú er afar lítið vitæd um það hvernig lítið barn lerir að syngja og hvaða þýðingu söngur hefur fyrir einstaklinga og hópa. Rannsóknarverkefnið Advancing Interdisciplinary Research in Singing (AIRS) fékk styrk til 7 ára frá Kanadískra rannsóknarráðinu (Social Sciences and Humanities Research Council of Canada) fyrir tímabilið 2009-2016. Ísland er eitt af 15 þátttökulöndum í þessu þverfaglega rannsóknarsamstarfi 70 rannsakenda á sviði söngs. Þrjú meginþemu móta samstarf rannsóknarhópanna en það eru: 1) Þróun og þroski söngs, 2) Söngur og menntun, og 3) Söngur og heilsa. Á Íslandi hafa samræmd söngþroskapróf verið lögð fyrir börn á leikskólaaldri til að unnt sé að bera saman söngþroska barna í ólíkum löndum. Einnig hefur upptökum af íslenskum fjöldasöng á mannamótum verið safnað til greiningar með stuðningi AIRS verkefnisins. Í þessu erindi verður sagt frá nokkrum verkefnum og helstu niðurstöðum úr þeim.

Helga Rut Guðmundsdóttir

## **Myndarleg þjóð: Líkaminn í ljósmyndum við upphaf 20. aldar**

Í upphafi 20. aldar urðu talsverðar breytingar á orðræðunni um líkama Íslendinga. Samfara hugmyndum um aukið sjálfstæði þjóðarinnar var litið til þess að Íslendingar tækju framfaraspór bæði í andlegri og líkamlegri menningu. Þeit heilsa og aukin íþróttaiðkun Íslendinga varð lykilstef í orðræðunni um heill þjóðarinnar. Í erindinu, sem tengist yfirstandandi rannsókn á ögun líkamans á Íslandi í upphafi 20. aldar, verður fjallað um birtingarmynd líkamans í ljósmyndum frá fyrstu fjórum áratugum aldarinnar. Gengið er út frá því að ljósmyndir geti veitt ómetanlega innsýn í líkamsmenningu tímabilsins umfram það sem unnt er að draga af skriflegum vitnisburði. Í rannsókninni eru ljósmyndir greindar sem birtingarmyndir viðhorfa til líkamans og gildismats hvað varðar líkamlegt útlit og framkomu. Sá lestur er settur í samhengi við ríkjandi orðræðu um líkamlega fagurfræði og þróun hennar á tímabilinu sem um er fjallað. Niðurstöðurnar draga fram með sjónrænum hætti breytingar á afstöðunni til líkamans samfara vaxandi áherslu á íþróttir, nútímalega hreinlætishætti o.fl.

Sigurlaug Dagsdóttir  
Ólafur Rastrick

## Þjóðleg hegðun, líkamleg þjóðareinkenni

Á millistríðasárunum var eytt allnokkru þúðri í að skilgreina líkamleg einkenni íslensku þjóðarinnar. Pælingarnar tengdust hugmyndum um líkama hins síðmenntaða nútímmanns, birtingarmynd hreinleika og fágunar, sem m.a. voru sóttar til viðtekinna gilda kynþáttahyggu og ímyndar um yfirburði vestrænnar síðmenningar. Áhugi á líkómum Íslendinga bírtist með ýmsum hætti, s.s. í gagnaöflun um líkamskosti og líkamlega framkomu sem gjarnan var talið birtingarform þjóðareðlis og fornrar menningararfleifðar. En viljinn til þekkingar fól líka í sér vilja til betrunar, umbóta á líkamlegu atgervi, heilbrigði og hreinlæti sem og aðlögun að ytri háttum þess sem álítið var síðmenntað. Í erindinu verða kynntar nokkrar niðurstöður yfirstandandi rannsóknar á mótu líkamsmenningar Íslendinga á millistríðsárunum. Markmiðið er að greina praktíska útfærslu umbótahugsunar sem miðaði að því að hafa áhrif á líkamlega hegðun og framkomu og skoða hvaða þáttum hún beindist að og hvaða aðferðum var beitt til að ná settum markmiðum. Fræðilegt sjónarhorn rannsóknarinnar má kenna við hugtakið stjórnvaldstækni (*governmentality*) þar sem skoðaðar eru þær leiðir sem farnar eru af ólíkum gerendum í samféluginu til að móta vilja fólks til sjálfsbetrunar.

Ólafur Rastrick

## Líkamsstaða karla

Erindið fjallar um líkamsstöðu karla og birtingarmyndir karlmennsku í ljósmyndum frá völdum tímapunktum á 20. öldinni og til samtímans. Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður yfirstandandi rannsóknar á sögulegri þróun karlmennsku eins og hún birtist í uppstillingum íslenskra karlmannna fyrir framan linsu myndavélarinnar. Markmið verkefnisins er að safna og greina sjónrænar heimildir og setja í fræðilegt samhengi við rannsóknir á karlmennsku, líkamsmenningu og limaburði. Gengið er út frá því að karlmennska sé félagslega mótuð í samspili einstaklinga og umhverfis og því sibreytileg eftir tíma, samfélagi og stað. Ólík karlmennska mótar líkamann með ólíkum hætti og ber svip af samfélagsaðstæðum og -breytingum. Til dæmis taldist karlmannlegt að standa í réttstöðu í byrjun 20. aldar og var til marks um styrk, sjálfstæði og jafnræði. Hálfrí öld síðar þótti réttstaðan aftur á móti hallarísleg og alvöru karlmenn voru slakir og svalir. Í þessari rannsókn eru ljósmyndir af karlmönnum sem varðveittar eru í skjalasöfnum Austfirðinga og Ísfirðinga greindar í þessu tilliti. Þær eru svo bornar saman við myndir sem teknar eru sérstaklega fyrir rannsóknina af körlum í samtímanum. Ætla má að niðurstöðurnar, sem ekki liggja enn fyrir, endurspegl ákveðnar sögulegar þróunarlinur í því hvernig íslenskir karlar hafa tjáð karlmennsku og sjálfsmýnd í líkamsstöðu á ljósmyndum.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir  
Valdimar Tr. Hafstein

## Líkamar í lauginni

Í hversdagslífi margra gegna sundlaugar mikilvægu hlutverki. Sundlaugin getur átt þátt í uppgjöri dagsins – öll þreyta og áhyggjur líða úr líkamanum í vatninu. Sundlaugin er staður hvíldar og hressingar, heilsulind, baðstaður og samkomustaður fólks til kjaftagangs. Í sundlauginni koma saman hálfnaktir líkamar sem undir öðrum kringumstæðum gætu ekki unað sér með sama hætti. Í erindi þessu verður sjónum beint að líkamanum í sundlauginni. Markmiðið er að fá innsýn í hvorheim sundgesta, hvernig þeir upplifa og skynja líkama sinn í lauginni og sjá hvaða þátt þær óskráðu og skráðu hegðunarreglur sem finna má í sundlaugum hafa á þessa reynslu sundgestsins. Rannsóknin byggir á viðtölum sem tekin hafa verið við fastagesti í sundlaugum á norðanverðum Vestfjörðum sem og svörum úr spurningalista sem sendur var út af Þjóðminjasafninu þar sem spurt var um sund og baðvenjur á Íslandi. Vísbendingar gefa til kynna að til að sundgestir geti unað við sitt í kringum aðra hálfnakta líkama verði þeir að fylgja þessum hegðunarreglum og sem dæmi um það þá ber gestum lauganna að veita nekt annarra sundgesta litla athygli. Einnig verður gefin innsýn inn í það hvernig rými sundlaugarinnar og vatnið sjálft þjónar mikilvægu hlutverki í því að halda utan um naktan líkamann.

Katrín Dröfn Guðmundsdóttir

Valdimar Tr. Hafstein

## Gunnar og Göngu-Hrólfur, Brynhildur og Brana: Um sögutengdar fígúrur í íslenskum þjóðkvæðum\*

Í fyrirlestrinum verður leitast við að sýna fram á hvernig hetjusagnaefni sem upphaflega var skráð meðal fornaldarsagna Norðurlanda lifir áfram inn í þjóðkvæðahefð síðari alda. Markmiðið er að varpa ljósi á efniviðinn og hvernig hann breytist með tímanum í samhengi við þekkingu fólks á sagnaafnunum hverju sinni. Þótt erfitt sé að segja nákvæmlega til um þann tíma sem ritun fornaldarsagnanna stóð yfir, er óhætt að gera ráð fyrir að hinar „eiginlegu“ fornaldarsögur hafi verið skrifðar frá 13. öld og fram til plágunnar miklu, eða svarta dauða, laust eftir aldamótin 1400 og jafnvel eiththað lengur, auk þess sem sífellið endursköpun átti sér stað lengi fram eftir öldum, ýmist í formi nýrra gerða eða rímna. Með þessum hætti lifðu fornaldarsögurnar með þjóðinni og nutu lengi vel mikilla vinsælda. Vinsældir þeirra má þó ekki einungis ráða af fjölda varðveisitra sagna- og rímnahandrita, heldur einnig af því að um einstakar söguhetjur var ort á síðari öldum, a.m.k. langt fram á 19. öld. Í sumum tilvikum er um að ræða kvæði sem beinlínis voru ort um tilteknar hetjur, eins og t.d. Gunnar Gjúkason eða Goðmund á Glæsivöllum, en í öðrum tilvikum hafa söguhetjurnar og atburðir sagnanna ratað inn í kveðskap, sem að grunni til fjallar um annars konar efni. Í fyrirlestrinum verður litið til þjóðkvæða sérstaklega, og gerð verður grein fyrir framhaldslífi hetjanna í sagnadönum, sagnakvæðum, vikivakakvæðum, þulum og fleiri tegundum þjóðkvæða. Rannsóknin einkennist af heimildaleit, samanburði og textarýni. Hún kemur til með að varpa nýju ljósi á íslensk þjóðkvæði og aldur þess efnis sem þau hafa að geyma.

Aðalheiður Guðmundsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Hún var mjög hláturgjörn: Kven- og karlhetjur í ævintýrinu Hans og Gréta\*

Í ævintýrum takast hetjur á við ýmsar þrautir og uppskera að lokum ríkuleg laun. Misjafnt getur þó verið hvernig þær bregðast við hættunni; sumar eru aðgerðarlitlar en aðrar útsjónasamar og hugrakkar. Í erindinu verður fjallað um birtingarmyndir kven- og karlhetja í ævintýrinu um Hans og Grétu (ATU 327A) með áherslu á kvenhetjuna. Sagt verður frá fjórtán tilbrigðum sem til eru hér á landi af þessari gerð og nítján erlendum tilbrigðum frá Skandinavíu og annars staðar úr Evrópu. Tilgangur rannsóknarinnar sem erindið byggir á er að varpa ljósi á kvenhetjuna sérstaklega, samspil hennar við karlhetjuna og sjá hvor þeirra væri virkari. Einnig var athugað hvort greina mætti svæðisbundinn mun á kvenhetju ATU 327A og í hverju sá munur fælist. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ævintýragerðin ATU 327A er mjög fjölbreytt og breytileg eftir menningarsvæðum og geta áherslur því verið ólíkar hvað varðar hlutverk kven- og karlhetja. Áberandi er hversu líkar sögur einkenna sagnahefð svipaðra menningarsvæða, samanber Ísland og Skandinavíu, þar sem sögurnar hafa að geyma áþekk minni og álíka áherslur, bæði hvað varðar hlutverk söguhetjanna og atburðarás. Þegar á heildina er litið eru kvenhetjur sagnanna allt frá því að vera aðgerðarlitlar yfir í að vera virkar, sterkar og leiðandi í sögunni.

Kristín Stella L'orange  
Aðalheiður Guðmundsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Greining á deilum um ættarnöfn á Íslandi á 20. öld

Ættarnöfnum fjölgaði nokkuð á Íslandi á 19. öld, einkum vegna danskra áhrifa. Árið 1881 var lagt fram frumvarp til laga, sem m.a. var ætlað að stemma stigu við útbreiðslu ættarnafna. Það var ekki afgreitt. Árið 1913 voru hins vegar samþykkt lög sem heimiluðu fólkia að taka upp ný ættarnöfn. Tólf árum síðar varð síðan kúvending með setningu laga sem spornuðu við upptökum nýrra ættarnafna en þeim einstaklingum, sem báru þegar ættarnöfn, var leyft að halda þeim. Árið 1991 var svo endanlega lagt bann við upptökum nýrra ættarnafna en gömul nöfn voru þó áfram leyfð. Umræðurnar um ættarnöfn á Íslandi hafa á köflum orðið ákafar og jafnvel hatrammar á 20. öld, einkum á öðrum áratugnum. Í erindinu verða niðurstöður nýrrar rannsóknar á þessum deilum kynntar. Kannað var að hve miklu leyti deilurnar hafi snúist um þjóðernishyggju, hlutverk sameiginlegra minninga og sjálfsmýndir Íslendinga. Ein af niðurstöðunum var sú, að hvort sem fólk aðhylltist eða var mótfallið ættarnöfnum, þá byggðist afstaða flestra á þjóðernishyggju. Þá er athyglisvert að svipaðar röksemdafærslur voru notaðar alla 20. öldina bæði með og á móti ættarnöfnum. Ýmis konar gögn voru notuð í rannsókninni, t.d. Alþingistíðindi. Veigamestu gögnin fólust þó í efni úr blöðum og tímaritum, en öllu efni, þar sem ættarnöfn komu við sögu, var safnað með aðstoð [www.timarit.is](http://www.timarit.is).

Páll Björnsson

## The Vampire Returns to Britain: Considering the Images of Vampires, Werewolves and Ghosts in BBC's Being Human\*

The aim of this lecture is to consider the image of vampires, werewolves and ghosts (and the worlds and societies associated with them) presented in the recent popular BBC television series, *Being Human*, which has attained cult status among young people both in Britain and elsewhere. Starting with some consideration of the ways in which television programmes such as *Being Human* have a similar role to the legends of the past for young people in blending the traditional beliefs in the supernatural with the day-to-day, the lecture will go on to consider the ways in which the presentation of these traditional beings (like earlier legends) in this series plays on the expectations and beliefs of the listeners to create both horror and humour in equal measure. The main difference here between the legends of the past and a series like *Being Human* is that the popular beliefs here come not only from traditional legends, but also other forms of popular media in which that legendary material has been used and developed over the years, including literature (including comic books), and American film and television. The series thus gives a useful insight into the way that folk beliefs and legendary materials perform for audiences and continue to develop in the modern multi-literate world.

Terry Gunnell

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Indifference and International Climate Change Negotiations: What really defines coalitions?

The purpose of this paper is to enhance our understanding of international climate change negotiations by providing insights into the structure and internal coherence of negotiation groups at COP 17 in Durban, with special reference to the relative importance of various negotiation issues. Discourse analysis is used to code the opening statements of participating countries in order to identify which negotiation issues are stressed. Statistical tools such as principal component analysis and cluster analysis are then used to identify the most important issues as well as to identify which negotiation groups emerge ‘naturally’ from the data. The coalitions uncovered in the analysis differ from existing negotiations groups and are more robust according to various measures. Existing coalitions are not homogenous (which has been demonstrated in the literature, e.g. Roberts, 2011; Vihma et al., 2012), nor are countries homogenous by region. This paper adds to our understanding by presenting a method of identifying groups and determining their internal stability. Our results demonstrate that the primary characteristic distinguishing coalitions was the degree to which they emphasize the various issues under negotiation.

Bryndís Arndal Woods  
Daði Már Kristófersson

## Heimasmíðaðar leiðir fjögurra norrænna samfélaga til að auka aðlögunarhæfni sína og minnka kolefnisútblástur í heimi loftslagsbreytinga

Markmið: Verkefnið sem kynnt er í þessu erindi heyrir undir NordStar – norrænt öndvegissetur um landnýtingu, orku og aðlögun að loftslagsbreytingum og er fjármagnað af NordForsk. Markmiðið er að kortlegga og greina orkuþróun í fjórum sveitarfélögum á Norðurlöndunum, sérstaklega með tilliti til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og aðlögunar að afleiðingum þeirra (*mitigation* og *adaptation*), með eiginlegum og meginlegum aðferðum. Aðferðir: Gerð var vettvangsrannsókn í fjórum borgum á Norðurlöndunum; Reykjavík, Þrándheimi, Växjö og Sønderborg. Tekin voru viðtöl við ýmsa aðila sem tengast þessum málum og einnig var notast við upplýsingar í fjölmálum og ýmsum skjólum til að draga upp mynd af þróun orkumála í sögulegu samhengi, sem og stöðunni í dag og hvert leiðin liggar inn í framtíðina. Einkum var leitast við að greina það sem tekist hefur vel í að minnka orkunotkun og útblástur og hvaða leiðir samfélögin hafa farið í að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Niðurstöður: Hver borg hefur farið sína leið að markmiðum sínum og lagað almennar aðferðir að aðstæðum á hverjum stað og tíma. Til að vel eigi að takast til með slíka grundvallarbreytingu og sú sem hér um ræðir verða öll lög og hlutar samfélagsins að ganga nokkurn veginn í takt og stjórnámálamenn og aðrir sem ráða að vera sammála um markmið, aðferðir og leiðir.

Helga Ógmundardóttir

## Umhverfisleg sjálfbærni Íslands: Helstu þættir og aðkoma stjórnvalda

Áhersla á sjálfbærni eykst stöðugt á Íslandi eins og í flestum öðrum löndum. Stafar það m.a. af umhverfislegum vandamálum sem við er að glíma, en þar má nefna sem dæmi loftslagsbreytingar, þverrandi auðlindir, mengun og minnkun óspilltrar náttúru. Til að hamla gegn neikvæðum umhverfislegum áhrifum þurfa stjórnvöld, atvinnulífið og einstaklingar öll að leggja sitt af mörkum. Voríð 2013 var sett af stað rannsóknarverkefni um umhverfislega sjálfbærni Íslands og er það verkefni enn í vinnslu. Fyrsti áfangi rannsóknarinnar fólst í því að leita svara við spurningunni um hversu umhverfislega sjálfbært Ísland væri. Það var gert með því að greina helstu umhverfisvísitölu sem notaðar eru til að bera saman umhverfislega sjálfbærni landa og með því að greina skýrslur og upplýsingar um umhverfislega sjálfbærni Íslands. Annar áfangi rannsóknarinnar fólst í því að taka 8 rýnihópaviðtöl með þátttöku 40 sérfræðinga sem málinu tengast. Erindið tengist þessum áfanga. Í erindinu verður fjallað um helstu þætti umhverfislegrar sjálfbærni Íslands og rýnt í það hvernig stjórnvöld og aðrir geta haft áhrif á þróun þeirra mála.

Brynhildur Davíðsdóttir  
Snjólfur Ólafsson

## Ferðamennska á nýrri öld - Manntíminn og ferðamál

Upp er runnið nýtt jarðsögulegt skeið sem kennt er við manninn (*Anthropocene*) og er jafnan markað upphaf við 1850. Þetta skeið jarðsögunnar tekur við af nútíma (*holocene*), sem varað hefur frá lokum síðustu ísaldar og endurspeglar getu mannsins til að breyta umhverfi sínu á svo hnattrænan og langvarandi hátt að þess munu sjást jarðsöguleg ummerki. Loftslagsbreytingar eru helsta dæmi um slíkar breytingar sem óumdeilanlega eru að mestu af völdum athafna mannsins, en mörg fleiri dæmi mætti týna til. Í erindinu verða kynntar áherslur og álitaefni nýrrar bókar um ferðamálin og manntímann (*Tourism and the Anthropocene*) sem kemur út árið 2015 hjá Routledge og höfundur er annar tveggja ritstjóra. Ferðalög fólks leggja sannarlega til getu mannsins við að móta umhverfis sitt. Hnattræn samgöngunet, breytingar til gestamóttöku á sífellt meira framandi og viðkvæmum slóðum (s.s. heimskautasvæðum) og jarðsögulegar breytingar sem aðdráttarafl í sjálfu sér eru allt birtingarmyndir ferðamennsku á nýrri öld. Í erindinu verður skyrt út hvernig hægt er að horfa til ferðamennsku og skilja hana sem hnattrænt afl og ferðamanninn sjálfan í samhengi jarðsögulegra krafta.

Edward H. Huijbens

## Fésbók logar af norðurljósum: Framsetning norðurljósa í markaðsfærslu ferðapjónustufyrirtækja á Fésbók\*

Norðurljósaferðir hafa á skömmum tíma orðið að meginþætti í vetrarferðapjónustu á Íslandi. Norðurljósin hafa lengur þjónað sem aðdráttarafl ferðamanna í norðurhluta Noregs, Finnlands og Svíþjóðar auk norðursvæða Norður Ameríku þar sem þau skipa ákveðin menningarlegan sess t.d. í goðsögum frumbyggja og fyrir þjóðarámynd. Hraður vöxtur norðurljósaferða hérlandis er áhugaverður í sögulegu ljósi sem og í samhengi nýsköpunar og ímyndasköpunar ferðapjónustu. Norðurljósin eru sérlega óstöðugt fyrirbæri sem skapar margvislegar áskoranir fyrir ferðapjónustuaðila en skapar um leið þá dulúð sem gerir þau að aðdráttarafli. Ljósmyndaeinkin þjónar þeim tilgangi að fanga upplifun augnabliksins og gera það stöðugt. Erindið byggir á rannsókn á birtingarmyndum norðurljósa í markaðsefni fyrirtækja á Íslandi sem bjóða upp á norðurljósaferðir. Einblínt er á myndefni sem kemur fram á samfélagsmiðlum og vefsíðum tiltekina fyrirtækja. Orðræðugreiningu er beitt til að draga fram áberandi meginstef í markaðssetningu norðurljósaferða og hvernig norðurljós leika hlutverk í ímyndarskópun landsins sem áfangastaðar ferðamanna. Norðurljósaferðamennska er lítt kannað svið í ferðamálafræði og það sama má segja um notkun samfélagsmiðla í markaðssetningu á ferðapjónustu. Hér verða fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar.

Karen Möller Sívertsen  
 Gunnar Þór Jóhannesson  
 Katrín Anna Lund

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Gateway to Elsewhere: Aeromobilities and Representations of Iceland in the Postcolonial Arctic**

There is growing recognition of the ways in which tourism representations impact the imaginings of geographic space. The mobilities paradigm – with its emphasis on the globalized social world characterized by diverse movements – offers a way of understanding postcolonial tourist space in the Arctic as fluid and re/de-territorialized. As a more nuanced view of mobilities, aeromobilities further exaggerates the construction of tourist space through an interpretation of the *cosmic view*, allowing for an enlarged aerial perspective of remote regions. Appositely, Iceland has come to be represented and imagined as a tourism gateway, occupying and creating a liminal space between center and periphery or, in other words, a gateway to elsewhere. Recent advertising from Iceland's leading air service provider, Icelandair, will be analyzed as an example of travel representations that inform and shape destination image. This paper aims to show that Iceland's destination image has utilized the trope of the gateway in order to conspicuously depict the country at both ends of dichotomous dimensions: civilized yet exotic, modern yet primitive, and close-by yet remote.

Michael Leonard

## **Ethically managing wildlife tourism in Iceland**

By the end of 2013, tourism, for the first time, overtook alumina and fisheries to become the largest export sector in Iceland. Visitor numbers are increasing rapidly and once tourists journey outside Reykjavik their experiences are largely rural and nature based. Some of these experiences involve interactions with wildlife. Whales, seals, birds and foxes are objects of a tourist gaze in Iceland. To date, these forms of wildlife tourism have developed without comprehensive policy or guidelines to ensure the sustainability of the product for both the people and the animals. This paper discusses a set of ecocentric principles established for ethically managing wildlife tourism with dingoes in Australia. Using a case study of seal watching on the Vatnsnes peninsula, it explores how the principles could be used to ethically guide policies for managing wildlife tourism in Iceland.

Georgette Leah Burns

## **Glacier tourism in Iceland: What makes a glacier a tourist destination?**

Glaciers and their adjacent landforms make up landscapes that are among the most popular tourism sites in Iceland. The majestic and sublime landscapes constitute the source of a broad array of tourism activities, services and products (e.g. glacier hiking, ice-cave tours, snowmobiling). Glacier based tourism is a highly structured and supply orientated tourism niche that is until now a relatively untouched research topic. This research investigates how glacial landscapes are utilized as tourist destinations and attempts to examine which features and functions of glacial landscapes are important determinants of glacier based tourism. The research uses in-depth interviews with tourism entrepreneurs and field observation at different glacier landscapes sites in Iceland, together with a literature study to collect relevant data for analysis. The results of this study contribute to a better understanding of the reciprocal relationship between tourism and glacial landscapes and provide valuable inputs to investigate the potential implications of climate change on glacier tourism in Iceland.

Johannes Welling

## **Is Governance-Network a valuable management approach for the Vatnajökull National Park?**

Nature based tourism within the worlds protected areas (PAs) largely depends on natural environment and often occurs in ecologically sensitive areas. Sustainable tourism management in these areas is vital in order to ensure environmental protection and socio-economic prosperity. Managing PAs under the guidelines of sustainable tourism often operates within a dynamic environment, as many actors that are connected to PAs form a complex network of actors. Icelandic tourism is at a crossroad and faces the problem of future sustainability, as it experiences controversy between actors and increased influx of visitors. Additionally, this increasing environmental degradation presents an imminent threat to the future of Icelandic tourism industry. A case study in Iceland reveals that current PAs management approaches seem unable to meet the demands of sustainable management as they assume people and nature as separate entities. To overcome these constraints a new approach to PA management is needed. It appears to be important to discuss about the development of PAs management away from the “for the people” attitude towards “by the people”. Based on a literature study, this research will explore this development in PA management and attempt reason for the value of governance and network theory for the Vatnajökull NP.

Harald Schaller

## Hestaferðaþjónusta, skilgreiningar og hugtök

Hestaferðaþjónusta er mikilvægur hluti afþreyingarframboðs í ferðaþjónustu. Rannsóknir á hestaferðaþjónustu hafa þó verið takmarkaðar fram til þessa. Markmið þessarar rannsóknar er að greina hugtakanotkun í fræðilegri umfjöllun um hestaferðaþjónustu og draga upp mynd af því hvers konar afþreying hestaferðaþjónusta er. Rannsóknin er hluti af viðameira rannsóknarverkefni um hestaferðaþjónustu sem atvinnugrein. Í þessum hluta eru notuð fyrirliggjandi gögn til að svara því hvað einkennir afþreyingu í tengslum við hross og hvort og þá hvernig hægt er að flokka hana eftir mismunandi markmiðum gesta með þátttökunni og þátttökufomi. Hestaferðaþjónusta hefur verið skilgreind t.d. sem vistvæn ferðaþjónusta (*eco-tourism*), ævintýraferðaþjónusta (*adventure tourism*), landbúnaðarferðaþjónusta (*agri tourism*) og heilsuferðaþjónusta (*health tourism*). Þátttaka gesta er mismunandi, allt frá því að taka beinan þátt í margra daga ferðalögum á hestum, yfir í það að horfa á hesta eða hestatengda viðburði í stutta stund. Á íslensku notum við samheitið hestaferðaþjónusta yfir þá ferðaþjónustu sem byggir á hestinum en opinber skilgreining á hugtakinu er ekki til hérlendis. Á ensku er misjafnt hvaða hugtök fræðimenn kjósa að nota. Svo virðist sem val á hugtökum ráðist ekki síður af máltilfinningu hvers og eins en mótuðu orðfæri í rannsóknum á greininni.

Ingibjörg Sigurðardóttir

## Matur og staður

Matur er óaðskiljanlegur hluti ferðaupplifunar í samtímanum. Í samræmi við þróunina erlendis leggja ferðaþjónustuaðilar hérlandis aukna áherslu á að skapa upplifun fyrir gesti sem hingað koma, meðal annars með mat og matarmenningu. Þetta á ekki síst við um staðbundin matvæli þar sem áherslan er á að segja sögu matvælanna og tengja þau við stað og rými. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hvernig og af hverju ferðaþjónustuaðilar á Norður- og Vesturlandi nota staðbundin matvæli í markaðssetningu og þjónustu fyrirtækja sinna, sem og hvaða hvatar liggja að baki. Rannsóknin byggir á 12 viðtölum við ferðaþjónustuaðila, vettvangskönnun, kynningarefní og skoðun á heimasiðum fyrirtækjanna.. Þeir lykilþættir sem birtust í gögnunum eru skoðaðir þverfaglega út frá sjónarhóli þjóðfræði og ferðamálafræði. Leitast er við að skilja hvaða merkingu viðmælendur leggja í fyrirbærið staðbundin matvæli og þá hvaða hvatar liggja að baki áherslunni á hið staðbundna. Skoðað er hvaða félagslegir og samfélagslegir þættir leika hlutverk í þessu samhengi – og hvernig ferðaþjónusta, matur, staður og rými spila saman í að skapa merkingu. Fyrstu niðurstöður benda til þess að viðmælendur leggja nokkuð ólíka merkingu í fyrirbærið staðbundin matvæli, þar sem staðurinn í hugtakini er landfræðilega af markaður en rýmið sem í fyrirbærinu fellst er margbreytilegt. Hjá flestum viðmælenda leika staðbundin matvæli lykilhlutverk í að styrkja sjálfsmynd þeirra og undirstrika ásýnd svæðisins og/eða landsins. Hvatinn og skilaboð á bakvið notkun staðbundinna matvæla eru þannig mismunandi.

Laufey Haraldsdóttir

## Þróun og staða ferðaþjónustu á Húsavík: Niðurstöður ferðavenjukönnunar sumarið 2013\*

Ferðaþjónusta á Húsavík er hratt vaxandi atvinnugrein sem hefur verið mikilvægt mótvægi við samdrátt í öðrum greinum á svæðinu undanfarin ár. Hún er sýnilegur þáttur í atvinnulífi og bæjarmynd Húsavíkur og uppbygging hennar hefur byggt á sérstöðu staðarins þar sem hvalaskoðun hefur verið í forgrunni.

Í þessu erindi verður þróun og sérstöðu atvinnugreinarinnar á svæðinu lýst auk þess sem erlendum ferðamönnum og hegðun þeirra sumarið 2013 verða gerð skil. Erindið byggir á greiningu fyrirliggjandi gagna og niðurstaða spurningakönnunar sem lögð var fyrir erlenda ferðamenn á Húsavík sumarið 2013. Markmið rannsóknarinnar var að fá mynd af samsetningu þeirra erlendu gesta sem heimsækja Húsavík, kanna ferðavenjur þeirra og ferðahegðun auk þess að kortleggja neyslumynstur þeirra og útgjöld á áfangastað. Niðurstöðurnar eru bornar saman við útgjaldakannanir ferðamanna á Húsavík frá árunum 2008 og 2010 og þróun þeirra lýst. Með erindinu verður einnig leitast við að varpa ljósi á þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samanburði við þróun atvinnugreinarinnar á landinu í heild. Rannsóknin er unnin samhliða stærra rannsóknarverkefni, *Fémati ferðamennsku*, sem Háskóli Íslands, Rannsóknamiðstöð Ferðamála og Pekkingarnet Þingeyinga standa að og hefur það markmið að leggja mat á hagræn áhrif ferðamennsku í Þingeyjarsýslum.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **A closer look at some inbound tourism statistics in Iceland**

In the last years Iceland has experienced a robust increase of its inbound tourism revealed by some statistics intensively used both by private and public sector. These statistics refer mainly to the number of foreign visitors in Iceland (registered at Keflavík airport) and the value of tourism export which was officially stated as the largest export product in 2013. However, there is the need to see how precisely these statistics characterise Icelandic inbound tourism. The purpose of this research is to clarify what is behind these inbound tourism statistics and to take a closer look at them. At the same time, the aim is to identify what should be done to improve the existing way of producing these tourism statistics following international standards in tourism statistics. In this regard, a conceptual and methodological analysis will be provided as well as several recommendations will be proposed to make Iceland's inbound tourism statistics more compliant with international standards. Caution should be taken when analysing Iceland's inbound tourism evolution based on the existing tourism statistics. Users of tourism statistics must be aware of all the methodological matters for a better interpretation of data reflecting the real situation of the tourism sector in Iceland.

Cristi Frent

## Sampling methods in Icelandic tourist destinations

In 2014 the experience and perception of visitors in Djúpalónssandur, Hraunfossar, Þingvellir, Geysir, Seltún, Sólheimajökull, Þórsmörk and Jökulsárlón was studied. Before the field work the required sampling size had to be calculated. As the number of visitors was not known, an estimation using other type of data had to be made. In Hraunfossar 2013 data from the Icelandic Road and Coastal Administration was used along with an estimation of 3,8 person per vehicle. Accordingly 5.244 visited Hraunfossar during the research period in 2013. The increase between July and August 2012 and 2013 was 12%. Assuming the same increase between 2013 and 2014, 5.873 visitors would arrive in 2014. Using 95% confidence level and 2% confidence interval a sampling size of 1.704 was needed. To obtain the response rate vehicles were counted using a vehicle counter. To find the ratio between visitors arriving by bus and private cars, the busses and passengers in each bus were hand-counted, giving that 61% arrived by private car and 39% by bus. A total of 1.285 replies were obtained, 65% from private cars and 35% from busses. The total response rate was 24%, giving a confidence interval of 2,38.

Gyða Þórhallsdóttir  
Rögnvaldur Ólafsson  
Anna Dóra Sæþórsdóttir

## Þolmörk ferðamanna: Eru ferðamenn ónæmir fyrir vaxandi ferðamennsku? \*

Fjöldi erlendra ferðamanna sem koma til Íslands aukist mikið á skömmum tíma. Aðal aðráttarafl Íslands er sérstæð og fjölbreytileg náttúra, fámmenni og fjarvera hins manngerða. Eftir því sem áhrif og álag af ferðamönum á náttúruna verður meira eykst hættan á að náttúruskoðunarstaðir missi aðráttarafl sitt. Í þessari grein eru kynntar niðurstöður rannsóknar á viðhorfum ferðamanna á fimm svæðum á landinu, Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum, Mývatnssveit, Langasjó og Lónsöræfum. Bornar eru eru saman niðurstöður kannana á þessum stöðum frá árunum 2000 og 2001 við árið 2013 og greint hvort breytingar hafi orðið á viðhorfi ferðamanna til fjölda ferðamanna og hvort að ánægja þeirra hafi minnkað. Í rannsókninni var notaðist við spurningakönnun fór gagnasöfnun fram á háannatíma ferðapjónustu. Árin 2000 og 2001 svöruðu 2633 spurningalistunum og árið 2013 fengust 4216 svör. Þá var viðtalskönnun bætt við árið 2013 og voru tekin viðtölvið 102 ferðamenn. Prátt fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna sem koma til landsins hafi meira en tvöfaldast á þeim tíma sem rannsóknin nær yfir þá virðist fjölgunin ekki enn vera farin að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Meirihluta svarenda fannst ferðamenn hæfilega margir á rannsóknarstöðunum og hafði sú skoðun ekki breyst nema í Jökulsárgljúfrum, en þar fannst fleirum of mikið af ferðamönum sumarið 2013 en 2001. Ákveðin hættumerki má þó greina því sumarið 2013 fannst tæplega 20% aðspurðra ferðamenn vera of margir í Mývatnssveit, Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Í viðtolum við ferðamenn komu einnig fram vísbendingar um að þolmörkum sumra ferðamanna væri náð. Þessar niðurstöður þ.e. að ekki hafi átt sér stað marktæk breyting á því hvort ferðamönum þyki of margir ferðamenn sem og hversu ánaegdir þeir eru með heimsóknina gætu bent til þess að nýir markhópar með önnur viðhorf og hærri þolmörk væru farnir að sækja staðina heim.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Fyrstu áhrif Héðinsfjarðarganga á samfélög Fjallabyggðar og Mið-Norðurlands

Þegar Héðinsfjarðargöngin opnuðu haustið 2010 hafði íbúum Ólafsþjóðar og Siglufjarðar fækkað jafnt og þétt um langt skeið. Brottflutningar höfðu verið svipaðir því sem gerðist í öðrum byggðarlögum en fækkunin skýrðist af lágu hlutfalli aðfluttra íbúa. Á síðasta áratug fyrir opnum ganganna hafði meðalaldur íbúanna hækkað um rúmlega sex ár og börnum fækkað um næri helming. Þá hafði ungum konum fækkað hlutfallslega mest og kynjahlutfall Fjallabyggðar skekkst verulega af þeim sökum. Vonir stóðu til að byggð á þessu svæði styrktist verulega vegna samlegðaráhrifa af sameiningu sveitarfélaganna, tengingu Siglufjarðar við atvinnusvæði Eyjafjarðar og þeirra margvislegu möguleika sem sköpuðust á svæðinu við opnum hringleiðar um Tröllaskaga. Fyrir opnum ganganna voru 62 kílómetrar á milli byggðakjarnanna um Lágheiði að sumarlagi og 232 kílómetrar á milli þeirra um Öxnadalsheiði að vetrarlagi. Eftir opnum Héðinsfjarðarganganna urðu hins vegar 15 kílómetrar milli Ólafsþjóðar og Siglufjarðar allan ársins hring. Greining á mannfjöldabreytingum á fyrstu þremur árunum eftir opnum ganganna leiðir margvisleg batamerki í ljós. Þannig hefur fækkun barna og ungmenna stöðvast að mestu, kynjahlutfall jafnast og hægt verulega á öldrun mannfjöldans. Þá hefur samgöngumynstur á norðanverðum Tröllaskaga breyst verulega frá því fyrir göng. Þessar jákvæðu breytingar eru talsvert umfram væntingar í ljósi erfiðrar stöðu svæðisins fyrir opnum ganganna.

Þóroddur Bjarnason

## **Sameiningar sveitarfélaga og búferlaflutningar á Íslandi**

Í þessari rannsókn eru áhrif sameininga sveitarfélaga á búferlaflutninga rannsökuð – þ.e. hafa sameiningar sveitarfélaga leitt til hreins útflæðis eða innflæðis íbúa. Búferlaflutningar eru almennt drifnir áfram af landfræðilegum breytileika lífsgæða og nytja einstaklinganna. Þess vegna er rökrétt að búast við því að sameiningar sveitarfélaga sem leiða til hagræðingar og skila sér til íbúanna í formi bættrar þjónustu eða lægri skatta og þjónustugjalda myndi laða að nýja íbúa – eins og Tiebout (1956) hefur fyrir löngu síðan fært rök fyrir. Í rannsókninni verður kannað hvort þetta eigi við á Íslandi – stórt fámennt og dreifsbýlt land með tveimur þjónustukjörnum. Makró-panel gögn frá Íslandi verða notuð þar sem meðaltöl fyrir 79 íslensk sveitarfélög verða notuð frá 1990-2006. Frumniðurstöður benda til að fyrrnefnd áhrif séu afar takmörkuð.

Vífill Karlsson

## Landsbyggðin og móðurlífin:

### Rýnt í orðræðu um vanda og lausnir á kynjahalla

Í umfjöllun um byggðaþróun og búferlaflutninga er brottflutningur ungra kvenna að vaxa fram sem aðkallandi vandamál í mörgum byggðarlögum á Vesturlöndum. Skortur á konum á barneignaraldri verður í framsetningu á vandanum ávísun á neikvæða íbúaþróun til framtíðar. Í erindinu er rýnt í þróun orðræðu um kynjahalla í stefnumótun um byggðaþróun og greiningu á stöðu byggðarlagla á Íslandi. Hvernig er framsetning á kynjahalla í íslensku samhengi: orsakir, afleiðingar og vænleg viðbrögð? Greining á orðræðunni um kynjahalla er sett í samhengi við ákvæði um kynjasamþættingu í stefnumótun og framkvæmd opinberra aðila og þróun á Austurlandi, þar sem kynjahalli mælist mestur á landinu. Hvar þarf að gera betur í ljósi þróunar hér á landi og rannsókna í nágrannalöndum okkar?

Magnfríður Júlíusdóttir

## Þráin eftir torfbænum

Um miðja tuttugustu öldina höfðu orðið umskipti í húsakosti þjóðarinnar, en fyrir tilstuðlan opinberra yfirvalda hafði húsakosti þjóðarinnar í 1100 ár, torfbyggingum, verið að mestu útrýmt. Af ýmsum ástædum tókst valdhöfum að útrýma torfbyggingum sem m.a. voru sagðar ógn við heilsu fólks og framþróun íslensks samfélags. Afleiðingar þessara umskipta hafa tekið á sig ýmsar myndir. En um leið og sjálfur arkitektúrinn og byggingaraðferðir við gerð torfbæja var hafnað varð hann að táknumynd fortíðar og upphafinn sem slíkur í smækkuðum eftirmeyndum. Í þeiri mynd gat torfbærinn ekki lengur talist ógn og pólitisk öfl höfðu svigrúm til þess að „leika sér“ með hann, nota hann sem baktjöld eigin pólitískra markmiða og leyfa fólk i að ávarpa hann sem slíkan. Torfbærinn birtist í ýmsum myndum, sem smækkuð eftirmeynd í húsgörðum eða inni á heimilum, myndgerður í útsaumsverkum eða fyrirmeynd í hönnun og arkitektúr. Allar þessar myndir fela í sér þrá eftir því sem er horfið eða hefur aldrei verið til. Heimþráin felur í sér missi en er einnig tengd hugarórum og fantasiú. Í erindinu munum við ræða um táknað gildi bygginganna sem lutu í lægra haldi fyrir stefnu yfirvalda og víkja sérstaklega að pólitískri hlið þrárinnar eftir torfbænum út frá þeim þráðum sem eru raktir hér að ofan.

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

Sigurjón B. Hafsteinsson

## Aðgangur að útgefinni íslenskri þekkingu\*

Markmið rannsóknarinnar er að kanna almennan aðgang að útgefinni íslenskri þekkingu. Kannaður var bókfræðilegur aðgangur og aðgangur að frumtexta íslenskra og erlendra markaðsrita og íslenskra utanmarkaðsrita. Könnunargögn voru birt niðurstöður rannsókna við Háskóla Íslands á völdum efnissviðum, fengin frá Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskólans. Útgáfurit á tilteknum efnissviðum voru greind með tilliti til bókfræðilegs aðgangs og þar með mögulegri notkun heildartexta, með leit í Gegni.is og Leitum.is (leitar m.a. í Hvar.is og Skemmunni.is). Niðurstöður bentu til að bæði bókfræðilegum aðgangi og aðgangi að frumtexta íslenskrar rannsóknarþekkingar væri verulega ábótavant. Það átti sérstaklega við um íslensk utanmarkaðsrit, en einnig erlendu birtingarnar. Í ljósi þessara niðurstaðna þarf að koma á skilaskyldu á útgáfuritum sem hafa að geyma þekkingu sem til verður hér á landi, óháð tegund dreifingar, útgáfumiðli og útgáfulandi. Einnig þarf að færa aðgang að rafrænum utanmarkaðsritum til sama horfs og að pappírsútgáfu. Til þess að ná þeim markmiðum verður að gera breytingar á lögum um skylduskil til safna og lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Lagabreytingarnar eru m.a. forsenda þess að ná markmiðum um opinn aðgang samkvæmt Berlínarsamþykktinni sem snýr að vísindaskrifum í markaðsritum og um aðgang að utanmarkaðsritum samkvæmt Pissasamþykktinni. Aðgangurinn þarf að gagnast jafnt til samtíðar- sem framtíðarnota.

Stefanía Júlíusdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmunni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Landfræðileg kortlagning á íslenskum sögnum\*

Sagnir tengjast samfélagini sem sagði þær sterkum böndum en þær tengjast einnig landslaginu. Þetta erindi fjallar um nýlokið 30 eininga meistaraverkefni í þjóðfræði. Í verkefninu var Sagnagrunnur, gagnagrunnur yfir flestar íslenskar sagnir sem til eru á prenti, endurhannaður með sveigjanleika og nýja möguleika í huga. Langflestir staðir sem koma fyrir í þeim rúmlega 10.000 sögnum sem finna má upplýsingar um í grunnum hafa verið hnittsettir auch heimila heimildafólks. Einnig hefur nýtt vef-viðmót með gagnvirku korti verið hannað og forritað í kringum gagnagrunninn og býður það upp á fjölda möguleika til rannsókna á grunnum og landfræðilegri dreifingu sagna. Þar má sjá dreifingu sagna úr einstökum þjóðsagnasöfnum, dreifingu sagnasjóða einstakra heimildamanna, dreifingu sagna sem tengjast ákveðnum efnisorðum og innbyrðist tengsl efnisorða svo nokkur dæmi séu tekin. Þar má því finna ótal vísbendingar um ferðir fólks fyrr á óldum, samgang á milli landssvæða, dreifingu ákveðinna sagnaminna í samhengi við landslagið og um þjóðtrú Íslendinga. Ný útgáfa Sagnagrunnsins er því öflugt og nútímalegt rannsóknartæki sem nýst getur víða, jafnt innan ólíkra fræðigreina, í ferðaþjónustu og fyrir almenning.

Trausti Dagsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Hver er höfundurinn (í fræðilegum birtingum) – Venjur, reglur og lög

Fram á tuttugustu öld heyrði til undantekninga ef fleiri en einn höfundur voru að fræðigrein eða fræðiriti. Nú er því hins vegar að mestu öfugt farið. Ástæður þessa eru m.a. taldar vera vaxandi umfang rannsóknarverkefna; matskerfi háskóla á frammistöðu fræðimanna er byggir á fjölda birtinga og tilvitnana; og loks skráningar meðhöfunda sem viðurkenning fyrir minniháttar, en nauðsynlegt framlag, í þakklætisskyni eða sem heiðursvott. Skráning og röðun höfunda fræðigreina hefur merkingu og er síður merking skýr hvað lög varðar – viðkomandi er þar með eigandi að höfundarrétti að verkinu til jafns við aðra höfunda. Í ýmsum fræðigreinum eru fastmótaðar venjur sem miðla ákveðnum upplýsingum til þeirra sem innan greinanna starfa. Loks hefur fjöldi háskóla og stofnana komið á reglum um höfundaskráningar sem tilgreina skilmerkilega hvað höfundafjöldi og röðun felur í sér. Greinin er fræðilegt yfirlit stutt gögnum úr megindegrum rannsókn meðal íslenskra fræðimanna og skoðar hvar eðlis- og framkvæmdamörk á milli hinna þriggja þátta, venja, reglna og laga liggja. Einnig þá hagsmuni sem geta haft áhrif á hverjir skráðir eru höfundar og hvernig. Loks, reynslu íslenskra fræðimanna af höfundaskráningum, hvaða merkingu þeir leggja í slíkar skráningar og hver afstaða þeirra er til frekari formfestingar á þeim venjum sem ríkja á fræðasviðum þeirra.

Kristín Amalía Atladóttir

## Félagslegur ójöfnuður til heilsu fyrir og eftir kreppu

Fyrri rannsóknir á afleiðingum efnahagskreppa benda til að þær geti haft ýmist jákvæð og neikvæðar afleiðingar fyrir heilsu fólks. Hagfræðilegar kenningar benda til að mynda að efnahagskreppur draga úr mengun og umferð sem fyrir vikið fækkar öndunarfærasjúkdómum og slysum. Á sama tíma minnkar ráðstöfunarfé fólks sem takmarkar möguleika á bættri heilsu og hamingju. Skert ráðstöfunarfé minnkar mögulega neyslu áfengis, en áfengisneysla eykur líkur á fjölmögum sjúkdómum. Fyrir utan efnahagslegar afleiðingar kreppu þá hafa kreppur, sem og uppgangstímar, félagslegar afleiðingar. Durkheim bendir á að siðrof (*anomie*) geti bæði átt sér stað á uppgangstínum sem og í kreppu. Fyrirfram er því óljóst hvaða afleiðingar íslenska kreppan hefur haft á heilsu Íslendinga. Ein afleiðing kreppunnar haustið 2008 var að minni ójöfnuður mældist árin þar á eftir með gini-stuðlinum (Ólafsson & Kristjánsson, 2012). Fjölmargar rannsóknir (t.d. Wilkinson, 1996) sýna að tengsl eru á milli ójafnaðar og heilsufars þjóða. Kannað er hvort minni ójöfnuður eftir efnahagshrun hafi haft jákvæð áhrif á heilsufar þjóðarinnar eða hvort aðrar breytingar á launadreifingu Íslendinga í kjölfar hruns hafa leitt til þess að fleiri eigi erfitt með að ná endum saman. Við þær aðstæður er hætta á að streita fólks aukist sem eykur líkur á líkamlegum og andlegum kyllum. Í kynningunni verða kynntar niðurstöður greiningar á gögnum rannsóknanna Heilsa og líðan Íslendinga 2007, 2009 og 2012 þar sem kannað er með hvaða hætti heilsa Íslendinga tengist stéttarstöðu og efnahagslegum erfiðleikum og hvort tengsl þessara þáttta við heilsu hefur breyst við efnahagshrunið.

Stefán Hrafn Jónsson

## A Short-Term Increase in Labor Supply and Coronary Heart Disease

Understanding of the mechanisms underlying the relationship behind society-wide economic conditions and cardiovascular health is limited. We examine the relationship between a short-term increase in labor supply and coronary heart disease, using a natural experiment that took place in Iceland. In 1987, tax rates were temporarily reduced to zero during a tax-system reconstruction and previous research has confirmed an increase of labor supply by three percent during the tax-free year. We merge and analyze individual-level, registered-based information from two databases. One is on earnings from the tax register and the other has information on acute myocardial infarction (AMI) from the MONICA Iceland study. The data includes all Icelandic men and women aged 25-74 years who filed tax returns during the period 1981-1992, and the corresponding data on AMI. LPM models will be used in the analyses with coronary events as the outcome measure and panel data econometrics applied (FE-estimation technique). The data offer possibilities to identify subgroups of the population by various demographic and labor-market related variables. It is taken into consideration that a change in the rate of coronary disease events may emerge as an immediate response to the circumstances but also as a lagged response to accumulated effects.

Þórður Ólafsdóttir  
Tinna Laufey Ásgeirs dóttir  
Birgir Hrafnelsson

## Hagsveiflur og hjartaheilsa á Íslandi

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á samband milli hagsveiflna og heilsu en niðurstöður eru þó blendnar. Þetta skýrist af því að ólíkir sjúkdómar, í ólíkum löndum eða umhverfi, á mismunandi tímabilum eru til skoðunar. Þar að auki eru misjafnar tölfraðiaðferðir notaðar við greiningu. Í þessari rannsókn er tímaraðgreining framkvæmd fyrir hjartasjúkdóma á Íslandi með það að markmiði að rannsaka sambandið á milli hjartasjúkdóma og breytinga í hagkerfinu. Notuð eru tímaraðagögn um dánartíðni af völdum ýmissa hjartasjúkdóma, þar með talið blóðþurrðar hjartasjúkdóma og heilaædasjúkdóma. Tímaraðagögn um efnahagsstærðir innihalda upplýsingar um helstu hagvísu sem notaðir eru í heilsuhagfræði og má kenningalega tengja við breytingar á heilsufari, svo sem atvinnuleysi, verga landsframleiðslu (VLF) á Íbúa og raunhagvöxt. Þessir hagvisar eru notaðir sem staðenglar fyrir efnahagsástand hér. Greining var framkvæmd fyrir tímabilið 1960-2009 með línulegri aðhvartsgreiningu. Jákvætt samband fannst á milli efnahagssveiflna og flestra hjartasjúkdóma sem til rannsóknar voru þegar hagyisarnir atvinnuleysi, VLF á Íbúa og verg þjóðarframleiðsla á Íbúa voru notaðir. Sambandið er hins vegar næmt fyrir vali á bæði sjúkdómum og hagyísum.

Kristín Helga Birgisdóttir  
Tinna Laufey Ásgeirs dóttir

## Heilsutengd lífsgæði einstaklinga á Norður- og Austurlandi sem glíma við langvinna verki

Langvinnir verkir eru eitt af útbreiddustu og erfiðustu heilbrigðisvandamálum á Vesturlöndum í dag. Afleiðingar þeirra eru bæði sárlænar og líkamlegar en oft er hægt að ráða við verkina þrátt fyrir að þeir verði ekki læknaðir. Aðalmarkmið er að ná eins mikilli virkni og velliðan einstaklingsins og hægt er. Heilsutengd lífsgæði tengjast ýmsum þáttum sem hafa áhrif á upplifun einstaklingsins á lífi sínu, miðað við heilsufarslegt ástand. Þá hefur því verið haldið fram að meta þurfi heilsutengd lífsgæði til að gera sér fulla grein fyrir ástandi sjúklinga og gagnsemi heilbrigðispjónustunnar. Almennt er viðurkennt að verkir hafi mikil áhrif á lífsgæði fólks og að tengsl séu á milli verkja, þunglyndis og kvíða. Tilgangur þessarar rannsóknar er meðal annars að skoða sampil og áhrif þessara þátta á heilsutengd lífsgæði einstaklinga með langvinna verki. Gögnum var safnað á árunum 2009-2014 þar sem staðlaðir spurningalistar voru lagðir fyrir 290 þátttakendur sem sóttu meðferð við langvinnum verkjum. Megindlegum aðferðum var beitt við úrvinnslu gagnanna. Rannsókn þessari er ekki lokið en niðurstöður benda til að þeir sem greinast frekar með þunglyndi og kvíða meti heilsutengd lífsgæði sín verr en aðrir. Auk þess sem þátttakendur meti lífsgæði sín betri eftir meðferð en fyrir hana sem er vísbending um að meðferðin skili tilætluðum árangri.

Elín Díanna Gunnarsdóttir

Rakel Vilhjálmsdóttir

## Sársauki í fæðingu: Ég hlýt að geta þetta eða hvað?

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna upplifun kvenna af sársauka í fæðingu. Rannsóknaraðferðin er eigindleg og Vancouver skólaaðferðin í fyrirbærafræði notuð til að svara rannsóknarsþurningunni. Þátttakendur í rannsókninni voru 14 konur sem höfðu fætt barn á síðustu fjórum dögum áður en viðtöl voru tekin. Skilyrði fyrir þátttöku var að konurnar hefðu verið komnar á tíma, farið sjálfar af stað í fæðingu, fætt eðlilega heilbrigðan nýbura í höfuðstöðu, engir alvarlegir fylgikvillar hefðu orði við fæðinguna og að konurnar tölzuðu íslensku. Sársaukinn er krefjandi en með ýmsum ráðum þó viðráðanlegur, meðal annars með því að undirbúa sig á meðgöngunni og meðal annars með því að þróa jákvætt viðhorf til sársaukans. Konurnar nota margs konar aðferðir til að kljáast við sársaukann meðan á fæðingu stendur sem þær lýsa á mjög áhrifarískan hátt. Einnig kom fram í niðurstöðum viðhorf kvenna til sársauka í fæðingu virðast oft breytast eftir fæðinguna. Í hinum vestræna heimi er yfirleitt litið á sársauka sem neikvætt fyrirbæri, því er mikilvægt að í gegnum meðgöngu þrói konur með sér jákvætt viðhorf til sársauka í fæðingu. Meðal annars með því að koma auga á styrkleika sína og þær leiðir sem þeim þykir vænlegar til þess að takast á við sársaukann.

Sigfríður Inga Karlssdóttir

Sigríður Halldórsdóttir

Ingela Lundgren

## Hent á bálköstinn: Læknar og „óhefðbundnar lækningar“

Efni greinarinnar er hluti af eiginlegri rannsókn í mannfræði þar sem tekin voru viðtöl við lækna og hjúkrunarfræðinga sem hafa sérstakan áhuga á „óhefðbundnum lækningum“ og heildrænni sýn á heilsu. Einnig voru þátttökuvathuganir framkvæmdar á viðburðum þar sem hjúkrunarfræðingar og læknar komu opinberlega fram og ræddu um ofangreind efni og mögulegt samstarf við óhefðbundna meðferðaraðila. Markmið rannsóknarinnar er að skilja hvernig viðmælendurnir sjá heilsu í heildrænu ljósi, hvernig þessi sýn er að hafa áhrif á starf þeirra og hvernig þeir sjá heilbrigðiskerfið á Íslandi fyrir sér í framtíðinni. Í greininni verða læknarnir í rannsókninni sérstaklega teknir fyrir og rætt hvernig þeir upplifa það að reyna að koma þessum hugðarefnum sínum inn í vinnu sína. Læknarnir tala meðal annars um veggina sem þeir rekast á og rammann sem þeir finna að þeir eiga að vinna innan og samtímis um óttann við að missa álit kollega sínum og vera taldir óvísindalegir.

Sveinn Guðmundsson

## Taugaefling heilbrigðra einstaklinga: Samtal hagsmunaaðila og almennings\*

Markmið rannsókna á heila- og taugakerfi miða flestar að því að auka færni og getu manneskjunnar. Í sumum tilfellum er verið að bæta skaða sem sjúkdómar valda, eins og Parkinson, eða draga út einkennum taugaþroskarökunar eins og ADHD, en í öðrum tilfellum er stefnt að því að efla getu heilbrigðra einstaklinga, líkt og þegar nemendur sækja í lyf til að efla minni. Siðfræðistofnun er þátttakandi í evrópska rannsóknaverkefninu NERRI (Neurological enhancement, responsible research and innovation). Markmið verkefnisins er að rannsaka, kynna, og benda á leiðir til úrbóta þegar kemur að siðferðilegum álitaefnum í tengslum við taugaeflingu (*neurological enhancement*). Taugaefling er hér skilgreind sem hvaðeina sem eykur getu og virkni miðtaugakerfis og heila.

Mikilvægur þáttur í rannsókninni er að efna til samtals við almennning og fagaðila um siðferðileg álitamál sem tengjast rannsóknum og notkun á taugabótum (*neurological enhancement*). Í framhaldi af þessu samtali verða síðan gerðar tillögur að síðareglum er lúta að rannsóknum á þessu svíði. Í erindinu verða kynntar áfanganiðurstöður verkefnisins, meðal annars niðurstöður viðtalsrannsóknar við hagsmunaaðila á svíðinu. Þá verða greindar þær siðferðilegu spurningar sem vakna meðal hagsmunaaðila og velt upp hvaða lerdóm megi draga af þeim viðhorfum sem þar koma fram.

Jóhannes Dagsson  
Salvör Nordal

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Heilsulæsi - Hindranir í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl\*

Mikilvægt er að fólk taki virkan þátt í heilsueflingu og ástundi heilbrigðan lífsstíl. Heilsulæsi spilar hér stórt hlutverk en samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni felst það í því að fólk búi yfir þekkingu, hvatningu og hæfni sem þarf til að hafa upp á þeim upplýsingum sem það þarfnaast, geta skilið þær, lagt mat á gæði þeirra og notfæra sér upplýsingarnar til heilsueflingar. Fjallað verður um könnun þar sem rannsakaðar voru hindranir hjá mismunandi hópum Íslendinga í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl. Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvaða hindranir eru fyrir hendi hjá mismunandi hópum Íslendinga í tengslum upplýsingar um heilsu og lífsstíl? Notaðar voru megindegar aðferðir og gagna aflað frá 1.200 manna tilvjunarártaki fólks á aldrinum 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 58,4%. Þátttakendur voru beðnir um að svara 13 staðhæfingum um hugsanlegar hindranir. Niðurstöður sýna að 10 af staðhæfingunum mæla hindranir hjá öllum hópum, í mismiklum mæli, og gefa vísbendingu um að allir hópar eigi í nokkrum vanda með heilsulæsi í tengslum við upplýsingar um heilsu og lífsstíl.

Ágústa Pálsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## The North Pole Mission in Iceland 1857 - 1858\*

In 1857 two catholic priests came to Iceland in order to regain the island for the catholic faith. The recently open polar mission within in the catholic church had the ambition aim to missionaries Northern Scandinavia, the Faroe and Shetland Islands as well as Iceland, Greenland and artic regions of Northern America. Behind this mission was a former Russian aristocrat Stepan Stephanovic Dzunkovskij who had converted to the Catholic Church and got the support by the Vatican to run this operation. At the archive at the Catholic Church in Iceland in Reykjavik are six boxes containing the correspondence between the priest coming to Iceland and the mission as well many other documents concerning this first 30 years of the Catholic Church in Iceland. Up to 80 percent of these documents are in French, less than 5 percent are in Icelandic. The main object of the presentation is to make accessible the content of the archive and by doing so help to better understand the beginning of the Catholic Church in Iceland. It will be also a contribution to the social history of Iceland at the middle of the 19th century and will allow seeing Iceland through the eye of a 19th century foreigner.

Markus Meckl

Birgir Guðmundsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Frá Vladimir til Pútíns - Kirkjuleg tákñfræði í myndmáli rússneska ríkisvaldsins**

Saga Rússlands er samofin kristnisögunni. Skírn Vladimirs fursta í Kænugarði árið 988 og tengsl hans við byzönsku keisarahirðina markar upphaf veldis hans. Þá er um leið lagður grunnur að kristinni menningu og kirkjuvaldi sem skóp ramma um vöxt og viðgang rússneska ríkisins. Eftir að Mikligardur féll í hendur múslíma efldist furstinn í Moskvu. Honum tókst að brjóta heri Mongóla á bak aftur, sameina hin ólíku furstadæmi og leggja undir sig ný landsvæði. Í kjölfar þess tryggði rússneska keisaradæmið sér viðurkenningu yfirbiskupsins í Moskvu sem leit á borgina sem hina þriðju Róm og keisaran sem verndara réttrar kristni í heiminum. Ríki og kirkja eru tengd með sérstökum hætti í Rétttrúnaðarkirkjunni og þar ríkir gagnkvæm réttlæting en undir niðri má greina átök og spennu sem birst hafa með ólíkum hætti í tímans rás. Í Rússlandi hefur oltið á ýmsu í samskiptum kirkju og ríkis eins og sjá má af t.d. kirkjustjórn Péturs mikla og byltingunni árið 1917. Fram eftir öldum tileinkaði ríkisvaldið sér þar helgihald og táknmál kirkjunnar og þótt því hafi verið hafnað á tímum Sovétríkjanna reyndist það hafa lifað af og gegnir nú aftur pólitísku hlutverki í Rússlandi og í samskiptum þess við nágrannaríkin. Í fyrrlestrinum verður fjallað um helstu stefn í völdum dænum af táknmáli ríkis og kirkju og útskýrð með hliðsjón af sögulegu samhengi samskipta þessara stofnana.

Pétur Pétursson

## **Roma on the move - Preliminary sketch of a research about Romani transnational and urban movements**

In this paper I present a preliminary design of a research project about Roma and movement. The research engages with recent conceptualizations of space, movement and transnationalism in the socio-anthropological debate; the case study it presents is that of a community of Bosnian Muslim Roma living in Rome, Italy. These Roma live in shanties in the Rome's metropolitan area, and often share dwelling and economic spaces with other Roma groups (especially Romanian Roma). Although rooted in specific districts of the city, these Roma stretch their networks and movements out on Bosnia (their home country) and several Western European countries. In this paper I reflect on Ingold's idea of movement as existential wayfaring that binds places "through paths along which life is lived"; thus, I dig into the potentialities of this approach to understand alternative conceptualizations and practices of space. I also examine how the city of Rome may be conceived of as the scenario of power struggles, negotiations of spaces and confrontations between identities that occur in the complex intertwining of local and transnational processes.

Marco Solimene

## Samfélagsgerð, boðskipti og hnignun rökhugsunar í vestrænum samfélögum

Sú hugmynd að form boðskipta hafi mikil áhrif á samfélagsgerð er um það bil jafn gömul félagsfræðinni. Í tímamótaverki Durkheims *Um verkaskiptingu samfélagsins*, sem kom út 1893, er því t.d. haldið fram að veigamiklar breytingar frá vélrænni einingu samfélagsins yfir í lífræna einingu þess megi að hluta til rekja til breytinga á boðskiptum. Durkheim gekk útfrá því að þessar breytingar kæmu meðal annars fram í breytingum á hugsunarhætti og hugmyndum okkar um rétt og rangt. Þessar vangaveltur Durkheims urðu síðar fjölfræðingnum Jean Piaget tilefni til þess að móta merkar kenningar um þróun síðferðisþroska og vitrænnar hugsunar. Margir fræðimenn hafa síðan fylgt í fótspor þessara merku brautryðjenda. Nefna má kenningar Harold Innis um það hvernig bytting Guttenbergs og prentlistin breyttu samfélagini og hugsunarhætti fólks. Að ekki sé talað um skrif McLuhans um það að formgerð miðilsins sé jafn mikilvæg og innihaldid. McLuhan taldi að með tilkomu nútíma miðla viki línuleg hugsun fyrir hugsunarhætti sem væri meira í att við þann sem ríkti á miðöldun. Í þessum fyrirlestri er fjallað um þessar kenningar í tengslum við spádóma um hnignun rökhugsunar í vestrænum samfélögum.

Þórólfur Þórlindsson

## Afhending gagna og upplýsingar úr stjórnsýslunni umfram skyldu\*

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi um áramótin 2012/2013. Í 11. gr. þeirra kemur fram að heimilt sé að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en skylt er samkvæmt lögunum. Þessi regla er nefnd reglan um aukinn aðgang að gögnum. Í 13. gr. laganna er mælt fyrir um að stjórnvöld skuli veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína, og að stjórnvöld skuli vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málsögnum og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Þetta ákvæði er skylt reglunni um aukinn aðgang að gögnum, að því leyti að það hefur þann tilgang að stuðla að auknum aðgangi almennings að upplýsingum, og mærir ekki með beinum hætti fyrir um fortakslaða skyldu til að veita aðgang að tilteknum tegundum gagna eða upplýsinga. Í upplýsingalögum er enn fremur að finna fyrirmæli um það hvernig stjórnvöld skuli framkvæma reglurnar, og hvernig hagað sé eftirliti með þeirri framkvæmd. Viðfangsefni rannsóknarinnar er að greina, á lögfræðilegan hátt, hvað felst í reglum 11. og 13. gr. upplýsingalaga. Í einfölduðu máli má segja að spurt sé hvaða skyldur þær leggja á stjórnvöld. Leitast er við að svara þeirri spurningu með skoðun á forsögu reglnanna, markmiði þeirra og samhengi við aðrar lagareglur – skráðar og óskráðar. Einnig er kannað að hvaða leyti reynt hefur á þessar reglur í framkvæmd.

Trausti Fannar Valsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmunni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Aðgangur almennings að gögnum samkeppnismáls\*

Mikil gagna- og upplýsingasöfnun á sér stað við framkvæmd eftirlits Samkeppniseftirlitsins samkvæmt lögum nr. 44/2005. Þannig er miklum fjölda gagna aflað hjá þeim sem beinlínis sæta rannsókn sem og öðrum einstaklingum eða lögaðilum og jafnvel með tilteknum þvingunaraðgerðum. Ágreiningslaust er að þessi gögn og upplýsingar geta innihaldið hinar ýmsu trúnaðarupplýsingar, m.a. viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar, sem geta flokkast til samkeppnisupplýsinga, og viðkvæmar persónulegar upplýsingar. Að auki geta þessi gögn innihaldið upplýsingar sem tengjast ekki efnisatriðum rannsóknar samkeppnisyfirvalda. Umfjöllunarefni rannsóknarinnar er hvaða reglur gilda um aðgang einstaklinga og lögaðila að gögnum hjá samkeppnisyfirvöldum sem ekki teljast aðilar í skilningi stjórnsýsluréttar að þeim málum sem til rannsóknar eru. Þar sem engar reglur er að finna um aðgang almennings að gögnum samkeppnismáls í samkeppnislögum verður slíkur aðgangur byggður á upplýsinglögum nr. 140/2012. Sjónum verður beint að meginreglu upplýsingalaga um skyldu stjórnvalds til að veita almenningi aðgang að gögnum, sbr. 5. gr. upplýsingalaga, og þeim takmörkunum sem sá réttur sætir samkvæmt 6.-10. gr. laganna. Um er að ræða hefðbundna lögfræðilega rannsókn þar sem við skýringu á framangreindum ákvæðum verður litið til dómaframkvæmdar og úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem reynt hefur á þetta álitaefni.

Kristín Benediktsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Oft er gíger granna á milli – Um 55. gr. laga um fjöleignarhús

Ágreiningur á milli sameigenda fjöleignarhúss er ekki óalgengur. Slíkur ágreiningur kann að komast á slíkt stig að mikill meirihluti sameigenda komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að einn sameigendanna viki úr húsinu og eftir atvikum selji eign sína. Í 55. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er fjallað um skilyrði þess að einn sameigenda sé gert að hverfa frá umráðum eignar sinnar. Með þessu framlagi til Þjóðarspegilsins 2014 er ætlunin að fylla um efnisinn tak þessa lagaákvæðis, m.a. með hliðsjón af nýlegri dómaframkvæmd. Í þeirri ritrýndu fræðigrein sem birt verður í kjölfar erindisins verður hefðbundinni lögfræðilegri aðferð beitt við að skýra áðurnefnt lagaákvæði. Fjallað verður með skipulögðum hætti um einstakar málsgreinar ákvæðisins og hvaða hætti þeim hefur verið beitt í dómaframkvæmd. Einnig verður vísað til lögskýringargagna, sem varpa ljósi á efni ákvæðisins, sem og sambærilegra ákvæða í löggjöf nágrannaríkja Íslands. Með þessu framlagi til fræðanna er ætlunin að uppfæra með markvissum hætti þá þekkingu sem þegar liggar fyrir um þetta tiltekna ákvæði og rýna í fyrirliggjandi heimildir um efnið. Á þennan hátt verður til gagnort kver um réttaratriði sem hefur umtalsverða hagnýta skírskotun fyrir alla sameigendur fjöleignarhúsa.

Helgi Áss Grétarsson

## Decision theory in the context of law

Calibrating a correct balance of interest is a central problem for anyone wielding the power to decide on the content of a legal rule. It is an essential element in the work of legislators, enforcers of law, and judicial bodies. Often the competing interest relate to efficiency considerations that are collectively preferred, and specific narrow interests that collide with the collective agenda. The balancing task is to find a fair compromise between the collective and the specific. In the article I am proposing a way to achieve the optimal compromise by using insights from decision theory. This requires framing legal problems as decision problems and conceding to certain axioms of rationality. I contrast this method with two influential legal methods; the proportionality test of Robert Alexy, and the economics based approach of Richard Posner. The method seeks to incorporate accuracy and consistency from the economics based approaches, and the test of moral appropriateness that is central to the proportionality approach.

Haukur Logi Karlsson

## Breytt hlutverk starfsmanna- og mannauðsstjóra á Íslandi

Hlutverk starfsmanna- og mannauðsstjóra er fjölbreytt og kemur inn á marga þætti stjórnunar. Rannsóknir hafa sýnt að það eru aðallega þrír málflokkar sem starfsmanna- og mannauðsstjórar sinna. Í fyrsta lagi samskipti við aðila vinnumarkaðarins, gerð kjarasamninga og túlkun þeirra og lausn ágreinings (Cappelli, 1991; Van Eynde og Tucker, 1997). Í öðru lagi rekstur og viðskipti ásamt fjármálum og fjárhagsbókhaldi (Lawson, 1990; Lawson og Limbrick, 1996; Ulrich, Brockbank, Yeung og Lake, 1995). Í þriðja lagi mannlegi þátturinn, svo sem samskipti, virk hlustun, leiðtogaðærni og breytingastjórnun (Hansen, 2000; Hansen o.fl., 1996; Lawson og Limbrick, 1996; Ulrich, Brockbank, Yeung og Lake, 1995). Þessi rannsókn byggir á greiningu á verkefni starfsmanna- og mannauðsstjóra með hliðsjón af atvinnuauglýsingum um störf þeirra á árunum 1990-2000 annars vegar og 2001-2013 hins vegar. Enn fremur er greint hvaða breytingar hafa átt sér stað á hlutverki þeirra. Þessi skipting á tímabilum er notuð því fram að aldamótum var gjarnan auglýst eftir starfsmannastjórum en eftir aldamótin fór að bera á að auglýst væri eftir mannauðsstjórum. Alls voru greindar 49 atvinnuauglýsingar sem birtust í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Á árunum 1990-2000 voru greindar 16 atvinnuauglýsingar og á árunum 2001-2013 voru greindar 33 atvinnuauglýsingar. Leitað var svara við tveimur spurningum.

1. Hver eru helstu verkefni starfs- og mannauðsstjóra samkvæmt atvinnuauglýsingum um störf þeirra?
2. Hvernig hefur hlutverk starfsmanna- og mannauðsstjóra breyst á síðustu 23 árum samkvæmt atvinnuauglýsingum um störf þeirra?

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson  
Svala Guðmundsdóttir

## Millistjórnendur og starfsmannamálin\*

Í kenningarlegum viðmiðum og lýsingum á mannauðsstjórnun (*Human Resource Management*) er gert ráð fyrir þýðingarmiklu hlutverki og þátttöku millistjórnenda (*Line managers*) í stjórnun starfsmannamála. Millistjórnendur á öllum stigum í fyrirtækjum og stofnunum hafa á síðasta áratug eða svo fengið æ meira krefjandi hlutverk og viðameiri verkefni þessu tengt. Á síðustu tíu til fimmtíðar árum hefur athygli og áhugi rannsakenda beinst að því hvernig til hefur tekist að yfirfæra ábyrgðina og viðfangsefni HRM á millistjórnendur og hvernig samskiptin og samstarfið við stoðeiningu starfsmannamála og sérfræðinga í mannauðsstjórnun er háttáð. Í því samhengi hafa vaknað spurningar um hvort og þá hvaða stuðning og námsmöguleika millistjórnendur fá til þess að geta sinnt hlutverki sínu sem stjórnendur starfsmannamála. Markmiðið með þessari grein er að gera með kerfisbundnum hætti úttekt á rannsóknarheimildum sem rannsaka millistjórnendur og HRM. Tilgangurinn er að byggja undir markvissa og ítarlega rannsókn sem bætir við þekkingu þar sem hana skortir.

Inga Jóna Jónsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Orkustjórnun: Nýjar áherslur í mannauðsmálum? \*

Í leiðtogafræðum og mannauðsstjórnun er leitað leiða til að útskýra mun á frammistöðu starfsmanna eftir leiðtogastíl, árangri og aðferðum. Ein af þeim aðferðum sem hafa vakið athygli undanfarið er svokölluð orkustjórnun. Orkustjórnun hefur að undanförnu verið innleidd hjá fyrirtækjum víða um heim til að leitast við að auka vellíðan og framleiðni starfsmanna og auka þar með árangur í starfi. Í þessari grein er kynnt rannsókn á íslensku fyrirtækum sem hefur farið þá leið að nýta orkustjórnun í þeim tilgangi að auka vellíðan, heilbrigði og helgun starfsmanna. Orkustjórnun er hugmyndafræði sem er ný af nálinni og lítið rannsakað fyrrbæri. Kynntar eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var á áhrifum námskeiðs í orkustjórnun á hóp starfsmanna Íslandsbanka sem fóru í gegnum markvissa fræðslu um orkustjórnun. Varpað er ljósi á orkustjórnun, hverjir eru þættir hennar og hvaða atreiði það eru sem geta aukið orku einstaklinga eða dregið úr henni. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að námskeið í orkustjórnun virtust hafa jákvæð áhrif á þátttakendur og bentu niðurstöður orkumælinga til 30% aukningar á orku viðmælanda á fimm mánaða tímaðili.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir  
Ingibjörg Birna Ólafsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Seta í samninganefnd - Hver er þekkingin og reynslan?**

Rannsóknir hafa sýnt að þjálfun, þekking og samsetning samningateymis getur skipt sköpum fyrir útkomu samninga. Þjálfun getur átt sér stað í starfi, námi eða á námskeiðum og hafa margir fulltrúar íslenskra stéttarfélaga og opinberra aðila sem hlut eiga að kjarasamningum sótt sér slíka þjálfun og þekkingu. Ljóst er þó að nokkuð skortir á að þjálfun þessi og þekking sé útbreidd. Nauðsynlegt getur einnig reynst að skipa í ákveðin hlutverk og skipta þá óbeinir þátttakendur oft ekki síður máli en þeir sem virkari eru í samskiptunum, því er einnig mikilvægt að kanna beitingu og skilning á samskiptafræðum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna þjálfun, undirbúning, reynslu og upplifun þátttakenda af samskiptum í samningateymum með kortlagningu og viðtölum. Niðurstöðurnar nýast til að gefa mynd af stöðu þjálfunar og þekkingar, þörfum á frekari þjálfun og þekkingu, og því sem læra má af einstakri innsýn þátttakenda.

Þóra H. Christiansen

## Glatað fé eða fundið? Rannsókn á því hvað hvetur miðaldra og eldra fólk í starfi\*

Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði (50+) mun á næstu árum og áratugum fjölga umtalsvert á meðan yngra fólk fækkar. Fjöldi þeirra sem lætur af störfum sökum aldurs fer að sama skapi smám saman vaxandi. Sú staða setur þær kröfur á herðar fyrirtækjunum að ráða nýtt starfsfólk á sama tíma og það þarf að trygga kerfisbundna yfirfærslu þekkingar og reynslu þessa hóps til framtíðar. Í sumum tilvikum getur verið mikilvægt fyrir stjórnendur að halda sem lengst í reynslumikið starfsfólk og hafa þá til þess réttu verkfærin. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er byggt á er að auka þekkinguna og skilninginn á þessum verðmæta starfsmannahópi. Sömuleiðis að setja fram tillögur sem nýtast mega sem hjálpartæki í stjórnun starfsmannamála þar sem tekið er mið af þörfum þessa hóps. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: (1) Hvað hvetur miðaldra og eldra fólk í starfi og hvernig má stuðla að starfsánægju þess? (2) Hvaða þýðingu hefur færni í starfi annars vegar og sá möguleiki að geta miðlað þekkingu hins vegar fyrir starfsánægju miðaldra og eldra fólks? Eigindleg rannsóknaraðferð var notuð til að fá svar við spurningunum út frá fyrirbærafræðinni. Tekin voru hálfopin viðtöl við átta einstaklinga á aldrinum 50 til 63 ára og var í vali á viðmælendum stuðst við snjóboltaaðferðina. Helstu niðurstöður gefa til kynna að vinnuumhverfið, þar með talið starfið sjálf og verkefnin, stuðningur stjórnenda og samskipti við samstarfsmenn, leiki stórt hlutverk þegar hvetja á miðaldra og eldra fólk í starfi.

Jóna Valborg Árnadóttir

Inga Jóna Jónsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Hvað verður um þekkingu starfsmanna sem láta af störfum vegna aldurs við starfslok þeirra? \*

Því fylgir mikið umbreytingarferli í lífi hvers einstaklings að hætta í vinnu sinni og setjast í helgan Stein. Á starfsævinni safnast jafnan upp mikil reynsla, færni og þekking auk þess sem margir finna tilgang sinn og virði í starfinu. Markmið með þessarari eiginlegu rannsókn er að komast að því hvort markvisst sé reynt að halda í þá þekkingu sem fólk hefur sankað að sér á starfsævinni. Tekin voru viðtöl við átta manns, fjórar konur og fjóra karla, sem öll höfðu sinnt ábyrgðarstöðum fyrir starfslok og voru komin á eftirlaun. Megin viðfangsefni rannsóknarinnar er því að finna út hvort fólk telji sig almennt búa yfir mikilvægri þekkingu eftir starfslok sem hefði þurft að fanga betur til áframhaldandi hagnýtingar innan skipulagsheildarinnar og hvort eitthvað megi betur fara í viðskilnaði fólks við vinnustaðinn. Helstu niðurstöður gefa til kynna að miklu máli skipti hvernig staðið er að starfslokum og að fólk sé kvatt á viðeigandi hátt þegar það fer á eftirlauna. Hvað þekkinguna varðar þá virðist ekki naegileg áhersla vera lögð á að fanga þekkingu fólks áður en það lætur af störfum þó oftast komi það að einhverju leyti að því að setja eftirmann sinn inn í starfið. Þeir sem settu eftirmenn sína inn í starfið og komu þekkingu sinni í farveg fyrir starfslok hættu störfum sáttari en ella og höfðu jákvæðara viðhorf til vinnustaðarins og eftirmannsins.

Sigríður Hjálmarsdóttir  
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Að leggja árar í bát - Starfslokaferli sjómanna\*

Markmið með rannsókninni er að afla þekkingar á starfi íslenskra sjómanna, starfslokaferli þeirra og þeim breytingum sem verður á þátttöku eftir að störfum á sjó lýkur. Við öflun gagna var könnunarraðsnið notað þar sem viðtöl voru tekin við níu sjómenn á eftirlaunum og þau greind með aðferð grundaðrar kenningar. Síðan var spurningalisti lagður símleidis fyrir 37 sjómenn á eftirlaunum og lýsandi tölfræði beitt í þeim tilgangi að staðfesta og bæta við niðurstöður viðtalanna. Niðurstöður sýndu að sjómennirnir höfðu flestir hafið störf mjög ungir og átt langa starfsævi á sjó. Áhugi á sjómennskunni var algengasta ástæða þess að þeir hófu þar störf. Það sem þeim líkaði best við starfið var hve launin voru góð, en síst fjarvera frá fjölskyldunni. Starfslokin voru þeim miserfið, þeir sem neyddust til að hætta voru ósáttir en hinir sem völdu það sjálfir voru sáttir. Undirbúningur þeirra undir starfslok og skilningur á því hvað í honum felst var ólíkur milli eigindlega hluta rannsóknarinnar og hins megindeilda. Þátttaka þeirra í viðfangsefnum innan heimilisins jókst til muna eftir starfslok en tvennum sögum fer af þátttöku þeirra í tómstunda- og félagslíf.

Kristjana Fenger

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Samfélagsmiðlar opinberra stofnana: Varðveisla efnis, stefna og reglur\*

Markmið rannsóknarinnar var að leiða í ljós hvernig ástatt væri um skjalastjórn efnis á samfélagsmiðlum hjá opinberum stofnunum. Notaðar voru megindelegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir við framkvæmd rannsóknarinnar. Tekin voru níu hálfstöðluð viðtöl við skjalaverði, upplýsingafulltrúa og sérfræðinga hjá opinberum stofnunum. Þá var spurningalisti sendur á rafrænu formi til allra ríkisstofnana hérlandis. Einnig voru athuguð fyrirliggjandi gögn úr innra umhverfi stofnananna. Varðveislu efnis á samfélagsmiðlum opinberra stofnana var verulega ábótant og mjög fáar þeirra töldu að efni á samfélagsmiðlum felli undir skjalastjórn stofnana. Algengara var að stofnanirnar varðveittu efni á miðlunum einnig á heimasiðum sínum eða á sameiginlegum tölvudrifum starfsmanna frekar en í rafrænum skjalastjórnarkerfum, en einungis líttill hluti stofnananna varðveitti efni á samfélagsmiðlum sínum í slíkum kerfum. Nokkur hluti stofnananna gerði ekkert við efnið á miðlunum og engin stofnun hafði gert geymslu- og grísunaráætlun fyrir efni sem fór á samfélagsmiðla. Stór hluti opinberra stofnana hafði ekki mótað stefnu um notkun samfélagsmiðla í starfsemi sinni og einungis hjá fjórðungi stofnananna voru til staðar reglur um hvernig skyldi staðið að stjórn þeirra upplýsinga og efnis sem var að finna á samfélagsmiðlum. Þá höfðu aðeins örfáar stofnanir sett viðmið eða reglur um það hvaða efni á samfélagsmiðlum teldust vera skjöl.

Már Einarsson

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Starfsánægja og hollusta á vinnustað í kjölfar efnahagshrunsins 2008**

Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif niðurskurðar á starfsánægju starfsmanna og hollustu þeirra við vinnustaðinn í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Rafrænn spurningalisti var í þrígang lagður fyrir starfsfólk 20 sveitarfélaga með þekkt netfang auk þess sem tekin voru rýnihópaviðtöl í tveimur ápekkum sveitarfélögum. Gagnaöflun fór fram á árunum 2010-2013. Það voru 2971 starfsmenn sem svoruðu öllum þremur fyrirlögnum spurningalistans og gáfu upplýsingar til að para saman gögnin, 82% konur og 18% karlar. Í rýnihópaviðtolunum tóku 53 starfsmenn þátt, 81% konur og 19% karlar. Niðurstöðurnar sýna að almennt eru starfsmenn ánægðir í starfi sínu. Starfsánægjan minnkar þó á milli fyrirlagna sem og hollusta gagnvart vinnustaðnum. Ennfremur má sjá að fleiri og fleiri hugsa oft um að hætta í núverandi starfi. Þessar niðurstöður eru enn meira afgerandi á vinnustöðum þar sem niðurskurður hefur átt sér stað en á vinnustöðum þar sem enginn niðurskurður hefur orðið. Fram kom í máli viðmælenda að langvarandi álag á starfsfólk væri farið að segja til sín og starfsaðstæður og starfsandi hafi versnað til muna frá hrungi. Taka verður niðurstöðum um versnandi starfsánægju alvarlega þar sem þær gefa mikilvægar upplýsingar um líðan starfsmanna á vinnustaðnum.

Hjörðís Sigursteinsdóttir

## Gerir húmor gagn? Tengsl húmors, starfsánægju og tegundar fyrirtækis\*

Húmor hefur lítið verið rannsakaður í tengslum við mannaðsstjórnun. Margar greinar hafa verið skrifdaðar um þetta viðfangsefni en fræðimenn telja ekki vera lagða jafnmikla áherslu á þetta líkt og gert er við aðra þætti mannaðsstjórnunar eins og t.d. starfsánægju. Megindleg könnun var lögð fyrir stjórnendur og starfsmenn þriggja fyrirtækja í ólíkum atvinnurekstri. Tvö af þessum fyrirtækjum eru einkarekin og það þriðja rákisrekið. Markmiðið var að kanna hvort það myndi skipta stjórnendurna máli að nota húmor sem stjórntæki. Einnig var markmiðið að skoða hvaða gagn húmor gæti gert sem slíkt tæki og hvort tegund fyrirtækis skiptir máli þegar húmorinn er innleiddur í menningu þess. Út frá fræðunum var persónuleiki stjórnenda skoðaður og hvernig stjórnendur það eru helst sem eiga auðvelt með að tileinka sér þetta tæki og hvernig þeir geta notað það á uppbyggilegan hátt. Þetta var svo kannað hjá stjórnendum fyrirtækjanna þriggja sem töku þátt og hvort þeir hefðu þessa eiginleika sem til þarf. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að það skiptir stjórnendur fyrirtækjanna máli að hægt sé að nota húmor sem stjórntæki. Flestir þátttakendurnir nefndu að yfirmaður þeirra væri vingjarnlegur, hafur og sanngjarn og hefði góðan húmor. Þetta eru allt eiginleikar sem stjórnandi þarf að hafa til að geta notað húmor sem stjórntæki á uppbyggilegan og árangursríkan hátt. Að mati langflestra þátttakendanna myndi húmor gagnast best sem stjórntæki til að auka eða bæta starfsánægju og einnig samskipti milli starfsmanna. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að tegund fyrirtækis á ekki að hafa áhrif þegar kemur að mikilvægi húmors sem stjórntækis.

Sigrún Alda Magnúsdóttir  
Þórður S. Óskarsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Net- og skjámenning á vinnustöðum: Persónuleg netmiðlanotkun á vinnutíma**

Rannsókn var unnin fyri hluta árs 2013 um notkun samfélagsmiðla vegna einkaerinda starfsfólks á vinnustöðum. Markmið og rannsóknarspurningar snérust um: Hvort og þá hvaða samfélagsmiðla svarendur notuðu almennt; hvort fyrirteki og stofnanir á Íslandi hefðu opinn aðgang og/eða leyfðu aðgang að samfélagsmiðlum; hvort þáttakendur notuðu samfélagsmiðla til þess að sinna einkaerindum á vinnutíma; hversu miklum tíma þeir verðu til slíkra nota og hvert væri viðhorf stjórnenda og annarra starfsmanna til slíkra notkunar. Í samvinnu við Félagsvíndastofnun Háskóla Íslands var spurningalisti lagður fyrir svarendur sem teknir voru með einföldu tilviljunarártaki úr þjóðskrá, með símtali og sömuleiðis lagskipt tilviljunarártak einstaklinga úr netpanel Félagsvíndastofnunar. Rannsókn sem þessi hefur ekki verið gerð á Íslandi og ekki fundust sambærilegar erlendar rannsóknir. Helstu niðurstöður eru að meginþorri svarenda notaði samfélagsmiðilinn Facebook; um helmingur skipulagsheildanna hafði opið fyrir og/eða leyfði starfsfólk að hafa aðgengi að samfélagsmiðlum á vinnutíma; tæplega 50% svarenda nýtti sér þann möguleika og starfsfólk varði til þessa umtalsverðum tíma vinnudagsins. Meirihluti svarenda taldi að stjórnendur væru mótfallnir slíkri notkun en enn stærri hluti var þeirrar skoðunar að notkun sem þessi væri óásættanleg. Rannsóknin leggur til mikilvægar upplýsingar um persónulega samfélagsmiðlanotkun á vinnustöðum. Niðurstöðurnar gætu nýst skipulagsheildum sem vilja meta kosti og galla notkunar samfélagsmiðla á vinnustaðnum.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

## Averting burnout in academia; parenting as lightning rod\*

The academic profession is characterised by autonomy and flexibility but also by a competitive work atmosphere and high workload, which makes it a perfect breeding ground for burnout. Foreign studies have shown burnout rates among academics up to 20 per cent. As for its permeable boundaries, academics have called working in academia a lifestyle rather than a profession. In Iceland it is uncommon to delay or forgo family formation because of career making, even though discourses on work-family conflict identify this combination as stressful at times. This study revolves around the manner in which parenting can influence the work-related well-being of male and female academics as measured by burnout. Data derive from 20 face-to-face interviews with academics, and an online survey that was send to all academics in Iceland, containing an adjusted version of the Maslach Burnout Inventory. Independent sample t-tests and ANOVA analyses show that raising children can up to some extent enhance feelings of emotional exhaustion and depersonalisation but that it can also add to feelings of personal achievement which in turn work against burnout. Parenting therefore functions as lighting rod, assisting academics to structure their daily lives and forcing them to spend time away from work.

Thamar M. Heijstra

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Organizational Identity and Image Dynamics - The Case of Strategic Brand Management at the Bottom of the Pyramid**

Albert and Whetten's (1985) fundamental notion that features or traits comprising organizational identity only qualify as such should they be perceived by its members as central, enduring and distinctive, has been challenged on various levels. The enduring characteristic, or temporal continuity, of identity has since emerged as the most prominent area of debate among scholars. It centers on the question whether identity as a concept is fundamentally stable or can be dynamic – and if so, what factors affect identity mutability. We use quantitative methods in a multi-perspective setting (members of the organization and external stakeholders) of a company's brand introduction to a bottom of the pyramid (BoP) market and its subsequent effect on identity, image and reputation. Building on previous work on identity dynamics (Hatch and Schultz 2002; Brown et al. 2006), our aim is to supply empirical corroboration to the identity dynamics debate by juxtaposing identity and reputation effects with the perceived and construed image the organization has of itself.

Alexander Hartmann

Ralf Wagner

## **A conceptual discussion of branding in the nonprofit sector**

Branding has been long applied to the for-profit sector but to less in the not-for-profit sector. This paper offers an academic conceptualization of branding and how it can be applied to nonprofit organizations and companies alike. It outlines what a brand is and its benefits. It further discusses what a brand is not which is important from a practical perspective as all too often their purpose is misunderstood to be only about graphic design, a logo or isolated promotional campaigns overlooking its strategic function. The paper then provides advise on best practice for branding for nonprofit organizations and identifies some of the skepticism associated with using branding within the nonprofit sector.

Friðrik Larsen

## Sterk, jákvæð og einstök tengsl við vörumerki

Almennt er talið að lykillinn að því að byggja upp vörumerkjavirði sé að vörumerkið hafi mikla vitund og kunnugleika og að ímyndin sé sterk, jákvæð og einstök í huga eða minni viðskiptavina/markhópsins. Rannsóknarviðfangsefnið er vitund og ímynd vörumerka. Settar eru fram tvær tilgáttur:

1. Sterk tengsl eru á milli vitundar annars vegar og viðskiptabanka (markaðshlutdeildar) hins vegar.
2. Ímynd bankanna meðal viðskiptavina sinna er sterk, jákvæð og einstök.

Til að fást við tilgáturnar er unnið með gögn úr tveimur könnunum sem gerðar voru samhliða í febrúar 2013. Skoðað var hvort munur væri á niðurstöðum milli kannananna og í ljós kom að hvergi kom fram munur sem uppfyllti kröfur um 95% markettarmörk. Því voru gögnin sett saman í einn gagnagrunn og þegar ógildum/gölluðum svörum hafði verið eytt út var heildarfjöldi svara 563. Til að kanna VITUND var lagt mat á sambandið milli vitundarmælingar annars vegar og svo hvar viðkomandi var með sín bankaviðskipti hins vegar (markaðshlutdeild). Til að kanna STERK tengsl voru skoðuð tengsl við ímyndarþættina og til að kanna JÁKVÆD tengsl var skoðað hvort viðskiptavinir tiltekins banka tengdu „sinn“ banka frekar við jákvæða ímyndarþætti en aðra. Til að skoða EINSTÖK tengsl var sett upp vörukort fyrir hvern og einn. Niðurstöður benda til þess að hvað stærstu bankana varðar þá hafi þeir STERKA, JÁKVÆDA og EINSTAKA stöðu í huga viðskiptavina sinna sem telst jákvætt út frá kenningum um vörumerkjavirði.

Þórhallur Guðlaugsson

## Lykt sem markaðstól: Viðhorf markaðsfólks og stefnumiðuð notkun\*

Skilningur á kauphegðun er mikilvægt viðfangsefni markaðsfræðinna. Þetta rannsóknarviðfangsefni fjallar um með hvaða hætti lykt hefur áhrif á kauphegðun og hver sé þekking og viðhorf markaðsfólks á Íslandi á notkun þessa þáttar í markaðsstarfi. Markmið rannsóknarinnar er að kanna þekkingu á þessu fyrirbæri og hvort það væru einhverjar hindranir sem staðu í vegin fyrir því að skoða þetta frekar með íslenskt markaðsumhverfi að leiðarljósi. Rannsóknarsprungarnar eru:

1. Hver er þekking íslensk markaðsfólks á áhrifum lyktar á neytendur?
2. Hvert er viðhorf íslensks markaðsfólks gagnvart notkun lyktar sem markaðstóls?
3. Eru íslenskir markaðsstjórar að nota lykt í sínu markaðsstarfi?

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notuð eiginleg aðferð þar sem tekin voru fimm djúpviðtöl við einstaklinga í markaðsdeildum stórra fyrirtækja á Íslandi. Þessi aðferð er talin henta vel þegar skoða á tilfinningar, viðhorf, upplifanir og þess háttar og aðalatriðið er að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu. Gagnaöflun hófst haustið 2013 og var unnið með gögnin fram á vor 2014. Helstu niðurstöður eru þær að allir viðmælendur könnuðust við að lykt gæti haft áhrif í þeirra starfsumhverfi en skiptar skoðanir voru um gagnsemi þess að nota lykt með meðvituðum hætti í markaðsstarfi. Helstu hindranir væri tímaskortur en flókið og tímafrekt getur verið að þróa og/eða finna hina réttu lykt og ef illa er að þessu staðið gæti lykt haft þveröfug áhrif.

Egill Sigurðsson  
Þórhallur Guðlaugsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Deilihagkerfið: Fjárvæðing örfrumkvöðlanna\*

‘Örfrumkvöðullinn’ (*microentrepreneur*) er vaxandi hópur á svíði atvinnulífsins. Það svigrúm sem hefur með öflugri ‘netvangi’ (*digital platform*) hefur gert fjölmögum einyrkjum og smáfyrirtækjum sem starfa í krafti víðtækri notkun samfélagsmiðla (*social media*). Sett er fram sú tilgáta að hér sé um að ræða umtalsverða samfélagsbreytingu sem tekur til lífstíls, ábyrgðar og væntinga ‘jafningjaskipta’ (*peer to peer*) sem þrífast bæði utan hefðbundins markaðar og ríkis, jafnvel á netvangi utan afskipta þjóðríkisins. Nokkur reynsludæmi hérlandis eru notuð til að greina frá hvað um er að ræða.

Örn D. Jónsson  
Rögnvaldur J. Sæmundsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Þekkingarstjórnun hjá íslenskum hugbúnaðarhúsum\***

Þekkingarverðmæti eru óápreifanlegar eignir og óefnisleg verðmæti fyrirtækja og er þá átt við önnur verðmæti en tæki, vélar og byggingar sem gerð eru skil í fjárhagsbókhaldi þeirra. Þekkingarverðmætum er skipt í þrjá flokka: mannaud sem eru starfsmenn fyrirtækisins, skipulagsauð sem er á hvern hátt þeir framkvæma störfin sín og viðskiptaaud sem er hvernig þeir eiga samskipti við hvern annan og hagsmunaaðila, birgja og viðskiptavini. Þekkingarstjórnun er það ferli sem hjálpar við að koma þekkingu upp á yfirborðið og gera hana aðgengilega fyrir fyrirtækið og starfsmenn þess. Meginmarkmið þessarar greinar er að kynna niðurstöður rannsóknar þar sem kannað var að hvort íslensk hugbúnaðarhús eru að nýta sér þekkingarstjórnun til að fanga og dreifa þekkingu. Hér verður leitast við að svara rannsóknarspurningunni: Eru hugbúnaðarhús með skipulögðum hætti að nýta sér þekkingarstjórnun við hugbúnaðargerð?

Sævar Helgason  
Eðvald Möller

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Future Studies and the value of Foresight in Product Development\***

In spite of the importance of knowing past and present situations, societies and therefore businesses are moving ever faster toward increasing uncertainty in the future. Our research and experience clearly indicates that there is limited integration between New Product Development and the tools and methodology of Future Study. Many researchers have stressed the importance of further research in the Pre-Active phase of Product Development, the Fuzzy Front End, in dealing with uncertainty faced by managers and designers. This has motivated us to study the aforementioned gap of integration in this phase, after having reached the conclusion that most of the tools and techniques used in the Fuzzy Front End of New Product Development deal with important but incremental issues of new product concepts. The research question is: How can the tool of scenario analysis and planning been added-value in reducing risk of failure in the Fuzzy Front End of New Product Development, and why are these methods not used more extensively in this phase of Product Development, especially when dealing with high risk products concepts? The research includes literature research and case studies. The findings will hopefully be a steppingstone for further research in this field.

Karl Friðriksson

Runólfur Smári Steinþórsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Aspiration Levels and R&D Search in Young Technology-Based Firms**

Decisions about allocation of resources to research and development (R&D), referred to here as R&D search, are critically important for competitive advantage of technology-based firms. Using panel data collected yearly over a period of nine years, this paper re-visits existing theories of backward-looking and forward-looking decision models for R&D search in the important context of young technology-based firms. Some of the findings confirm existing models, but overall the findings contradict existing models. Not only are young technology-based firms found to increase search when aspirations are not met, but they do the same when performance surpasses aspirations. Both positive and negative outlooks reinforce the effects of performance feedback. The combined effect is that the more outcomes and expectations deviate from aspirations the more young technology-based firms invest in R&D search.

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Marina Candi

Þróstur O. Sigurjónsson

## Munurinn á flæði peninga í bönkum og öðrum fyrirtækjum\*

Alþjóðlega fjármálakrísan sem hófst 2007 hefur undirstrikað mikilvægi þess að greina betur grundvallarþætti fjárhagsupplysinga í reikningsskilum fjármálastofnana. Fjárhagsupplysingar úr reikningshaldinu geta kallast tungumál viðskiptalífsins. Skilaboðin sem birtast í sjóðstreymsfirlitum banka eru þó almennt ekki notuð. Samskiptakerfi viðskiptalífsins hrundi haustið 2008 og í ljós kom að sameiginlegt tungumál var ekki til. Síðan þá hafa bankar farið í greiðslustöðvanir og verið teknir til gjaldþrotaskipta eða teknir yfir af keppinautum, lánveitendum eða opinberum stofnunum. Seðlabankar heimsins hafa gripið inn í fjármálamarkaði meira en nokkru sinni áður, bæði með eignakaupum og með því að veita fjármálastofnunum fjármögnumaraðstoð til að viðhalda greiðsluhæfni og forða þeim frá lausafjárhurrð. Rannsóknin sem liggar að baki þessari grein byggir á mismunandi aðferðum sem sýna fram á að sjóðstreymsfirlit banka eru ekki notuð. Þá er kennингin um hvernig útlán skapa peninga skýrð í líkani og notuð til að greina sjóðstreymi banka á nýjan hátt. Tölurnar úr sjóðstreymsfirlitum eru almennt notaðar sem vísrending um lausafjárstöðu og greiðsluhæfi fyrirtækja – en sú er ekki raunin varðandi banka. Þessi staðreynd dregur fram mikilvægan mun í reikningshaldi banka og annarra fyrirtækja, sérstaklega að því er varðar handbært fé frá rekstri. Til að skilja sjóðstreymi banka er mikilvægt að skýra betur þennan grundvallarmun á peningamálum í bönkum annars vegar og öðrum fyrirtækjum hins vegar.

Ásgeir B. Torfason

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## „Fair value“ og „Value in use“ hugtökin í reikningsskilum

Á síðustu 15 til 20 árum hefur hugtakið „Fair value“ eða gangvirði verið meira og meira notað til þess að meta eignir í reikningsskilum. Að nota þetta hugtak er ekki einfalt, þó svo margir telji svo vera. Í raun er verið að virðismeta hluti sem notaðir eru í rekstri. Annað hugtak „Value in use“ eða notkunarvirði er í raun af sama toga spunnið, en er ekki það saman. Gangvirði og notkunarvirði hefur aukist mikið í reikningsskilum eftir að bæði FASB og IASB ákváðu að hætta hefðbundinni afskriftaraðferð viðskiptarvildar og taka upp virðisrýrnunarpróf. Í reikningsskilastöðlunum IAS 36, IAS 39, IFRS 7, IFRS 9 og IFRS 13 koma þessi hugtök mikið fyrir og þarf oftar en ekki að nota þessa staðla sameiginlega við gerð og framsetningu reikningsskila. Beiting þessara hugtaka við gerð og framsetningu reikningsskila er vandasamt og er það oftar en ekki huglægt hvaða forsendur eru notaðar til þess að reikna gangvirði eða notkunarvirði. Hér má t.d. nefna áhættulaust vaxtastig, afvöxtunarstuðul, vöxt, skuldahlutfall, á að miða við þriðja aðila og þá hvaða atriði, o.fl. Skoðuð verða reikningsskil nokkurra félaga þar sem þessi hugtök hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Markmiðið er að athuga beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Einar Guðbjartsson

## Íslensk löggjöf um ársreikninga - Þróun, staða og horfur

Fyrst verður gerð grein fyrir hvernig lagaumhverfi ársreikninga hefur þróast hér á landi, allt frá því að innleidd voru árið 1911 lög um verslunarbækur. Fyrstu bókhaldslögin, sem voru mun ítarlegri, leystu þau af hólmi 1938 og voru síðan endurútgefín 1968. Þau fjölluðu samt ekkert sérstaklega um ársreikninga. Um það efni þurfti að leita til hlutafélagalaga. Lög um hlutafélög voru fyrst sett hér 1921, en þegar þau voru leyst af hólmi 1978 með nýjum lögum um hlutafélög var þar að finna sérstakan kafla um form og efni ársreikninga. Þegar fyrst voru sett sérstök lög um ársreikninga, árið 1994, leiddi það til þess að ársreikningsskilafli hlutafélagalaganna varð óþarfur og því felldur brott. Þessi þróun verður rakin skilmerkilega og greint frá helstu álitamálum og ágreiningsefnum sem uppi voru á hverjum tíma. Jafnframt litið til þess hvernig erlend lög höfðu áhrif á þessa þróun. Einnig verður rækilega greint frá þætti alþjóðlegra reikningsskilastaðla í umræddri löggjöf, allt frá því að Alþjóðlega reikningsskilaneftindin hóf útgáfu IAS-staðlanna 1973. Frá 1998 tók Alþjóðlega reikningsskilaráðið við staðlasetningunni og hóf útgáfu IFRS-staðlanna, sem Evrópusambandið samþykkti árið 2002 að innleiða innan sinna végbanda. Notkun þeirra var innleidd í íslenska löggjöf 2005 og hefur það haft mikil og vaxandi áhrif á reikningsskil og ársreikninga íslenskra hlutafélaga. Eftir bankahrunið 2008 hafa verið ýmsar blikur á lofti um ágæti staðlanna og gagnsemi þeirra fyrir íslensk viðskiptalíf. Breytingar hafa verið gerðar og eru í gangi á þeim og einnig á ársreikningalögunum. Fá ef nokkur fyrirtæki hér geta talist stór í IFRS-heiminum. Alþjóðlega reikningsskilaráðið sendi árið 2009 frá sér staðlasett fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (IFRS for SMEs). Það hefur af vissum ástæðum staðið í Evrópusambandinu að samþykka þetta staðlasett, en nokkur aðildarríkin hafa samt mikinn áhuga á að innleiða þá hjá sér. Ég mun gera grein fyrir umræddu staðlasetti og færa rök fyrir því að Ísland ætti að taka þá upp í sína löggjöf í staðinn fyrir ársreikningalögini. Petta verður fyrsta heildstæða samtekt um þetta efni og á því vissulega erindi við fræðasamfélagið og almenning.

Bjarni Frímann Karlsson

## Milliverðlagning

Almennt er talið að um 60% til 70% heimsviðskipta eigi sér stað á milli félaga sem beint eða óbeint lúta stjórn hvors annars. Þetta fyrirkomulag skapar hættu á því að fyrirtækin skipuleggi innbyrðis viðskipti sín þannig að hagnaðurinn myndist í því ríki þar sem skattarnir eru hvað lægstir. Þetta dregur úr velferð og skapar hættu á undanskoti á sköttum. Vegna þessa er nauðsynlegt að ríki búi yfir tækjum sem veiti því rétt á að leiðréttu viðskiptakjör fyrirtækjanna miðað við það sem óháðir aðildar myndu hafa samið um við svipaðar aðstæður. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þessi leiðrétingartæki samkvæmt innlendum og erlendum rétti, skilyrðin fyrir beitingu þeirra og hvaða afleiðingar hækkun eða lækkun vöruverðs getur haft fyrir fyrirtækin sem hlut eiga að máli.

Ásmundur G. Vilhjálmsson

## Dagatalsáhrif á íslenskum hlutabréfamarkaði

Hér er gerð grein fyrir rannsókn á sambandi daga, mánaða, hátíða og ávöxtunar íslenska hlutabréfamarkaðsins frá janúar 1993 til maí 2014. Kannað var samband milli daga vikunnar, mánaða og ávöxtunar og hvort ávöxtun hafi verið óvenjuleg daginn fyrir og eftir lokanir markaða vegna hátíða. Notaðar voru tvær aðferðir við rannsóknina, Kruskal-Wallis próf og línuleg aðhvarfsgreining. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ekki er tölfraðilega marktækt samband á milli daga vikunnar og ávöxtunar, og ekkert marktækt samband er á milli mánaða og ávöxtunar. Marktækt samband er hins vegar á milli ávöxtunar og ákveðinna daga fyrsta viðskiptadag fyrir áramót, fyrsta viðskiptadag eftir áramót og fyrsta viðskiptadag eftir pásku.

Stefán B. Gunnlaugsson

## Selja í maí og hverfa svo?\*

Rannsóknin fjallar um ákveðna tegund svokallaðra dagatalsáhrifa á hlutabréfamarkaði, þ.e. frávik í verðþróun sem tengjast tilteknum dagsetningum. Skoðað er hvort ávöxtun hlutabréfa er almennt minni sex mánuðina, frá maí til október, en hinn helming ársins. Frávikið er vel þekkt sögulega, þótt ekki hafi komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því. Helsta nýmælið í þessari rannsókn er að skoða mjög stóran hóp landa, eða um 62 lönd, auk nokkura heimsvísitalna. Allir helstu markaðir heims eru skoðaðir og er samanlagt markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa í þessum löndum nær 99% af markaðsvirði allra skráðra hlutabréfa. Auk þess er nýmæli að skoða sérstaklega hugsanlegan þátt arðgreiðslna í þessari verðþróun. Skoðuð er verðþróun það sem af er þessari öld. Niðurstöður rannsóknarinnar benda eindregið til þess að mynstrið sé enn að mestu til staðar en þó aðeins breytt frá því sem fram hefur komið í fyrrri rannsóknum. M.a. virðist magra tímabilið ná yfir nóvember nú en ekki ljúka í október og auk þess skila bæði júlí og ágúst að jafnaði þokkalegri ávöxtun. Mynstrið er ekki bundið við einstök lönd, þannig skilar tímabilið frá maí til nóvember lakari ávöxtun en hinn hluti ársins í 52 af löndunum 62.

Gylfi Magnússon

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Áhættufælni meðal Íslendinga

Í ritgerðinni eru notuð gögn úr skoðanakönnun sem gerð var árið 2002 til þess að kortleggja áhættufælni eftir þjóðfélagsþórum. Mælikvarðar á áhættufælni eru notaðir til þess að prófa hvort munur sé á kynjunum, hvort áhættufælni fari eftir aldri, fjölda barna, heilsufari, hjúskaparstöðu eða stöðu á vinnumarkaði. Niðurstöður leiða m.a. í ljós að karlar virðast áhættusæknari að jafnaði en konur og fer áhættusækni þeirra eftir aldri. Þannig eru karlar líklegrir til þess að taka áhættu ef hagnaðarvon er fyrir hendi; þeir eru líklegrir til þess að reyna að hagnast á kostnað annarra; og þeir eru einnig tilbúnari til þess að fórna fjölskyldulífi fyrir starfsframa. Síðast en ekki síst virðast karlar síður vilja skera sig úr hópnum, þeir fylgja fremur hjörðinni. Í kjölfar þessarar könnunar, árin 2003-2008, töku ýmsir Íslendingar mikla áhættu í fjármálum sínum og þeirra stofnana sem þeir veittu forstöðu. Í greininni er kannað hvort niðurstöður úr könnuninni frá 2002 komi heim og saman við það mengi þjóðarinnar sem mesta áhættusækni sýndi á þessum árum.

María Finnsdóttir

Gylfi Zoega

## Klasaframtök og vottun klasastarfs\*

Í þessu ritverki verða íslenskir klasar og klasaframtök (*cluster initiatives*) skoðuð en þar er um að ræða skipulagsheild sem stofnað er til með það fyrir augum að auka vöxt og samkeppnishæfni svæðisbundinna klasa. Tilgangurinn með klasaframtaki getur verið margs konar, m.a. að efla tengsl hagsmunaaðila eins og fyrirtækja, hins opinbera og rannsóknarsamfélagsins. Með klasaframtaki er leitast við að virkja klasa og þau jákvæðu ytri áhrif sem aðilar klasans njóta. Í október 2013 fengu nú íslenskir klasar og klasaframtök tengdum þeim bronsviðurkenningu frá European Cluster Excellence Initiative (ECEI). Áður en þeim var veitt viðurkenningin höfðu þau undirgengist úttekt sem byggir á úttektaratriðum, gæðavísum, sem að ECEI hefur þróað. Vottunarferlið er ákveðinn farvegur sem gerir klasastjórnendum betur kleift að tileinka sér þá getu og færni sem stuðlar að slíkri fyrirmynndarstjórnun klasa. Eftirfarandi spurningar eru hafðar að leiðarljósi í ritverkinu: Hvaða kröfur eru gerðar til þess að klasaframtak öðlist viðurkenningu og hvernig er ferlið að baki því? Hver eru þessi íslensku klasaframtök sem fengu viðurkenningu og á hvaða sviði eru þau? Hver er styrkur íslensku klasaframtakanna og hvað er ábótavant í stjórnun þeirra eða starfsumhverfi?

Runólfur Smári Steinþórsson

Guðjón Örn Sigurðsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Samfélagsábyrgð íslenskra skaðatryggingafélaga

Undanfarin ár hefur krafan um aukna samfélagsábyrgð orðið háværari á alþjóðavísu. Við hrún bankakerfisins haustið 2008 var háværum mótmælum beint að Alþingi, viðskiptalífinu og ráðamönnum í stjórnsýslunni. Almenningur setti fram kröfur um að þeir sem væru ábyrgir fyrir hrúninu skyldu axla sína ábyrgð og svara til saka. Kallað var eftir nýjum gildum, nýjum viðskptaháttum og framtíðarsýn með aukna ábyrgð að leiðarljósi. Aukin krafra kom einnig fram um að árangur samfélagsábyrgðar skyldi mældur á einhvern hátt og birtur hagsmunaaðilum. Markmið rannsóknarinnar er að fjalla um fjögur íslensk skaðatryggingarfélög, það hvernig þau hafa brugðist við kallinu um aukna samfélagsábyrgð, áherslur þeirra og innleiðingu. Heimasíður félaganna voru skoðaðar með tilliti til samfélagsábyrgðar. Skoðað var hvort og þá á hvaða hátt félögin starfa á samfélagslega ábyrgan hátt, hvort þau hafa gengist undir formlegar skuldbindingar og hvernig þau birta hagsmunaaðilum upplýsingar um samfélagsábyrgð sína. Tekin voru viðtöl við aðila innan félaganna sem hafa með samfélagsmál að gera. Spurt var m.a. hvort og þá á hvaða hátt félögin sinntu samfélagsmálum, hver var helsti hvatinn til þess og hverjar helstu áskoranir voru við innleiðingu. Helstu niðurstöður eru að mismikil áhersla er lögð á samfélagslega ábyrgð hjá félögunum fjórum. Tvö félaganna hafa sett sér stefnu um samfélagsábyrgð en hin tvö hafa það á dagskrá sinni. Viðmælendur nefna flestir forvarnir og endurvinnslu þegar spurt var um áherslur í samfélagsmálum, en einnig styrki og stuðning við ýmis samfélagsleg verkefni. Helsta áskorunin við innleiðingu samfélagsábyrgðar í félögunum er tímaskortur og stærð félaganna.

Harpa Dís Jónsdóttir

Snjólfur Ólafsson

Lára Jóhannsdóttir

## Umhverfisleg vandmál: Hlutverk vátryggingafélaga við úrlausn þeirra

Tilgangur greinarinnar er að fjalla hlutverk vátryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála. Umhverfisleg vandamál eru mörg hver þess eðlis að þau eru ekki einkamál stjórnvalda eða fyrirtækja í mengandi starfsemi, heldur þurfa allir að leggja sitt af mörkum ef bæta á ástandið. Í ljósi umhverfislegra vandamála hefur svokölluð umhverfishyggja farið vaxandi á undanförnum áratugum. Vegna stærðar vátryggingageirans og samþættingar við flest alla þætti samfélagssins geta vátryggingafélög verið öflugur liðsmaður þegar kemur að innleiðingu á stefnu stjórnvalda á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Greinin byggir á tilviksrannsókn meðal 16 norrænna vátryggingafélaga á Álandseyjum, Færeysjum, Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og í Svíþjóð, en félögunum var skipt upp í two tilvikshópa, eyjasamfélagshóp og meginlandshóp. Umtalsverður munur á aðgerðum/aðgerðaleysi kom fram í hópnum og því eru flest öll dæmin í greininni frá meginlandshópnum. Meðal þess sem meginlandshópurinn leggur áherslu á út frá umhverfissjónarmiðum eru 1) vörur og þjónusta, 2) tjón og forvarnir, 3) fjárfestingar, 4) eigin starfsemi, 5) eftirfylgni, 6) samskipti við hagsmunuðila og 7) vátryggjendur sem þrýstiafl í samfélaginu.

Lára Jóhannsdóttir  
Brynhildur Davíðsdóttir

## Scrum aðferðafræðin\*

Í hefðbundinni verkefnastjórnun er allt ferli verkefnis skipulagt frá byrjun til enda. Skilgreind eru markmið, umfang, kostnaðar- og tímaætlun, áhættuþættir og lokaniðurstaðan svo dæmi séu tekin. Þegar kemur að því að vinna að verkefnum hjá hugbúnaðarfyrirtækjum er hluti vinnunnar skapandi og því liggur umfang verkefnis og lokaafurð ekki alltaf fyrir í upphafi. Markmiðið er ljóst frá byrjun, en þó þróast verkefni og breytast eftir því sem líður á ferlið að ósk viðskiptavinar. Þess vegna er talið að hefðbundin verkefnastjórnun sé ekki alltaf besta leiðin. Scrum aðferðafræðin byggir á Agile hugmyndafræðinni og er vinsæl í verkefnum sem koma inn á þróun hugbúnaðar, en þar er talað um aðferð þar sem mannlegi þátturinn er talinn mikilvægur og að færni þeirra sem koma að verkefninu skipta höfuðmáli til að ná árangri. Aðferðin krefst samheldni og auknum samskiptum þeirra sem koma að verkefninu. Meginmarkmið þessarar greinar er að kynna niðurstöðu rannsóknar þar sem kannað var hvort Scrum aðferðafræðin geti hjálpað í íslenskum fyrirtækjum til að ná betri tökum í verkefnastjórnun.

Eðvald Möller

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Chinese Investment and Icelandic National Security\***

A debate has been on-going in the western world regarding the costs and benefits of foreign direct investment originating in China. While some policy-makers and members of the public welcome the much-needed infusion of finance and the employment it creates, others perceive it as not only being made with commercial interests in mind, but rather as part of a larger strategy by China aimed at gaining a strategic foothold in the region. The article examines whether the trend of increased foreign direct investment by Chinese business entities in Iceland poses a threat to the national security of the receiving country. Economic factors as well as official policy will be identified as the key drivers behind the recent surge in Chinese outward foreign direct investment. Icelandic public and official reactions to the phenomenon will be discussed and Barry Buzan's definition of security will be applied in order to determine whether and what kind of threats Chinese foreign direct investment poses to the national security of Iceland. The article concludes that the phenomenon of foreign direct investment originating in China does not pose an imminent threat to the military security of Iceland nor its allies. On the contrary, it seems that the strategic threat posed by increased Chinese investments within Iceland is overstated by the media. Chinese foreign direct investment could certainly pose challenges to some aspects of Icelandic security but these do not include hard national security threats.

Sveinn K. Einarsson  
Ingjaldur Hannibalsson  
Alyson Bailes

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í *Skemmunni* ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Beinar erlendar fjárfestingar á Íslandi. Samanburður á stöðu áhrifamarkaða innan OECD og Íslands\*

Með aukinni alþjóðavæðingu á síðastliðnum áratug hefur umfang fjármagnsflutninga þvert á landamæri aukist jafnt og þétt. OECD mætti þeirri þörf sem var til staðar um samhæfða alþjóðlega viðurkennda mælingu sem gerði kleift að meta umfang þeirra fjárfestingarsambanda sem eru og munu verða. Innflæði beinnar erlendar fjárfestingar nær yfir það fjármagn sem kemur inn í landið í formi fjárfestinga frá erlendum aðila, upp á að minnsta kosti 10% af atkvæðisbæru eiginfé í fjárfestingareiningunni. Þessi grein mun skoða innflæði beinnar erlendar fjárfestingar á  $\square$  slandi frá 2005-2012 í samanburði við önnur ríki. Skoðað verður hvernig innflæðið dreifist á starfsgreinar á  $\square$  slandi á sama tímabili. Heildarinnflæði beinna erlendra fjárfestinga til  $\square$  slands jókst stoðugt frá 2005 og náði hámarki 2007 þegar innflæðið var um \$6.850 milljónir bandaríkjadalena en lágpunktinum var náð 2009 með einungis \$63 milljónum bandaríkjadalena. Við síðustu samanburðarhæfu mælingu eða árið 2012 kom í ljós að minna innflæði var árið 2012 en 2011 eftir að hafa aukist frá árinu 2009. Þær starfsgreinar sem einna helst voru að fá fjárfestingu frá 2005-2007 voru samkvæmt flokkun OECD fasteigna-, leigu- og viðskiptastarfsemi og fjármála- og vártryggingarstarfsemi. OECD setti einnig fram mælingu á hömlum sem tók mið af erlendu eignarhaldi, erlendri skimun, erlendri stjórnun og rekstri og hversu mögulegt sé að notast við erlenda lykilstjórnendur. Heildarskor á hömlum  $\square$  slands er talsvert yfir meðaltali OECD ásamt því að vera yfir meðaltali allra mælda þjóða. Þegar hver flokkur starfsgreina er skoðaður eru mestar hömlur á sjávarútvegi eða skor upp á 0,612 en hæsta skor sem hægt er að fá er 1, á meðal meðaltali OECD á sjávarútvegi er um 0,258. Einnig eru gríðarmiklar hömlur á framleiðslu og dreifingu rafmagns eða 0,562 á meðan meðaltali OECD er um 0,12. Eftir að hafa notast við eiginlegra rannsóknaraðferð við lýsandi greiningu á gögnum frá séfræðingum, ráðgjafafyrirtækjum og starfshópi iðnaðarráðuneytisins o.fl. kom í ljós að helstu úrbætur sem koma þarf í gegn í þessari röð er langtímafestna frá stjórnvöldum um hverskyns fjárfestingu  $\square$  slendingar vilja til landsins, mótu námsánum og samkeppnishæfu fjármálaumhverfi og að laða fjárfestingu til landsins.

Jón Atli Hermannsson  
Ingjaldur Hannibalsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Alþjóðamarkaðssetning íslenskra laxveiðiáa; innsýn í reynsluheim veiðileyfasala

Stangveiðar á Íslandi hafa verið stundaðar í árhundruðir og erlendir veiðimenn hafa ferðast til landsins til að veiða lax frá því á átjándu öld. Hópur erlendra veiðimanna sem ferðast milli landa til laxveiða er fremur fámenntur. Helstu markmið þessarar rannsóknar voru að komast að hvaða markaðsaðferðum væri beitt til að fá þennan hóp til landsins og hvernig staðið væri að þeim. Í rannsókninni eru að auki lagðar fram tillögur til að betrumbæta markaðssetninguna sem á sér stað. Að sökum smæðar markaðarins og þess hversu takmörkuð fræðileg efnistök eru á tengdu efni var ákveðið að framkvæma eigindlega rannsókn. Tekin voru sex djúpviðtöl við helstu veiðileyfasala landsins. Viðtölin voru afrituð og greind með tilliti til kenninga um fyrribærarfæði. Helstu niðurstöður rannsóknar sýndu ýmsar brotalamir í kringum markaðssetningu íslenskra laxveiðiáa. Flestir veiðileyfasalar nýta sér beina markaðssetningu, tengslanet og erlenda umboðsmenn til að fá veiðimenn til landsins. Þeir halda góðum tengslum við viðskiptavini og veita framúrskarandi þjónustu. Viðmælendur voru sammála um að markaðssetninguna væri hægt að bæta töluvert og töluðu um að hún væri handahófskennd auk þess sem umhverfið biði ekki upp á mikið svigrúm. Með samhæfðari skilaboðum og bættu samstarfi veiðileyfasala og landeigenda er hægt að styrkja stöðu Íslands sem áfangastaðar laxveiðimanna.

Porgils Helgason

Friðrik Larsen

## **The Logic of Deterrence of Cyber Warfare: Towards Solving the Attribution Puzzle**

Deterrence theory was well developed during the Cold War for deterrence of kinetic attacks. While deterrence of cyber attack is one of the most important issues facing the United States, the application of deterrence theory to the cyber realm is problematic. We recommend efforts in four specific areas to aid the deterrence of major cyber attacks: first, in the area of improving cyber forensics; second, cultivating beneficial norms, including regarding lower evidentiary standards for attributing cyber attacks; third, developing and communicating a clear declaratory policy and credible options for deterrence-in-kind so as to make escalation unavoidable and costly; and, fourth, efforts to make harboring ‘independent’ cyber attackers tantamount to a state launching the attack itself.

Bradley A. Thayer

## **Iceland's External Affairs from the Reformation to the end of the Napoleonic era**

This research examines Iceland's foreign relations from 1550 to 1815. The main aim is to test one of the key considerations of the small states literature, i.e. whether Iceland, as a small entity/country, has had external shelter or stood on its own at different times in history. The project applies to the case of Iceland the assumption of the small states literature and the international relations literature, in general, that small states/entities need economic and political shelter in order to prosper. A further element has been added to the research project, that of a societal shelter, which emphasises the importance of centre-periphery cultural relationships in state-building. The paper argues that there is not necessarily a correlation between political, economic and societal shelter. Iceland received considerable societal and political shelter from Denmark but economic relations came at a high cost in the period under study. However, the King's policies followed towards Iceland can largely be explained by current ideological trends at any given time. By being in constant contact with the European continent through Denmark, Icelandic society was able to be part of the societal, political and economic evolution in Europe and managed to avoid isolation despite its geographical remoteness.

Baldur Þórhallsson  
Tómas Joensen

## „Stórríki sko, ekki smáríki“: Ímynd, framlag og vægi Íslands í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi

Erindið byggir á rannsókn sem varpar ljósi á vægi framlags Íslands til jafnréttismála á alþjóðavettvangi. Einnig er leitast við að leiða fyrir sjónir alþjóðlega ímynd Íslands í málaflokknum. Hlutfallslega sterk staða kvenna í íslensku samfélagi hefur gert það að verkum að málaflokkurinn er vel til þess fallinn að skapa Íslandi ákveðna sérstöðu á alþjóðavettvangi. Rannsóknin leitaðist við að svipta hulunni af þeirri sérstöðu. Fræðilegur grunnur byggir á femínskum kenningum, kenningum um smáríki og útbreiðslu viðmiða. Tekin voru viðtöl við fimm fulltrúa Íslands á alþjóðavettvangi með það að markmiði að leiða í ljós skynjun þeirra á alþjóðlegri stöðu Íslands í jafnréttismálum. Þá var orðræðugreiningu beitt við úrvinnslu viðtalanna. Megintiðurstafaðan er að ímynd Íslands í jafnréttismálum sé afar sterk. Hún er að einhverju leyti samofin ímynd Norðurlandanna og ræðst það af norræni samfélagsgerð og norrænu velferðarkerfi. Famlag Íslands til jafnréttismála á alþjóðavísu er fólgíð í innlendu frumkvöðlastarfi í málaflokknum. Í krafti jákvæðrar ímyndar og reynslu hefur Íslandi tekist að öðlast trúverðuga rödd á alþjóðavettvangi. Fulltrúar þess nýta hana meðal annars til þess að beita sér fyrir valdeflingu kvenna, kynjasamþettingar og mannrétiendum kvenna um allan heim.

Áslaug Karen Jóhannsdóttir  
Silja Bára Ómarsdóttir

## Eigin herrar eða hverra manna? Orðræðugreining á innsetningarræðum kvenkyns þjóðarleiðtoga í Suður-Ameríku

Erindið fjallar um núverandi kvenkyns þjóðarleiðtoga í Suður-Ameríku og er tilraun til að varpa ljósi á fyrirbærið *la presidenta* í stjórnmálalegu samhengi. Til grundvallar liggar tvíþaett rannsókn. Í fyrri hluta hennar er orðræðugreiningu í anda Foucault beitt á innsetningarræður forsetanna í því skyni að kanna hvort þær einkennist fremur af styðjandi eða mengandi kvenleika. Styðjandi kvenleiki styður beint eða óbeint við hefðbundin kynhlutverk á meðan mengandi kvenleiki miðar að því að breyta staðalmyndum og berjast gegn hvers konar mismunun sem rekja má til kyngervis. Niðurstöður eru á þá leið að orðræðan í innsetningarræðunum beri að mörgu leyti vott um styðjandi kvenleika en að þó glitti í mengandi áherslur þar sem þeim verður komið við án þess að ýfa pólitískar fjaðrir. Í seinni hluta rannsóknarinnar er sömu orðræðugreinandi aðferð beitt á umfjallanir um forsetanna í spænsku fjölmíðlunum *El País* og *El Mundo* í aðdraganda og kjölfar kosninga með það að markmiði að kanna hvort birtingarmyndirnar séu kynjaðar. Niðurstöður benda til þess að svo sé en þó ekki endilega á þann hátt sem búast mætti við fyrirfram. Frekar en að smætta forsetana með tilvísunum í útlit eiga pólitískir andstæðingar til að líkja þeim við strengjabrúður forvera í embætti auk þess sem hefð hefur myndast fyrir fornafnanotkun kvenkyns stjórnmálamanna.

Kristín Una Friðjónsdóttir

Silja Bára Ómarsdóttir

## Hrunið og hlutdeild launa í þáttatekjum lands og þjóðar\*

Í kjölfar þess að ensk útgáfa bókar Thomasar Piketty's: Capital in the Twenty-first Century kom út hefur áhugi á þróun tekjuskiptingar aukist mikið. Opinber gögn um skiptingu tekna milli fjármagns og vinnufls eru aðeins tilteik fyrir árin 1973 og áfram. Hagsögufræðingar hafa útbúið raðir sem ná aftur til ársins 1870. Ætlunin er að safna þessum gögnum saman og gera sambærileg bæði innbyrðis og gagnvart gögnum sem Picketty og Zucman birtu í Quarterly Journal of Economics fyrr á þessu ári. Íslenskt þjóðfélag og íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum miklar breytingar á því tímabili sem til skoðunar er. Fjármunir á hvern starfsmann í framleiðslu voru mjög takmarkaðir árið 1870 en aukast hratt um miðbik þess tímabils sem til skoðunar er. Því er fróðlegt að kanna hvaða áhrif sú breyting hefur á þróun tekjuskiptingar milli framleiðslupáttta.

Þórólfur Matthíasson

Örn Ágústsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Stöðu- og flæðistærða samhæft (SFS) þjóðhagslíkan fyrir Ísland

Rannsóknin hefur það að markmiði að meta þjóðhagslíkan fyrir íslenska hagkerfið þar sem fullt samhengi ríkir milli stöðu- og flæðistærða í hagkerfinu (*stock-flow consistent model*). Talnagrunnur líkansins byggir á gögnum Hagstofunnar úr fjármálareikningum auk þess sem hefðbundnir þjóðhagsreikningar eru lagðir til grundvallar. Áhersla verður lögð á að nýta líkanið til að greina áhrif fjármálakreppunnar á þróun fjármálastærða og stofnana á fjármálamarkaði svo sem lífeyrissjóða en auk þess verða áhrif á vinnumarkað greind sérstaklega. Verkefnið er unnið í samvinnu við Háskólanum í Limerick á Írlandi þar sem sambærilegt líkan fyrir Írland er í smíðum. Samanburður á reynslu Íslendinga og Íra af svíptingum á fjármálamarkaði á síðustu árum verður því mikilvægur hluti verkefnisins. Líkön af þessu tagi má líta á sem valkost við hefðbundin DSGE líkön sem byggja á nýklassískri hagfræði og jafnvægisleitni markaða. SFS líkön byggja á forsendum um innbyrðis samhengi hagstærða og fjárhagslegum takmörkunum sem eru til staðar hverju sinni. Fullt bókhaldslegt samhengi milli flæðistærða og bókhaldsstærða gerir það að verkum að hægt er að rekja heildaráhrif af einstökum af einstökum aðgerðum með skipulegum hætti og segja fyrir um líklegar afleiðingar fyrir mismunandi geira í hagkerfinu. Fyrir hagkerfi eins og hið íslenska þar sem efnahagsreikningar hafa vaxið óhóflega eru líkön af þessu tagi sérlega áhugavert tæki til að greina hugsanlegt ójafnvægi áður en í óefni er komið.

Björn Rúnar Guðmundsson

Gylfi Zoëga

## Eiga eða leigja\*

Föst búseta er einn af grundvallarþáttum nútíma samfélags. Eignaréttur á landi er grundvallaratriði í varðveislu landgæða. Í nútíma samfélagi eru gerðar miklar kröfur til húsnæðis þannig að langan tíma tekur að byggja það upp. Í samfélögum sem þroskast hafa frá landnámsstigi hafa því gjarnan þróast markaðir þar sem þegnunum býðst að kaupa tíma. Afnotarétturinn hefur því ákveðið verðgildi. Eignaréttur á landi hefur víða þróast yfir í eignarétt á húsnæði. Þeir sem vilja eiga húsnæði þurfa því að kaupa tíma, þ.e. að fá lán. Verðgildi eignarinnar þróast í tíma og því tekur handhafí eignaréttarins áhættu á verðbreytingum. Eðlilegt er að á fasteignamarkaði verði til hlutverkaskipti, þannig að sumir velji að víkja sér undan því að eiga húsnæði og vilji fremur leigja. Sá sem leigir víkur sér undan þeirri áhættu. Kaup á eign þarf að fjármagna og þeir sem taka lán þurfa því einnig að taka áhættu varðandi vexti og hæfni sína til að standa við láanasamninginn. Í þessari grein eru rakin nokkur atriði sem tengjast áhættu við notkun og fjármögnun á íbúðarhúsnæði. Einnig er sagt frá hefðum sem myndast hafa í nokkrum nágrannalöndum Íslands varðandi eignar- og leigumarkað. Hugtök er tengjast fjármálamörkuðum eru einnig rakin.

Helgi Tómasson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## Hvenær fór miðlæg staðsetning að skipta málí í Reykjavík?

Því virðist nú vera tekið sem sjálfgefnum hlut að verð á eignum í Reykjavík hækki eftir því sem farið er nær miðbænum. Hins vegar er staðreyndin að tiltölulega stutt er síðan miðlæg staðsetning fór að hafa marktæk áhrif á verð fasteigna. Í þessari rannsókn er skoðuð áhrif fjarlægðar frá miðborg Reykjavíkur á íbúðaverð á tímabilinu 1981 til 2013 með aðhvarfsgreiningu á kaupsamninga fyrir hvert einstakt ár. Niðurstöður leiða í ljós að fjarlægð frá miðbæ hafði ekki marktæk áhrif á fasteignaverð á árunum á árunum 1981-1996 en eftir 1997 verða miðbæjaráhrifin marktæk. Þá eru þau raunar nokkuð stöðug allt þar til 2005 að þau aukast verulega en minnka síðan aftur 2008. Þá verður einnig grennslast fyrir um hvaða áhrifaþættir liggja að baki breytingum á verðlinu Reykjavíkur á ofangreindu tímabili með hliðsjón af landrentulíkani David Ricardo og tölfraðilegu mati. Nánar tiltekið hvort skýra megi breytingarnar með þróun vaxta eða ferðakostnaðar innan Reykjavík. Loks er tilraun til þess að spá fyrir um áhrif nýs aðalskipulags Reykjavíkur að verðlinu borgarinnar.

Ásgeir Jónsson  
Kári Auðunn Þorsteinsson

## Fjölmíðlar og lýðræðisleg ábyrgð: Efnisval dagblaðanna á lýðveldistímanum

Fjölræði í fjölmíðlun (*media pluralsim*) er almennt álið ein grunnstoð lýðræðis og lýðræðislegra stjórnarháttá (Council of Europe). Í Lögum um fjölmíðla frá 2011, segir að markmið laganna sé m.a. að „stuðla að ... fjölbreytni og fjölræði í fjölmíðlum“. Hugtakið fjölræði í fjölmíðlun vísar jafnt til ytri fjölbreytni (*external diversity*), þ.e. fjölda og fjölbreytni sjálfstæðra miðla sem notendum stendur til boda, og innri fjölbreytni (*internal diversity*), þ.e. fjölbreytni efnis (*open diversity*) og neytendamiðuð fjölbreytni (*reflective diversity*) (Aslama o.fl., 2007; van Cuilenburg, 2000, 2005). Breski fjölmíðlafræðingurinn Denis McQuail (1992, 2010, 2013) hefur sett fram nokkur grundvallaratriði sem snerta hlutverk ábyrgra fjölmíðla í lýðræðispjóðfélagi. Þar á meðal má nefna fjölbreytni, sem endurspeglast í aðgengi að fjölmíðlum, fjölbreytni efnis, margbreytileika þeirra skoðana sem þeir flytja og skírskotun og efnistilhöfðun til ólíksra notenda. Í erindinu verður efnisframboð íslenskra dagblaða á lýðveldistímanum greint með hliðsjón af breyttri stöðu þeirra frá pólitiskum málögnum til markaðsmiðla. Byggð verður á gögnum sem safnað hefur verið með úrtaksáðferð úr öllum íslenskum dagblöðum á tímabilinu 1947 til 2013.

Þorbjörn Broddason

Ragnar Karlsson

## Ábyrgð, aðhald og aðferðir í íslensku lýðræði 1995-2012

Í kjölfar hruns íslensku bankanna 2008 komst lýðræðið á dagskrá almennrar umræðu á Íslandi. Spurningarnar um það hvað hafði farið úrskeiðis og hver bærí ábyrgð urðu áleitnar. Við rannsóknina á orsökum og aðdraganda á hruni íslensku bankanna kom í ljós að enginn gekkst við ábyrgð. Þetta vekur upp spurningar um skilgreiningar á aðhaldi og ábyrgð í íslensku lýðræði og hvernig aðferðum til að veita ákvörðunum og aðgerðum stjórnavalda aðhald og krefja stjórnvöld um skil á ábyrgð er komið fyrir innan opinberrar stjórnsýslu. Þessi rannsókn er á sviði stjórnsýslufræða. Rannsóknin kortleggur og skilgreinir tegundir ábyrgðar og lýsir nokkum skipulögðum ábyrgðartengslum innan stjórnkerfisins hjá ríkinu. Hún lýsir aðferðum sem beitt er til að veita aðhald og gera kröfu um skil á ábyrgð og gefur mynd af þróun þeirra. Rannsóknin tekur fyrir fjölda stjórnsýslukæra til ráðuneyta/úrskurðarnefnda, fyrirspurnir til ráðherra frá Alþingi, fyrirspurnir til ráðuneyta í krafti upplýsingalaga á tímabilinu 1995-2012 og lýsir starfsskilyrðum og aðferðum einstakra sjálfstæðra eftirlitsstofnana. Leitað verður samanburðar við samskonar nálganir og aðferðir við framkvæmd lýðræðislegrar ábyrgðar á hinum Norðurlöndunum. Dregnar verða fraðilegar ályktanir af niðurstöðunum með það að markmiði að varpa ljósi á það hvað kann að einkenna íslenskt lýðræði?

Sigurbjörg Sigurgeirs dóttir

## **Siðferðileg ábyrgð í kjölfar bankahruns**

Í kjölfar bankahrunsins hefur ítrekað verið kallað eftir aukinni ábyrgð í íslenskum stjórnmálum enda er traust í garð stjórnmálamanna og stjórnmálflokka í sögulegu lágmarki. Á sama tíma hefur verið kallað eftir aukinni þáttöku almennings í ákvarðanatöku með þjóðaratkvæðagreiðslum og beinu lýðræði. Í þessari grein verður farið yfir hvað felist í siðferðilegri ábyrgð og hvers vegna vitund um siðferðilega ábyrgð var veik í aðdraganda bankahrunsins. Síðan verður þeirri spurningu velt upp hvort aukin lýðræðisleg þátttaka almennings sé til þess fallin að auka vitund um siðferðilega ábyrgð innan stjórnkerfisins eða draga úr henni.

Salvör Nordal

## Hvernig má greina ábyrgð á efnahagshruninu?

Hverjir bera ábyrgð á íslenska hrúninu? Voru það bankamennirnir með glæfalegum ákvörðunum? Voru það stjórnálamenn sem sofnuðu á verðinum? Eða ber jafnvel öll þjóðin ábyrgð á því sem gerðist? Eru þetta réttar spurningar? Í erindinu verður gerð tilraun til að greina mismunandi ábyrgð á efnahagshruninu í ljósi kenningar Iris Marion Young um þrenns konar ábyrgð. Young gerir greinarmun á verknaðarbundinni ábyrgð, hlutverkabundinni ábyrgð og kerfisbundinni ábyrgð. Verknaðarbundin ábyrgð varðar refsiverða hegðun fyrir tilteknar athafnir eða athafnaleysi og snýr að sekt eða sakleysi ákveðinna einstaklinga. Hlutverkabundin ábyrgð snýr að því þegar menn bera ábyrgð í krafti þess að þeir gegna ákveðnum stöðum eða félagslegum hlutverkum. Kröfur um að „axla ábyrgð“ byggja þá ekki endilega á því að misgjörðir hafi átt upptök hjá viðkomandi sjálfum eða honum hafi verið kunnugt um það sem gerðist. Þegar um kerfisbundna ábyrgð er að ræða er hvorki spurt um ásetning né hlutverk, heldur um það hvort einstaklingar og hópar stuðli beint eða óbeint að því að viðhalda einhverju kerfi eða ferlum sem hafa ranglæti í för með sér. Ábyrgðin getur verið fólgin í því að eiga hlutdeild í og njóta góðs af starfsemi sem er almennt viðurkennd en stenst ekki síðferðilega skoðun.

Vilhjálmur Árnason

## Icesave og þjóðarábyrgð

Í erindinu verður fjallað um þjóðarábyrgð í Icesave-málinu. Þjóðarábyrgð er sú sameiginlega síðferðilega ábyrgð sem almenningur ber á stefnu og athöfnum lýðræðislega kjörinna stjórnvalda sinna og samfélagsgerð, sem borgarar í lýðræðisríki. Það var hlutverk íslenskra stjórnvalda að gæta almannahagsmuna og þeirra sem lögðu fjármuni inn á Icesave reikningana í aðdraganda hrunsins. Dómur EFTA dómkortslins er ekki dómur um síðferðilega ábyrgð heldur lagalega. Spurt er hvort og þá hver þjóðarábyrgðin í Icesave-málinu er og hvað felist í því að axla þá ábyrgð. Hér verður einkum horft til kenninga Davids Millers og Peters Strawsons. Að axla síðferðilega ábyrgð felst einkum í þrennu. Í fyrsta lagi að gangast við því sem gerst hefur og læra af því, í öðru lagi að leita í einlægni sáttu. Þessi skref snúa þjóðinni sjálfri og uppgjöri hennar við þá samfélagsgerð sem leiddi til hrunsins. Í þriðja lagi felst í síðferðilegri ábyrgð að bæta fyrir mistókin eftir því sem mögulegt og sanngjart er. Það er hins vegar flókið mál að meta þá ábyrgð í krónum og aurum og mikilvægt að hafa í huga að réttlæti byggir á gagnkvæmni, bæði af hálfu geranda og þess sem varð fyrir tjóninu.

Sævar Finnbogason  
Vilhjálmur Árnason

## Að segja nei!

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi í október 2008 hófust fjöldamótæli með það sem meginkröfu að sitjandi ríkisstjórn segði af sér. Í desember 2008 og janúar 2009 urðu stundum líkamleg átök í tengslum við mótmælin auk þess sem matvælum, grjóti og flöskum var kastað í byggingar og lögregluna. Þessir atburðir náðu hámarki 20. og 21. janúar 2009 þegar lögreglan beitti táragasi. Þá varð einnig atburður sem um margt var sérstakur hérlandis og erlendis. Tiltölulega fámennur hópur lögreglumanna var við Stjórnarráðið og varði það fyrir mótmælendum sem grýttu lögregluna. Skyndilega tekur einn mótmælenda sig út úr hópnum og stillir sér upp fyrir framan lögregluna og hvetur mótmælendur til að hætta að grýta. Fleiri fylgdu á eftir og á örskömmum tíma hafði verið myndaður mannlegur skjöldur fyrir framan lögregluna. Aðrir mótmælendur hættu að kasta og hættan leið hjá. Þetta var síðasta kvöld raunverulegra óeirða. Með viðtölum við lögreglumenn og mótmælendur hef ég reynt að greina samskiptin sem þarna áttu sér stað og þá sérstaklega hvað varð þess valdandi að nokkrir mótmælendur stöðvuðu það sem þarna var að gerast. Það sem mestu skipti virðist hafa verið að lögreglan var fáliðuð, að þar var ein kona og að sá sem tók frumkvæðið er mikill andstæðingur ofbeldis og vanur að standa einn og gera það sem hann telur vera rétt án tillits til skoðana annarra.

Ingólfur V. Gíslason

## **Hrun háskólanna, hrún hagfræðinnar, hrún kenninganna**

Margt hrundi 2008. Fjármálakreppan sem skók þá heiminn varð til þess að sérfræðingar á ýmsum sviðum háskólasamfélagsins voru vændir um sinnuleysi, vanþekkingu og jafnvel þjónkun við viðskiptalífið, með skelfilegum afleiðingum. Hagfræðingar voru seldir undir þá sök öðrum fremur og freðið þeirra sögð hafa beðið skipbrot í ólgusjó hins harða heims raunveruleikans. Reyndar var því líka haldið fram að ýmsar kenningar um samfélagsþróun og skylda þætti úr heimi hug- og félagsvínsinda hefðu líka beðið hnekki þegar þær stönguðust á við beinhardar staðreyndir. Í erindinu verður rætt um þessar ávirðingar. Sjónum verður einkum beint að bankahruninu mikla á Íslandi og umræðum sem sköpuðust hér á landi. Þær verða bornar saman við það sem gerðist og gekk annars staðar. Reynt verður að sjá hvað var öðruvísí hér og þá hvers vegna.

Guðni Th. Jóhannesson

## Alistair Darling and the Icelandic Bank Collapse\*

UK Chancellor Alistair Darling played an important role in the 2008 Icelandic bank collapse, refusing to include Icelandic-owned banks in the UK in the immense rescue package for British banks, closing them instead, and imposing an anti-terrorism law on Iceland. His hostility to Iceland is demonstrated in many places in his 2011 book on the international financial crisis. He wrongly asserts that Icelandic bankers donated money to the Conservative Party, and that Icelandic officials travelled around in jumbo jets. He also makes unfounded statements such as that Iceland was becoming insolvent in 2008, that the Icelandic Prime Minister had preferred a Russian loan to participating in an IMF programme and that the Prime Minister had tried to negotiate down payments requested from Iceland to the UK. In the midst of the crisis, Mr. Darling gave an inaccurate account publicly of a conversation with the Icelandic Finance Minister, as a House of Commons committee later concluded. What caused Darling's hostility towards the Icelanders? Possibly two facts: in the UK, the Icelandic banks competed fiercely with traditional banks, thus causing resentment; and Iceland was before the collapse held up as a model by the Scottish nationalists to whom Mr. Darling was, and is, strongly opposed.

Hannes H. Gissurarson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Hratt minnkandi kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum: Þróun bundin við stærri sveitarfélögin og suðvesturhornið?**

Í síðustu sveitarstjórnarkosningunum í maí síðastliðnum var kjörsókn í sögulegu lágmarki eða tæplega 66% yfir landið allt. Í kosningunum á undan, árið 2010 og sem kallaðar hafa verið „Hrunkosningarnar“ varð einnig hrún í kjörsókn og því kom áframhaldandi hrún hennar nú nokkuð á óvart. Ýmsar tilgáтур hafa þegar verið uppi um ástæður þessarar þróunar og hafa þær sem tengjast aldri kjósenda og búsetu þeirra verið einna fyrirferðarmestar. Ef marka má þær er margþétt áhugaleysi unga fólksins á stjórnmálum sem og sinnuleysi gagnvart stjórnmálum og þar með kosningunum ein helsta ástæða minnkandi kjörsóknar. Önnur tilgátan er að í stærri sveitarfélögum og á höfuðborgarsvæðinu hafi þetta hrún kjörsóknar fyrst og fremst átt sér stað. Þannig mætti segja að vaxandi firring kjósendanna sé fyrbrigði sem rekja megi til fjölmennis og borgarlífs. Í erindinu verður gerð tilraun til greiningar á því hvort gögn úr kosningarannsókninni frá sumrinu 2014 staðfesti þetta. Ástæður þverrandi kjörsóknar, eins og þær birtast í svörum við könnuninni frá í summar, verða greindar eftir aldri svarenda og búsetu þeirra.

Ágústa Edda Björnsdóttir  
Grétar Þór Eyþórsson

## **Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum: „Eðlileg“ þróun eða vanraust á stjórnmálum?**

Heildarkjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2014 var í sögulegu lágmarki eða tæplega 66% yfir landið allt. Margir skýringaþættir hafa verið nefndir til sögunnar fyrir svo lágrí kjörsókn, til dæmis að yngri kjósendur hafi síður mætt á kjörstað, að áhugaleysi um kosningarnar sé um að kenna og/eða vantrú og vanrausti kjósenda á íslensk stjórnmál. Í þessu erindi verður kynntar fyrstu niðurstöður úr rannsókn sem var framkvæmd síðastliðið sumar á kosningaþáttöku. Þeirri spurningu verður varpað upp hvort dræm þátttaka skýrist eingöngu af þekktum þáttum svo sem að yngra fólk, þeir sem hafa lítinn áhuga á stjórnmálum, eru í litlum félagslegum tengslum og eru ekki hollir neinum ákveðnum stjórnmálaflokkki taka síður þátt í kosningum; eða hvort fleira komi til eins og til dæmis og vanraust á stjórnmálum og þeim stjórnmálaflokkum sem voru í framboði í sveitarstjórnarkosningunum.

Ólafur Þ. Harðarson  
Eva H. Önnudóttir

## Pólítisk boðmiðlun í héraði og á landsvísu\*

Pólítisk boðmiðlun á Íslandi fylgir að mörgu leyti þeiri þróun sem verið hefur á hinum Norðurlöndunum og kennd hefur verið við markaðsmiðlun hvað varðar aukna fagmennsku (professionalism) bæði í fjölmíðlaumhverfinu og í upplýsingamiðlun flokka og stjórnmálahreyfinga. Frambjóðendakönnun fyrir Alþingiskosningarnar vorið 2013 benda til að þróunin á Íslandi hafi þó að sumu leyti verið sérstök. Kemur það fram í lítilli tiltrú stjórnmálamanna á fagmennsku blaðamanna, óhæði þeirra gagnvart stjórnmálum og áherslu frambjóðenda á mikilvægi þess að hafa eigið málgagn, en allt bendir þetta til þess að á Íslandi hafi þróast eins konar pólítiskt markaðsmiðlunarkerfi – sérstaklega þegar stjórnmál og fjölmíðlar á landsvísu eru skoðuð. Í þessari grein verður sérstaklega skoðaður munurinn á viðhorfum og fjölmíðlanotkun frambjóðenda í Alþingiskosningunum 2013 annars vegar og í sveitarstjórnarkosningunum 2014. Greint verður frá niðurstöðum frambjóðendakönnunar í 10 sveitarfélögum í sveitarstjórnarkosningunum og þær bornar saman við niðurstöður um sambærileg atriði í Alþingiskosningunum og einnig úr sveitarstjórnarkosningunum 2010. Í ljós kemur að talsverður munur er á viðhorfum og fjölmíðlanotkun sveitarstjórnarstjórnámamanna og stjórnmálamanna á landsvísu. Eins kemur fram athyglisverð aukning í tiltrú sveitarstjórnarmanna á nýmiðlum frá því 2010.

Birgir Guðmundsson

---

\* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein í [Skemmanni](http://www.skemman.is) ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)).

## **Sveitarstjórnakosningarnar 2014**

Þann 31. maí síðastliðinn fóru fram sveitarstjórnarkosningar á Íslandi. Erindi þessu er ætlað að gefa yfirlit yfir úrslit kosninganna með tilliti til: Flokka og framboða og auk þess landsvæða (höfuðborg, kragi og landsbyggð). Til samanburðar verða sambærileg gögn frá sveitarstjórnarkosningunum 2006 og 2010. Þá verður kynnt kortlagning á því hvernig meirihlutar voru myndaðir í kjölfar kosninganna, þ.e. hægri, vinstri eða önnur mynstur. Hér verða einnig til samanburðar gögn frá kosningunum 2006 og 2010. Grein þessari er ætlað að marka upphaf að uppbyggingu á samanburðargögnum tengdum sveitarstjórnarkosningum í landinu, en slíkum gögnum hefur ekki verið safnað að neinu marki né heldur skipulega hingað til.

Grétar Þór Eyþórsson

## Á íhaldsjaðrinum í íslenskum stjórnmálum

Í umræðu um íslensk stjórnsmál er því gjarnan haldið fram að íhaldssömustu einstaklingana megi finna jafnt yst á vinstri sem hægri væng stjórnmálanna. Óljóst er þó hvað átt er við með íhaldsseimi í íslensku samhengi. Þetta tengist óleystu álitamáli innan stjórmálasálfræði um „rigidity of the right“ tilgátuna. Það er hvort að þörf einstaklinga fyrir vissu og festu sem rannsóknir hafa ítrekað sýnt að tengist hægri íhaldsseimi (conservatism) megi í raun allt eins finna á vinstri vængnum, sé notað úrtak sem endurspeglar nögu vel hið pólitíkska róf. Í þessari rannsókn verður viðfangsefnið að nota fyrirliggjandi gögn úr spurningakönnunum til að henda reiður á því hvers konar viðhorf geti talist til íhaldsseimi í íslenskum stjórnmálum. Þetta er áhugaverð spurning í ljósi þess að íhaldsseimi í félagslegum málum á borð við viðhorf til fóstureyðinga og samkynhneigðra, hafa lítið vægi í íslenskri stjórnmálaumræðu. Verður því sérstaklega skoðað hvaða viðhorfum (t.d. þjóðernishyggja eða fortíðarþrá) má tengja við þörfina fyrir vissu og festu. Reynt verður að svara því hvort íhaldsseimi geti átt sér sameiginlegar sálfræðilegar rætur en birst með ólíkum hætti á vinstri og hægri, eða hvort í raun sé um sambærilegar birtingarmyndir að ræða þó þær virðist ólíkar á yfirborðinu.

Hulda Þórisdóttir

## Income-based Voting and Polarization over Redistribution under Alternative Electoral Systems

Democracies that have proportional electoral systems spend substantively more on welfare policies than those that have majoritarian systems. Theoretical accounts of this empirical regularity are generally tested using macro-level data, leaving micro-level implications untested. In this paper, I take an alternative approach, leveraging the fact that the theories in question make predictions about the electoral coordination between parties and voters around broad-based redistribution under alternative institutional arrangements. To test the theories, I create a novel measure of income-based voting, which captures the sensitivity of vote choice to changes in income and forms the dependent variable in a second stage regression model. In addition to the main analysis, I leverage the unique structure of seven mixed electoral systems included in the sample and test whether the extent of income-based voting differs across electoral tiers in the same country. Overall, I find robust support for more proportionality leading to more income-based voting.

Agnar F. Helgason

## **Forsetinn og íslenska þingræðisskipulagið**

Í erindinu verður fjallað um breytingar á íslenska þingræðisskipulaginu á allra seinustu árum. Sérstaklega verður sjónum beint að vaxandi hlutverki forseta Íslands í stjórnskipuninni sem mótvægi við alþingi. Þessari þróun verður lýst og ástæður hennar raktar. Einnig verður leitað svara við því hvort að í þessum breytingum felist að Ísland hafi færst úr hópi klassískra þingræðisríkja í hóp ríkja sem búa við blandaða stjórnskipun (forsetaþingræði).

Stefanía Óskarsdóttir

## **Citizen Assemblies in response to crisis of democratic representation: The Case of Iceland**

The Icelandic constitutional reform process instigated in 2010 in wake of the financial crisis was perhaps the most far reaching of such initiatives, where deliberative mini publics have been instigated to enhance diminished democratic legitimacy. Crisis in capitalism can open up imagination to alternative ‘economic imaginaries’. Similarly, constitutional revisions are usually only embarked upon in the aftermath of severe political or economic crisis. This is what can be called a constitutional moment. A constitutional moment emerges when a catastrophe mobilizes societal forces for fundamental change. In the wake of this crisis, Iceland came closer than most countries ever get to a clean slate situation. The constitutional revision process embarked on after The Crash was an integral part of Iceland’s (imagined) recovery from a profound financial crisis. Pressured by the angry public, Parliament hesitantly agreed to call for a special external nationally elected Constitutional Assembly, which delivereded a bill for a completely revised constitution. Initially this was seen as a healing process but gradually this too was being politicized, falling into traditional trenches of Icelandic party politics. In this paper the Icelandic case is applied to study strives for building citizens participation into traditional representative democratic practises and perhaps more importantly some of the tensions felt in such processes.

Eiríkur Bergmann

## Væntingar til lýðræðis: Skýringar og afleiðingar

Við greiningu á lögmæti lýðræðisríkja er mikilvægt að greina hvaða væntingar fólk hefur til lýðræðis og hversu vel þessar væntingar eru uppfylltar. Algengt er að lagt sé mat á lögmæti meðal almennings með því að spryja um pólitískt traust og ánægju með framkvæmd lýðræði; en slíkar mælingar segja ekkert til um það hvaða væntingar fólk hefur til lýðræðis. Í þessarri grein verða notuð gögn úr 6tu umferð *the European Social Survey* frá 2012 til að greina bæði hvað skýrir hversu vel væntingar fólks til lýðræðis eru uppfylltar og hvaða afleiðingar það hefur því ver sem þær eru uppfylltar. Litið verður allt í senn til skýringaþáttu sem eru einkenni einstaklinga (t.d. hugmyndafræðinleg afstaða), einkenni stjórnmálaflokkka (t.d. samhljómur innan stjórnmálaflokkks) og einkenni ríkja (t.d. félagslegt traust).

Eva H. Önnudóttir

Karen Erla Karólínudóttir

## Pólítiskt traust – hvað þýðir það?

Mikill áhugi hefur verið á að skoða og rannsaka traust almennings til pólitískra og opinberra stofnanna um nokkurt skeið. Þessar athuganir tengjast oft, eða eru hluti af, rannsóknnum á stuðningi almennings við lýðræðishugmyndir og ánægju með hvernig þær hugmyndir eru útfærðar í stjórnerfi ríkja, sbr. skrif Pippu Norris og Russell J. Dalton. Einnig hafa fræðimenn leitast við að tengja pólitískt traust við kenningar Robert Putnams um félagsauð, sbr. skrif Bo Rothstein og Claus Offe. Fræðin eru almennt sammála um að greina á milli trausts almennings á einstökum stjórnmálamönnum og stjórnmálflokkum annars vegar og trausts á pólitískum og opinberum stofnunum hins vegar, og hvaða afleiðingar breytingar á trausti á þessum tveimur þáttum hafa á stjórnerfið í heild. En minna hefur verið skoðað á hverju mat (*judgement*) fólks byggist þegar það segist treysta opinberum aðilum. Treystir fólk ákveðinni stofnun af því hún hefur sýnt getu til að skila árangri, eða treystir fólk viðkomandi stofnun af því að hún hefur sýnt að ferlið við ákvörðunartöku og afgreiðslu mála einkennist af gegnsái og óhlutdraegni? Eða hefur félagsauður, viðhorfið að treysta almennt öðru fólk, áhrif á hvort einstaklingur treystir opinberum aðilum, og hefur slíkt félagslegt traust sömu áhrif á traust á öllum tegundum opinberra stofnanna? Rannsóknin leitast við að greina hvað liggur að baki mati fólks þegar það metur traust sitt á opinberum stofnun, sbr. þrískiptinguna hér að ofan. Mikið hefur verið rætt um hvernig traust almennings á opinberum aðilum á Íslandi hrundi við efnahagshrunið árið 2008. Hættu Íslendingar að treysta opinberum stofnun heilt yfir eða bara ákveðnum stofnun við hrunið? Byggist mat þeirra á upplifun um getuleysi viðkomandi aðila til að takast á við vandamálin og ná árangri, eða þáttum sem tengjast ferlinu við ákvörðunartöku og afgreiðslu mála? Hefur félagsauður áhrif á traust Íslendinga á opinberum aðilum? Um er að ræða forniðurstöður rannsóknarinnar sem byggir á gögnum *European Value Study* frá 1981 til 2010, og *European Social Survey* 2004 og 2012, auk gagna úr íslenskri sveitarstjórnarkönnun frá 2009.

Sjöfn Vilhelmsdóttir

## **Historical legacies: water in post-apartheid Namibia**

Incidentally, Namibia gained its independence at the very beginning of the decade dedicated to water by the United Nations. A PhD study indicates that historical heritage of the apartheid era has had profound effects on the successes of community based management in the rural water sector, in which locals are required to undertake considerable responsibilities. Despite the systematic suppression of ethnic groups during apartheid, the South African central government effectively ran some water programs, which in turn has raised water recipient's expectations. As a result, water is frequently regarded as a "free" commodity, both in line with a naturalistic approach to water in the African context, as well as a human right approach. Conversely, poor standards of sanitation services during apartheid, shape expectations for post-apartheid government services. Further, some respondents claim that corrective measures for racial inequalities of the past are reflected in government recruitment, discriminating against certain ethnic groups and driving qualified whites out of public offices. This corresponds to a degree with notions of South African reversed apartheid. To summarize, a number of factors suggest that Namibia's apartheid legacy clearly sets its mark on the present-day resource management and organizational culture within rural water supply and sanitation.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

## Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eftir árið 2015 í Senegal og á alþjóðavísu

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa undanfarin einn og hálfan áratug rammað inn alþjóðlega vinnu við baráttuna gegn fátækt. Markmiðin taka enda í lok árs 2015 og á sér nú stað alþjóðlegt samráðsferli til að greina hvað ætti að taka við af markmiðunum. Innan þessa samráðsferlis koma saman ólíkir hópar fólks, fræðimenn, sérfræðingar og almennir borgarar og deila sinni skoðun á hvernig heim þau vilja eftir árið 2015. Markmiðið með þessu erindi er að skoða samráðsferlið um hvað taka eigi við af markmiðunum eftir árið 2015. Að skoða ferlið og greina ólíkar niðurstöður ólíkra ferla sem eiga að leiða til nýs samkomulags eftir árið 2015, bæði á alþjóðavísu og í Senegal. Erindið er byggt á rannsókn sem var framkvæmd á vettvangi í Senegal og New York 2011-2013, þar af fjögurra mánaða þátttökumánuðum hjá UNDP í Senegal á meðan samráðsferlið fór fram þar í landi. Rannsóknin sýnir að þrátt fyrir ruglingslegt og flókið samráðsferli er helsta áherslan enn á upphaflegu markmiðin átta með nokkrum úrbótum. Hún sýnir að æskilegur áfangastaður hefur þegar verið skilgreindur, en að leiðin þangað sé enn óskýr. Hún sýnir einnig frekar ólik viðhorf hjá starfsfólk sem vinnur að markmiðunum í Senegal annars vegar og New York hins vegar um hvernig nýtt samkomulag eftir 2015 ætti að líta út.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

## Höfundalisti

- Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Agnar F. Helgason, doktorsnemi við The Ohio State University  
Alexander Hartmann, doktorsnemi við University of Kassel  
Alma Ýr Ingólfssdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum  
AlmaDís Kristinsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Andrea G. Dofradóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands  
Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólan á Akureyri  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Anna María Karlsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands  
Anna Soffía Víkingsdóttir, MA-nemi við Háskóla Íslands  
Anni G. Haugen, lektor við Háskóla Íslands  
Arndís Bergsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Ágústa Pálsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Árelia Eydís Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Árni Guðmundsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Ársæll Arnarsson, prófessor við Háskólan á Akureyri  
Ása Guðný Ásgeirsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Ásdís Arnalds, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Ásdís Emilsdóttir Petersen, sjálfstætt starfandi  
Ásgeir Brynjar Torfason, aðjúnkt við Háskóla Íslands  
Ásgeir Jónsson, dósent við Háskóla Íslands  
Áskell Heiðar Ásgeirsson, MA/MS-nemi við Háskólan á Hólum  
Áslaug Karen Jóhannsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands  
Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Baldur Sigurðsson, dósent við Háskóla Íslands  
Baldur Þórhallsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri  
Birgir Hrafnkelsson, dósent við Háskóla Íslands  
Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Bjarni Frímann Karlsson, lektor við Háskóla Íslands  
Björk Guðjónsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Björn Rúnar Guðmundsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Björn Þorláksson, fræðimaður  
Bradley Thayer, lektor við Háskóla Íslands  
Bryndís Arndal Woods, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri  
Brynja Halldórsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Ciara Brennan, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Cristi Frent, sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála  
Cynthia Lisa Jeans, lektor við Háskóla Íslands  
Daði Már Kristófersson, prófessor við Háskóla Íslands  
Davíð Bjarnason, fræðimaður  
Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri  
Eðvald Möller, aðjúkt við Háskóla Íslands  
Egill Sigurðsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands  
Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst  
Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent við Háskólann á Aukureyri  
Erla Dögg Kristjánsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Erla Hlín Hjálmarsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Erla S Kristjánsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Eva H. Önnudóttir, doktorsnemi við Háskólann í Mannheim  
Eygló Björnsdóttir, dósent við Háskólann á Aukureyri  
Eyrún María Rúnarsdóttir, aðjúknt við Háskóla Íslands  
Finnborg Salome Steinþórsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Finnur Friðriksson, dósent við Háskólann á Aukureyri  
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Friðrik Larsen, lektor við Háskóla Íslands  
Friðrik Þór Guðmundsson, fræðimaður  
Georgette Leah Burns, lektor við Háskólann á Hólum  
Gísli Pálsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri  
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísendastofnunar Háskóla Íslands  
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Guðjón Ragnar Jónasson, fræðimaður  
Guðjón Örn Sigurðsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Guðmundur B. Kristmundsson, dósent við Háskóla Íslands  
Guðmundur Engilsbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri  
Guðmundur Sæmundsson, Aðjúknt við Háskóla Íslands  
Guðni Th. Jóhannesson, lektor við Háskóla Íslands  
Guðný Björk Eydal, prófessor við Háskóla Íslands  
Guðný Gústafsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Guðrún Geirdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Guðrún Helgadóttir, prófessor við Háskólann á Hólum

Guðrún Pálmadóttir, dósent við Háskólann á Akureyri  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við Háskólann á Hólum  
Gunnar Þór Jóhannesson, lektor við Háskóla Íslands  
Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands  
Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands  
Gylfi Zoëga , prófessor við Háskóla Íslands  
Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Halldór S. Guðmundsson, lektor við Háskóla Íslands  
Halldóra Haraldsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri  
Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Mirra  
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Hannes H. Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands  
Harald Schaller, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Harpa Dís Jónsdóttir, aðjúnt við Háskóla Íslands  
Haukur Logi Karlsson, doktorsnemi við European University Institute  
Heiða María Sigurðardóttir, Nýdoktor við Háskóla Íslands  
Helga Ólafs, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Helga Ögmundardóttir, prófessor við Háskóla Íslands.  
Helgi Áss Grétarsson, dósent við Háskóla Íslands  
Helgi Guðmundsson, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands  
Helgi Gunnlaugsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við Háskóla Íslands  
Helgi Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands  
Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Hervör Alma Árnadóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Hildur Friðriksdóttir, MA/MS-nemi við Háskólann á Akureyri  
Hilmar Jón Stefánsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Hjördís Sigursteinsdóttir, doktorsnemi við Háskólann á Akureyri  
Hlín Jóhannesdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvínsindastofnun Háskóla Íslands  
Hulda Þórisdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Iðunn Ása Óladóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Inga Jónsdóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Ingela Lundgren, prófessor við Háskólann í Gautaborg  
Ingibjörg Birna Ólafsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Hólum  
Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Ingólfur V. Gíslason, lektor við Háskóla Íslands  
J. Snæfríður Einarsdóttir, verkefnisstjóri við Háskólann á Akureyri  
Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúnt við Háskóla Íslands  
James Rice, lektor við Háskóla Íslands  
Johannes Welling, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Jóhanna Rósa Arnardóttir, fræðimaður  
Jóhannes Dagsson, aðjúnt við Listaháskóla Íslands  
Jón Atli Hermannsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Háskóla Íslands  
Jón Ingvar Kjaran, nýdoktor við Háskóla Íslands  
Jóna G. Ingólfssdóttir, aðjúnt við Háskóla Íslands

Jóna Valborg Árnadóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Jónas Orri Jónasson, sérfræðingur

Jónína Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

Karen Erla Karólínudóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Karen Möller Sívertsen, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Karl Axelsson, dósent við Háskóla Íslands

Karl Friðriksson, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Katrín Anna Lund, dósent við Háskóla Íslands

Katrín Dröfn Guðmundsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kári Auðun Þorsteinsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólan á Akureyri

Kristín Amalía Atladóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Kristín Björnsdóttir, lektor við Háskóla Íslands

Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólan á Akureyri

Kristín Helga Birgisdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Kristín Lilliendahl, aðjúknt við Háskóla Íslands

Kristín Loftsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

Kristín Stella L'orange, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kristín Una Friðjónsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kristín Þóra Möller, MA/MS-nemi við Háskólan á Akureyri

Kristjana Fenger, lektor við Háskólan á Akureyri

Kristjana Sigríður Skúladóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kristján Páll Kolka Leifsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Kristján Þór Sigurðsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Laufey Haraldsdóttir, lektor við Háskólan á Hólum

Lára Jóhannsdóttir, nýdoktor við Háskóla Íslands

Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Verkefnisstjóri hjá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Húsavík

Linda Björk Ólafsdóttir, MA/MS-nemi við Háskólann á Akureyri

Magnfriður Júlíusdóttir, lektor við Háskóla Íslands

Marco Solimene, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Margrét Brynjólfssdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Marina Candi, dósent við Háskólann í Reykjavík

María Finnsdóttir , doktorsnemi við Háskóla Íslands

María Steingrímsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri

Maríanna Guðbergsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Markus Meckl, prófessor við Háskólann á Akureyri

Marta Guðrún Jóhannesdóttir, MA/MS nemi

Marta Kristín Hreiðarsdóttir, sérfræðingur

Már Einarsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands

Meyvant Þórólfsson, lektor við Háskóla Íslands

Michael Leonard, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Njörður Sigurjónsson, dósent við Háskólann á Bifröst

Ólafur Rastrick, aðjúnkt við Háskóla Íslands

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands

Páll Björnsson, prófessor við Háskólann á Akureyri

Pétur Pétursson, prófessor við Háskóla Íslands

Ragnar Karlsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands

Rakel Vilhjálmsdóttir, MA/MS-nemi við Háskólann á Akureyri

Ralf Wagner, prófessor við University of Kassel

Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Háskóla Íslands

Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent við Háskóla Íslands

Salvör Nordal, sérfræðingur hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands  
Sara Stefánsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri  
Selma Björk Hauksdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sigfriður Inga Karlssdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri  
Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við Háskólann á Aukureyri  
Sigríður Hjálmarsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Akureyri  
Sigríður Matthíasdóttir, fræðimaður  
Sigrún Alda Magnúsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sigrún Harðardóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Sigrún Yrja Klöruðdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sigurbjörg Sigurgeirs dóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson, dósent við Háskóla Íslands  
Sigurlaug Dagsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, verkefnissjóri  
Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúpnt við Háskóla Íslands  
Sjöfn Vilhelmsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Snjólfur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Snorri Örn Árnason, sérfræðingur  
Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Háskóla Íslands  
Sólrún Óladóttir, lektor við Háskólann á Akureyri  
Sólveig Ása Árnadóttir, dósent við Háskóla Íslands  
Stefanía Júlíusdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Stefán B.Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri

Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Háskóla Íslands  
Sunna K. Símonardóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Svala Guðmundsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Sveinn Guðmundsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Sveinn K. Einarsson, sérfræðingur  
Sæbjörg Freyja Gísladóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sæunn Sæmundsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sævar Finnbogason, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Sævar Helgason, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Terry Gunnell, prófessor við Háskóla Íslands  
Thamar M. Heijstra, nýdoktor við Háskóla Íslands  
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Tómas Joensen, fræðimaður við Háskóla Íslands  
Trausti Dagsson, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Valdimar Tr. Hafstein, dósent við Háskóla Íslands  
Valgerður S. Kristjánsdóttir, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Vanda Sigurgeirsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Viðar Halldórsson, lektor við Háskóla Íslands  
Vilborg jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Vilhjálmur Árnason, prófessor við Háskóla Íslands  
Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Akureyri  
Þjóðbjörg Guðjónsdóttir, lektor við Háskóla Íslands  
Þorbjörn Broddason, prófessor við Háskóla Íslands  
Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands  
Þorgils Helgason, MA/MS-nemi við Háskóla Íslands  
Þorlákur Axel Jónsson, doktorsnemi við Háskólann á Akureyri

Þóra H Christiansen, aðjúnkt við Háskóla Íslands  
Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Þórdís T Þórarinsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Þórður S. Óskarsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands  
Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Háskóla Íslands  
Þórhildur Ólafsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskóla Íslands  
Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands  
Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Háskóla Íslands  
Pröstur O. Sigurjónsson, dósent við Háskólann í Reykjavík  
Örn D. Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands